

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1132****2019/EES/58/26****frá 14. júní 2017****um tiltekna þætti félagaréttar****(kerfisbinding) (\*)**

I. BÁLKUR	ALMENN ÁKVÆÐI OG STOFNUN OG STARFSEMI FÉLAGA MEÐ TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ .....	253
I. kafli	Viðfangsefni .....	253
II. kafli	Stofnun og ógilding félagsins og gildi skuldbindinga þess .....	254
1. þáttur	Stofnun hlutafélagsins .....	254
2. þáttur	Ógilding félags með takmarkaðri ábyrgð og gildi skuldbindinga þess .....	255
III. kafli	Upplýsingagjöf og samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa .....	257
1. þáttur	Almenn ákvæði .....	257
2. þáttur	Reglur um upplýsingagjöf sem eiga við um útibú félaga frá öðrum aðildarríkjum .....	264
3. þáttur	Reglur um upplýsingagjöf sem eiga við um útibú félaga frá þriðju löndum .....	266
4. þáttur	Fyrirkomulag við beitingu og framkvæmd .....	267
IV. kafli	Viðhald eigin fjár og breytingar á því .....	268
1. þáttur	Eiginfjárkröfur .....	268
2. þáttur	Verndarráðstafanir að því er varðar lögbundið eigið fé .....	269
3. þáttur	Reglur um úthlutun .....	272
4. þáttur	Reglur um kaup félaga á eigin hlutabréfum .....	273
5. þáttur	Reglur um hækkun og lækkun hlutafjár .....	278
6. þáttur	Fyrirkomulag við beitingu og framkvæmd .....	283
II. BÁLKUR	SAMRUNI OG SKIPTING FÉLAGA MEÐ TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ .....	284
I. kafli	Samruni hlutafélaga .....	284
1. þáttur	Almenn ákvæði um samruna .....	284
2. þáttur	Samruni með yfirtöku .....	285
3. þáttur	Samruni með stofnun nýs félags .....	291
4. þáttur	Yfirtaka eins félags á öðru félagi þar sem fyrra félagið á a.m.k. 90% af eigin hlutabréfum .....	291
5. þáttur	Aðrar aðgerðir sem farið er með sem samruna .....	293
II. kafli	Samruni félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri .....	293
III. kafli	Skipting hlutafélaga .....	301
1. þáttur	Almenn ákvæði .....	301
2. þáttur	Skipting með yfirtöku .....	301

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórn. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

3. þáttur	Skipting með stofnun nýrra félaga .....	308
4. þáttur	Skipting undir eftirliti dómsyfirvalds .....	309
5. þáttur	Aðrar aðgerðir sem jafna má til skiptingar .....	309
6. þáttur	Fyrirkomulag beitingar .....	310
III. BÁLKUR	LOKAÁKVÆÐI .....	310

#### EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. og g-lið 2. mgr. 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipunum ráðsins 82/891/EBE <sup>(3)</sup> og 89/666/EBE <sup>(4)</sup> og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB <sup>(5)</sup>, 2009/101/EB <sup>(6)</sup>, 2011/35/ESB <sup>(7)</sup> og 2012/30/ESB <sup>(8)</sup> hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum <sup>(9)</sup>. Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að kerfisbinda þessar tilskipanir.
- 2) Samræmingin, sem kveðið er á um í g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans og í hinni almennu áætlun um afnám hafta á staðfesturétti, sem hafin var með fyrstu tilskipun ráðsins 68/151/EBE <sup>(10)</sup>, er sérstaklega mikilvæg í tengslum við hlutafélög vegna þess að starfsemi þeirra er ráðandi í efnahagslífi aðildarríkjanna og nær oft út yfir landamæri þeirra.
- 3) Til að tryggja sömu lágmarksvernd fyrir hluthafa í hlutafélögum og lánveitendur þeirra er samræming ákvæða í landslögum um stofnun slíkra félaga og viðhald, hækkun og lækun eigin fjár þeirra einkar mikilvæg.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 82.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 5. apríl 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 29. maí 2017.

<sup>(3)</sup> Sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE frá 17. desember 1982, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um skiptingu almenningshlutafélaga (Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 47).

<sup>(4)</sup> Ellefta tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til (Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB frá 5. apríl 2011 um samruna hlutafélaga (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB frá 25. október 2012 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).

<sup>(9)</sup> Sjá A-hluta III. viðauka.

<sup>(10)</sup> Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtið. EB L 65, 14.3.1968, bls. 8).

- 4) Í Sambandinu verða stofnsamþykktir eða stofnsamningur hlutafélags að gera sérhverjum viðkomandi aðila kleift að kynna sér einstaka grundvallarþætti félagsins, þ.m.t. nákvæma samsetningu hlutafjár þess.
- 5) Tryggja ætti vernd þriðju aðila með ákvæðum sem takmarka, að því marki sem unnt er, ástæður fyrir því að skuldbindingar, sem gengist er undir í nafni félaga sem eru takmörkuð af hlutum eða bera að öðru leyti takmarkaða ábyrgð, gilda ekki.
- 6) Nauðsynlegt er, til þess að tryggja réttaröryggi að því er varðar tengsl milli félaga og þriðju aðila, og einnig milli félagsaðila, að takmarka tilvik þar sem ógilding getur komið upp og afturvirk áhrif yfirlýsingar um ógildinguna og ákveða skamman frest fyrir þriðju aðila til þess að andmæla slíkri yfirlýsingu.
- 7) Samræming landsákvæða um upplýsingagjöf, gildi skuldbindinga sem gengist er undir og ógildinguna félaga, sem eru takmörkuð af hlutum eða bera að öðru leyti takmarkaða ábyrgð, er sérlega mikilvæg, einkum í þeim tilgangi að vernda hagsmuni þriðju aðila.
- 8) Veita ætti upplýsingar um grundvallarskjöl félags svo að þriðju aðilar geti staðfest efni þeirra og aðrar upplýsingar varðandi félagið, einkum upplýsingar um þá aðila sem hafa heimild til að taka bindandi ákvarðanir fyrir félagið.
- 9) Með fyrirvara um efnislegar kröfur og formsatriði, sem aðildarríkin hafa komið á með landslögum, ættu félög að geta valið hvort þau senda skyldubundin skjöl og upplýsingar á pappír eða með rafrænum hætti.
- 10) Viðkomandi aðilar ættu að geta fengið afrit af slíkum skjölum og upplýsingum úr skránni á pappír, svo og með rafrænum hætti.
- 11) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að ákveða að hafa lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til birtingar á skyldubundnum skjölum og upplýsingum, á pappír eða í rafrænu formi eða að sjá um birtingu með jafnskilvirkum hætti.
- 12) Auðvelda ætti aðgang yfir landamæri að upplýsingum um félög með því að leyfa, til viðbótar birtingarskyldu á einu þeirra tungumála sem leyfð eru í aðildarríki félagsins, valfrjálsa skráningu skjala og upplýsinga, sem krafist er, á öðrum tungumálum. Þriðju aðilar, sem starfa í góðri trú, ættu að geta reitt sig á þýðingar þeirra.
- 13) Þess ber að geta að yfirlýsingin um skyldubundnar upplýsingar, sem um getur í þessari tilskipun, ætti að koma fram í öllum bréfum og pantanaeyðublöðum félagsins, hvort sem þau eru á pappír eða öðrum miðli. Í ljósi tækniþróunar er einnig rétt að þessari yfirlýsingu um skyldubundnar upplýsingar verði komið fyrir á vefsetri félagsins.
- 14) Félög hafa nú m.a. möguleika á að stofna útibú, líkt og dótturfélag, í krafti staðfesturéttar síns í öðru aðildarríki.
- 15) Skortur er á samræmi hjá útibúum, einkum varðandi upplýsingagjöf, og veldur það nokkru ósamræmi, með tilliti til verndar hluthafa og þriðju aðila, milli þeirra félaga sem starfa í öðrum aðildarríkjum með því að stofna útibú og hinna sem starfa þar með því að setja á stofn dótturfélag.
- 16) Til að tryggja vernd til handa þeim sem eiga viðskipti við félög fyrir milligöngu útibúa er krafist ráðstafana um upplýsingagjöf í því aðildarríki þar sem útibú er staðsett. Að vissu leyti geta efnahagsleg og félagsleg áhrif útibús verið sambærileg áhrifum dótturfélags og er það því í þágu almennings að upplýsingar verði birtar um félagið í útibúinu. Til að koma slíkri upplýsingagjöf í framkvæmd er nauðsynlegt að beita því verklagi sem þegar hefur verið sett um félög með hlutafé innan Sambandsins.
- 17) Slík upplýsingagjöf tekur til margvíslegra mikilvægra skjala og upplýsinga og breytinga á þeim.
- 18) Slíka upplýsingagjöf má takmarka við upplýsingar um sjálft útibúið ásamt tilvísun í skrá yfir félagið sem útibúið er hluti af, að undanskildum upplýsingum um heimild til fyrirsvars, heiti og lagalegt form sem og slitameðferð félags og málsmeðferð vegna ógjaldfærni sem það gengst undir, þar eð samkvæmt núgildandi reglum Sambandsins eru allar upplýsingar um félagið sem slíkt að fá í þessari skrá.

- 19) Ekki er lengur réttlæt看legt að ákvæði landslaga um upplýsingagjöf um bókhaldsgögn útibúa gildi eftir samræmingu landslaga sem taka til gerðar, endurskoðunar og birtingar bókhaldsgagna félaga. Af þessum sökum er nægilegt að birta í skránni um útibúið bókhaldsgögn eins og þau eru endurskoðuð og birt af félaginu.
- 20) Á bréfum og pantanaeyðublöðum, sem útibúið notar, ættu a.m.k. að koma fram sömu upplýsingar og koma fram á bréfum og pantanaeyðublöðum félagsins og tekið fram í hvaða skrá útibúið er fært.
- 21) Til að tryggja að markmið þessarar tilskipunar náist að fullu og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun á grundvelli upprunaland félagsins ætti þessi tilskipun einnig að ná til útibúa sem eru stofnuð af félögum sem lúta lögum þriðju landa og eru með sambærilegt rekstrarform og félög sem tilskipun tekur til. Að því er slík útibú varðar er nauðsynlegt að beita sértækum ákvæðum sem eru frábrugðin þeim sem gilda um útibú félaga sem lúta lögum annarra aðildarríkja þar eð þessi tilskipun á ekki við um félög frá þriðju löndum.
- 22) Þessi tilskipun hefur engin áhrif á kröfur um upplýsingagjöf sem eru gerðar til útibúa samkvæmt ákvæðum í t.d. vinnulöggjöf um rétt launþega til upplýsinga og ákvæðum skattalaga, eða í tölfraeðilegum tilgangi.
- 23) Samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa er nauðsynleg ráðstöfun til að skapa viðskiptavænna laga- og skattaumhverfi. Hún ætti einnig að stuðla að eflingu samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með því að draga úr stjórnsýslubyrði og auka réttarvissu og þar með stuðla að lokum alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppunnar sem er eitt forgangsverkefna áætlunarinnar Evrópa 2020. Hún ætti einnig að bæta samskipti yfir landamæri milli skráa með því að nota nýjungar í upplýsinga- og fjarskiptatækni.
- 24) Í áætluninni til margra ára fyrir 2009-2013 um evrópska rafræna réttarkerfið <sup>(1)</sup> er kveðið á um þróun vefgáttar um evrópskt réttarkerfi og dómsmál („vefgáttin“) sem eina evrópska rafræna aðgangsstaðinn fyrir lagalegar upplýsingar, dómsmála- og stjórnsýslustofnanir, skrár, gagnasöfn og aðra þjónustu og þar er samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa talin mikilvæg.
- 25) Einungis er hægt að bæta aðgengi að viðskiptaupplýsingum yfir landamæri um félög og útibú þeirra, sem stofnuð hafa verið í öðrum aðildarríkjum, ef öll aðildarríki taka þátt í að heimila rafræn samskipti milli skráa og senda upplýsingar til einstakra notenda á staðlaðan hátt með sama innihaldi og rekstrarsamhæfðri tækni í gervöllu Sambandinu. Rekstrarsamhæfi skráa ætti að vera tryggt í skráum aðildarríkjanna („innlendar skrár“) með þjónustu sem myndar tengingu við miðlæga evrópska vettvanginn („vettvangurinn“). Vettvangurinn ætti að vera miðlæg heild upplýsingatæknibúnaðar sem samþættir þjónustu og myndar sameiginlega tengingu. Allar innlendar skrár ættu að nota þessa tengingu. Með vettvangnum ætti einnig að veita þjónustu sem felst í tengingu við vefgáttina sem þjónar sem evrópski rafræni aðgangsstaðurinn og við valkvæðu aðgangsstaðina sem aðildarríkin koma á fót. Einungis ætti að líta á vettvanginn sem tæki fyrir samtengingu skráa en ekki sem aðskilda einingu sem hefur réttarstöðu lögaðila. Á grundvelli sérstakra kennimerkja ætti að vera hægt að miðla um vettvanginn upplýsingum frá sérhverri skrá aðildarríkjanna til þar til bærra skráa annarra aðildarríkja á stöðluðu skilaboðasniði (rafrænu formi skilaboða sem skipst er á milli upplýsingatæknikerfa, t.d. xml-sniði) og á viðeigandi tungumáli.
- 26) Þessi tilskipun miðar ekki að því að koma á fót miðlægum gagnagrunni skráa sem geymir efnislegar upplýsingar um félög. Þegar kerfið, sem tengir saman aðal-, fyrirtækja- og félagaskrár („samtengingarkerfi skráa“), kemur til framkvæmda ætti einungis að skilgreina það gagnasafn sem er nauðsynlegt vegna réttrar virkni vettvangsins. Umfang þessara gagna ætti einkum að ná yfir rekstrargögn, orðabækur og orðalista. Umfangið ætti að ákvarða með tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja skilvirkan rekstur samtengingarkerfis skráa. Nota ætti þessi gögn til þess að gera vettvangnum kleift að sinna verkefnum sínu en aldrei ætti að opna fyrir almennan aðgang að þeim með beinum hætti. Þar að auki ætti vettvangurinn hvorki að breyta innihaldi gagna um félög, sem geymd eru í innlendum skráum, né heldur þeim upplýsingum um félög sem send eru í gegnum samtengingarkerfi skráa.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB C 75, 31.3.2009, bls. 1.

- 27) Þar eð markmið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB <sup>(1)</sup> var ekki að samræma landsbundin kerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa leggur tilskipunin engar skyldur á herðar aðildarríkjum um að breyta innri skráakerfum sínum, einkum að því er varðar umsjón og geymslu gagna, gjöld og notkun og birtingu upplýsinga í landsbundnum tilgangi.
- 28) Meðhöndla ætti í vefgáttinni, með því að nota vettvanginn, fyrirspurnir sem einstakir notendur leggja fram varðandi upplýsingar um félög og útibú þeirra sem eru stofnuð í öðrum aðildarríkjum og geymdar eru í innlendu skránum. Með þessu ætti að vera hægt að setja leitarniðurstöðurnar fram í vefgáttinni, m.a. útskýringar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, þar sem upplýsingarnar eru taldar upp. Enn fremur ættu grunnupplýsingar um lagalegt gildi skjala og upplýsinga, sem birt eru samkvæmt lögum aðildarríkja og samþykktar eru í samræmi við þessa tilskipun, að vera aðgengilegar í vefgáttinni til að bæta vernd þriðju aðila í öðrum aðildarríkjum.
- 29) Aðildarríki ættu að geta komið á einni eða fleiri valkvæðum aðgangsstöðum sem gætu haft áhrif á notkun og rekstur vettvangsins. Því ætti að tilkynna framkvæmdastjórninni um stofnun þeirra og hvers kyns mikilvægar breytingar á rekstri þeirra, einkum lokun þeirra. Slík tilkynning ætti ekki á nokkurn hátt að takmarka valdheimildir aðildarríkja til að stofna og reka valkvæða aðgangsstaði.
- 30) Félög og útibú þeirra, sem eru stofnuð í öðrum aðildarríkjum, ættu að hafa sérstakt kennimerki sem auðkennir þau á ótvíræðan hátt innan Sambandsins. Kennimerkið er ætlað til notkunar í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi skráa. Því ætti félögum og útibúum ekki að vera skylt að láta þetta sérstaka kennimerki koma fram í bréfum félagsins eða á pantanaeyðublöðum sem um getur í þessari tilskipun. Þau ættu áfram að nota innlent skráningarnúmer sitt í eigin samskiptum.
- 31) Það ætti að vera mögulegt að koma á skýrri tengingu milli skráar félags og skráa útibúa þess, sem stofnuð hafa verið í öðrum aðildarríkjum, sem felur í sér upplýsingaskipti um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félagsins og afskráningu þess, ef það hefur réttaráhrif í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð. Þó að aðildarríki geti ákveðið hvaða málsmeðferð þau fylgja með hliðsjón af skráðum útibúum á yfirráðasvæði þeirra ættu þau a.m.k. að tryggja að útibú slitins félags séu tekin af skránni án ástæðulausrar tafar og, ef við á, eftir skiptameðferð viðkomandi útibús. Þessi skylda ætti ekki að gilda um útibú félaga sem hafa verið tekin af skrá en hafa löglegan aðila sem tekur við af þeim, s.s. ef um er að ræða breytingar á lagalegu formi félagsins, samruna eða skiptingu, eða tilfærslu skráðrar skrifstofu yfir landamæri.
- 32) Ákvæði þessarar tilskipunar varðandi samtengingu skráa ættu ekki að gilda um útibú sem félag, sem lýtur ekki lögum aðildarríkis, stofnar í aðildarríki.
- 33) Aðildarríki ættu að tryggja að verði breytingar á upplýsingum, sem settar eru í skránar varðandi félög, verði þær uppfærðar án ástæðulausrar tafar. Uppfærsluna ætti almennt að birta innan 21 dags frá viðtöku allra gagna varðandi þessar breytingar, þ.m.t. athugun á lögmati í samræmi við landslög. Túlka ætti þennan frest þannig að aðildarríki séu skyldug til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að standa við frestinn sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Hann gildir ekki um bókhaldsgögnin sem félög eru skyldug til að leggja fram fyrir hvert fjárhagsár. Þessi undanþága er réttlætt á grundvelli þess að innlendu skránar eru undir of miklu álagi á meðan á skýrslutímabilinu stendur. Í samræmi við almennar lagalegar meginreglur, sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjum, ætti 21 dags fresturinn að falla niður ef um er að ræða óviðráðanleg atvik.
- 34) Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa og/eða reka vettvanginn í gegnum þriðja aðila ætti að gera það í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 <sup>(2)</sup>. Tryggja ætti viðeigandi aðild aðildarríkja að þessu ferli með því að koma á tækniforskriftum að því er varðar reglur um opinber innkaup með framkvæmdargerðum sem samþykktar eru í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB frá 13. júní 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/666/EEB og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB og 2009/101/EB að því er varðar samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa (Stjtið. ESB L 156 16.6.2012, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkja með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 35) Ákvæði framkvæmdastjórnin að starfrækja vettvanginn fyrir milligöngu þriðja aðila ætti að tryggja samfellda þjónustustarfsemi í gegnum samtengingarkerfi skráa og tilhlýðilegt opinbert eftirlit með framkvæmd vettvangsins. Samþykka ætti ítarlegar reglur um rekstur vettvangsins með því að samþykka framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Hvernig sem atvikast ætti að tryggja aðild aðildarríkja að framkvæmd alls kerfisins með reglulegum skoðanaskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa aðildarríkja um málefni er varða rekstur samtengingarkerfis skráa og framtíðarþróun þess.
- 36) Samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa krefst samræmingar landskerfa sem hafa mismunandi tæknilega eiginleika. Þetta felur í sér að samþykka þarf tæknilegar ráðstafanir og forskriftir sem þurfa að taka mið af mismuni milli skráa. Til að tryggja samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að taka á þessum tæknilegu og rekstrarlegu álitamálum. Beita ætti þessum valdheimildum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
- 37) Þessi tilskipun ætti ekki að takmarka rétt aðildarríkja til að innheimta gjöld gegn því að fá upplýsingar um félög í gegnum samtengingarkerfi skráa ef slíkra gjalda er krafist samkvæmt landslögum. Í tæknilegum ráðstöfunum og forskriftum fyrir samtengingarkerfi skráa ætti því að heimila að greiðslufyrirkomulagi sé komið á fót. Í þessu tilliti ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á sérstakar tæknilegar lausnir þar sem ákvarða ætti greiðslufyrirkomulag við samþykkt framkvæmdargerðanna, að teknu tilliti til greiðslubúnaðar á Netinu sem er almennt tiltækur.
- 38) Það gæti verið ákjósanlegt fyrir þriðju lönd að geta í framtíðinni tekið þátt í þessu samtengingarkerfi skráa.
- 39) Samngjörn lausn varðandi fjármögnun samtengingarkerfis skráa felur í sér þátttöku bæði Sambandsins og aðildarríkja þess í fjármögnun kerfisins. Aðildarríki ættu að bera fjárhagslegar byrðar við aðlögun innlendu skrána að þessu kerfi en miðlægu þættirnir, þ.e. vettvangurinn og vefgáttin, sem gegna hlutverki evrópska rafræna aðgangsstaðarins, ættu að vera fjármagnaðir af viðeigandi fjárhagsliðum á fjárlögum Sambandsins. Til þess að bæta við veigaminni þætti þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans með tilliti til innheimtu gjalda gegn því að fá upplýsingar um félög. Þetta hefur ekki áhrif á möguleika innlendra skráa til að innheimta gjöld en gæti falið í sér viðbótargjald til að fjármagna sameiginlega viðhald og framkvæmd vettvangsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 40) Ákvæði Sambandsins eru nauðsynleg til að viðhalda eigin fé, sem myndar tryggingu lánveitenda, einkum með því að banna lækkun þess með úthlutun til hluthafa ef hinir síðarnefndu eiga ekki tilkall til þess og með því að takmarka rétt hlutafélagsins til að kaupa eigin hlutabréf.
- 41) Takmarkanir á kaupum hlutafélags á eigin hlutabréfum gilda ekki aðeins um kaup af hálfu félagsins sjálfs heldur einnig af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins.
- 42) Til að koma í veg fyrir að hlutafélag noti annað félag sem það á meirihluta atkvæðisréttar í eða getur beitt ráðandi áhrifum á til að kaupa hlutabréf með þessum hætti, án þess að hlíta takmörkunum sem settar eru í þessu tilliti, ætti fyrirkomulag varðandi kaup félags á eigin hlutabréfum að taka til mikilvægustu og algengustu tilvika þar sem önnur slík félög kaupa hlutabréf. Slíkt fyrirkomulag ætti að taka til áskriftar að hlutabréfum í hlutafélögum.
- 43) Til að koma í veg fyrir að þessi tilskipun sé sniðgengin ætti fyrirkomulagið, sem um getur í 42. forsendu, einnig að gilda um félög sem eru takmörkuð af hlutabréfum eða bera að öðru leyti takmarkaða ábyrgð, sem falla undir þessa tilskipun, og félög sem falla undir lög þriðju landa og hafa sambærilegt rekstrarform að lögum.
- 44) Ef tengsl milli hlutafélags og annars félags, eins og um getur í 42. forsendu, eru aðeins óbein virðist réttlæt看legt að milda ákvæði sem gilda þegar tengslin eru bein með því að kveða á um niðurfellingu atkvæðisréttar sem lágmarksráðstöfun í því skyni að ná fram markmiðum þessarar tilskipunar.

- 45) Enn fremur er réttlætanlegt að veita undanþágu í tilvikum þegar atvinnustarfsemi er þannig í eðli sínu að ekki er hættá á að markmiðum þessarar tilskipunar verði ekki náð.
- 46) Nauðsynlegt er, með hliðsjón af markmiðum g-liðar 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, að lög aðildarríkjanna um hækkun eða lækkun eigin fjár tryggi að farið sé að meginreglunum um jafna meðferð hluthafa í sömu stöðu og um vernd lánveitenda sem eignast hafa kröfur áður en ákvörðun um lækkun er tekin og þær samræmdar.
- 47) Í þeim tilgangi að auka staðlaða vernd lánveitanda í öllum aðildarríkjum ættu lánveitendur að eiga kost á að hefja dóms- eða stjórnsýslumál, við tiltekin skilyrði, ef kröfur þeirra eru í húfi vegna lækkunar á eigin fé hlutafélags.
- 48) Til að koma í veg fyrir markaðssvik ættu aðildarríki að taka, við framkvæmd þessarar tilskipunar, tillit til ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 <sup>(1)</sup>.
- 49) Vernd hagsmuna félagsaðila og þriðju aðila útheimtir að lög aðildarríkjanna er varða samruna hlutafélaga verði samræmd og að ákvæði um samruna verði sett í lög allra aðildarríkjanna.
- 50) Í tengslum við slíka samræmingu er einkum mikilvægt að hluthafar samrunafélaga séu nægilega upplýstir á eins hlutlausan hátt og frekast er unnt og að réttindi þeirra séu varin á viðeigandi hátt. Engu að síður er engin ástæða til að krefjast rannsóknar óháðs sérfræðings á samrunaáætluninni fyrir hluthafa ef allir hluthafar eru sammála um að hún sé ekki nauðsynleg.
- 51) Verna ætti lánveitendur, þ.m.t. handhafa skuldabréfa og aðila sem hafa aðrar kröfur á samrunafélög, til þess að samruninn hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni þeirra.
- 52) Kröfur um upplýsingagjöf til verndar hagsmunum félagsaðila og þriðju aðila ættu að taka til samruna þannig að þriðju aðilum sé haldið upplýstum með fullnægjandi hætti.
- 53) Þær verndarráðstafanir, sem félagsaðilar og þriðju aðilar njóta í tengslum við samruna hlutafélaga, ættu að ná yfir tiltekna lagaframkvæmd, sem er í veigamiklum atriðum sambærileg samruna, til að ekki sé hægt að komast hjá skuldbindingunni um að veita slíka vernd.
- 54) Til að tryggja réttarvissu að því er varðar tengsl milli hlutaðeigandi félaga, milli þeirra og þriðju aðila og innbyrðis tengsl félagsaðila er nauðsynlegt að takmarka þau tilvik þar sem ógilding getur komið upp með því að kveða á um að ráðin verði bót á göllum þar sem það er mögulegt og með því að takmarka frest til að höfða mál til ógildingar.
- 55) Með þessari tilskipun er einnig greitt fyrir samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. Lög aðildarríkjanna ættu að heimila samruna innlends félags með takmarkaðri ábyrgð og félags með takmarkaðri ábyrgð frá öðru aðildarríki yfir landamæri að því tilskildu að innlend lög hlutaðeigandi aðildarríkja heimili samruna slíkra félaga.
- 56) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri ætti að tilgreina, ef þessi tilskipun kveður ekki á um annað, að hvert félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, og hlutaðeigandi þriðji aðili heyri áfram undir þau ákvæði og formsatriði landslaga sem giltu við samruna innanlands. Ekki ætti að innleiða höft á staðfesturétt eða frjálsa fjármagnsflutninga með neinum þeim ákvæðum eða formsatriðum innlendra laga, sem vísað er til í þessari tilskipun, nema unnt sé að sýna fram á að þau séu í samræmi við dómaframkvæmd Evrópuðómstólsins og einkum kröfur er varða almenna hagsmuni og bæði nauðsynleg og hæfileg til að uppfylla slíkar forgangskröfur.
- 57) Semja ætti sameiginlegu áætlunina um samruna yfir landamæri með sama orðalagi fyrir hvert hlutaðeigandi félag í hinum ýmsu aðildarríkjum. Því ætti að tilgreina lágmarksefni slíkra sameiginlegra áætlana en félögunum engu að síður vera frjálst að semja um önnur atriði.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtrð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

- 58) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsaðila og annarra ætti að birta bæði sameiginlegu áætlanirnar um samruna yfir landamæri og framkvæmd samruna yfir landamæri fyrir hvert samrunafélag með færslu í viðeigandi opinberri skrá.
- 59) Í lögum allra aðildarríkjanna ætti að kveða á um að einn eða fleiri sérfræðingar geri skýrslu, fyrir hönd hvers samrunafélags, á innlendum vettvangi um sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri. Í því skyni að draga úr kostnaði vegna sérfræðinga í tengslum við samruna yfir landamæri ætti að gefa kost á því að gera eina skýrslu fyrir alla félagsaðila félaga sem taka þátt í samruna yfir landamæri. Samþykkingu ætti sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri á hluthafafundi hvers þessara félaga.
- 60) Í því skyni að auðvelda framkvæmd samruna yfir landamæri ætti að kveða á um að innlent yfirvald, sem fer með lögsögu yfir hverju samrunafélagi, hafi eftirlit með framkvæmd og lögmæti ákvarðanatöku hvers þeirra en innlent yfirvald, sem fer með lögsögu yfir félaginu sem verður til við samrunann, ætti að hafa eftirlit með framkvæmd og lögmæti samruna yfir landamæri. Viðkomandi innlent yfirvald getur verið dómstóll, lögbókandi eða annað lögbært yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir. Einnig ætti að tilgreina þau innlendu lög sem ákvarða hvaða dag samruni yfir landamæri tekur gildi, þ.e. lögin sem félagið sem verður til við samrunann, heyrir undir.
- 61) Í því skyni að vernda hagsmuni félagsaðila og annarra ætti að tilgreina hver lagaleg áhrif samruna yfir landamæri eru og greina á milli hvort félagið, sem verður til við samrunann, sé yfirtökufélag eða nýtt félag. Til að tryggja réttarvissu ætti ekki lengur að vera mögulegt að lýsa samruna yfir landamæri ógildan eftir að hann hefur tekið gildi.
- 62) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beiðingu löggjafar um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, hvorki á vettvangi Sambandsins, sbr. reglugerð (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>, né í aðildarríkjunum.
- 63) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf Sambandsins um eftirlit með lánamiðlurum og öðrum fjármálafyrirtækjum eða innlendar reglur sem settar eru eða innleiddar samkvæmt slíkri löggjöf Sambandsins.
- 64) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf aðildarríkis þar sem krafist er upplýsinga um staðsetningu yfirstjórnar eða aðalstarfsstöðvar sem fyrirhuguð er fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamæri.
- 65) Réttindi starfsmanna, önnur en réttur til þátttöku í ákvörðunum, ættu eftir sem áður að heyra undir ákvæði landslaga sem um getur í tilskipunum ráðsins 98/59/EB <sup>(2)</sup> og 2001/23/EB <sup>(3)</sup> og í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB <sup>(4)</sup> og 2009/38/EB <sup>(5)</sup>.
- 66) Ef starfsmenn hafa rétt til þátttöku í ákvörðunum í einu af samrunafélögum í samræmi við skilyrði, sem sett eru fram í þessari tilskipun, og ef landslög aðildarríkisins, þar sem félagið sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, kveða ekki á um sama rétt til þátttöku í ákvörðunum og í hlutaðeigandi samrunafélögum, þ.m.t. í nefndum eftirlitsstjórnar sem hafa ákvörðunarvald, eða þau veita starfsmönnum ekki sama rétt í þeim fyrirtækjum sem verða til við samruna yfir landamæri, ætti að setja reglur um rétt starfsmanna til þátttöku í ákvörðunum í félaginu sem verður til við samrunann og aðild þeirra að skilgreiningu slíks réttar. Í því skyni ættu meginreglur og málsmeðferð, sem kveðið er

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtuð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtuð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtuð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).

<sup>(4)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/14/EB frá 11. mars 2002 um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins (Stjtuð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 29).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/38/EB frá 6. maí 2009 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjasamstæðum, er starfa á Bandalagsvísu, varðandi upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við starfsmenn (Stjtuð. ESB L 122, 16.5.2009, bls. 28).



á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 <sup>(1)</sup> og í tilskipun ráðsins 2001/86/EB <sup>(2)</sup>, að liggja til grundvallar, þó með fyrirvara um breytingar sem taldar eru nauðsynlegar vegna þess að félagið, sem verður til við samrunann, heyrir undir landslög aðildarríkisins þar sem það hefur skráða skrifstofu. Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/86/EB geta aðildarríkin séð til þess að samningaviðræður hefjist skjótt í samræmi við 133. gr. þessarar tilskipunar til þess að koma í veg fyrir ónauðsynlegar tafir á samruna.

- 67) Í því skyni að ákvarða umfang þátttöku starfsmanna í viðkomandi samrunafélögum ætti einnig að hafa hliðsjón af hlutfalli fulltrúa starfsmanna innan framkvæmdastjórnarinnar, sem ber ábyrgð á afkomusviðum félagsins, ef um þátttöku starfsmanna er að ræða.
- 68) Vernd hagsmuna félagsaðila og þriðju aðila krefst þess að lög aðildarríkjanna um skiptingu hlutafélaga séu samræmd ef aðildarríki leyfa slíka skiptingu.
- 69) Í tengslum við slíka samræmingu er einkar mikilvægt að hluthöfum í félögum, sem er skipt, sé veitt um það nægileg vitneskja á eins hlutlægan hátt og kostur er og að réttinda þeirra sé gætt með tilhlýðilegum hætti.
- 70) Veita ætti lánveitendum, þar á meðal handhöfum skuldabréfa og þeim sem eiga aðrar kröfur á hendur félögum er taka þátt í skiptingu hlutafélaga, vernd gegn tjóni af völdum hennar.
- 71) Kröfur um upplýsingagjöf skv. 1. þætti III. kafla I. bóls þessarar tilskipunar ættu að taka til skiptingar þannig að þriðju aðilum sé haldið upplýstum með fullnægjandi hætti.
- 72) Þær verndarráðstafanir, sem félagsaðilar og þriðju aðilar njóta í tengslum við skiptingar, ættu að ná yfir tiltekna lagaframkvæmd, sem er í mikilvægum atriðum sambærileg skiptingu, til að ekki sé hægt að komast hjá skuldbindingunni um að veita slíka vernd.
- 73) Til að tryggja réttarvissu að því er varðar tengsl milli hlutafélaga sem eru hluti af skiptingunni, milli þeirra og þriðju aðila og innbyrðis tengsl félagsaðila er nauðsynlegt að takmarka tilvik þar sem ógilding getur komið upp með því að kveða á um að ráðin verði bót á göllum þar sem það er mögulegt og með því að takmarka frest til að höfða mál til ógildingar.
- 74) Á vefsetrum félaga eða öðrum vefsetrum gefst í tilteknum tilvikum annar kostur á birtingu en með félagaskrá. Aðildarríki ættu að geta tilgreint önnur vefsetur sem félög geta notað sér að kostnaðarlausu til slíkrar birtingar, s.s. vefsetur viðskiptasamtaka eða verslunarráða eða miðlæga, rafræna vettvanginn sem um getur í þessari tilskipun. Þar sem unnt er að nota vefsetur félaga eða önnur vefsetur til að birta samrunaáætlanir og/eða skiptingarátlanir og önnur skjöl, sem gera þarf aðgengileg hluthöfum og lánveitendum meðan á vinnslu stendur, ætti að uppfylla öryggiskröfur að því er varðar öryggi vefsetursins og áreiðanleika skjalanna.
- 75) Aðildarríki ættu að geta ákvarðað að ekki þurfi að fara að ítarlegum skýrslu- eða upplýsingakröfum að því er varðar samruna eða skiptingu félaga, sem mælt er fyrir um í I. og III. kafla II. bóls, ef allir hluthafar félaganna, sem eru hluti af samruna eða skiptingu, eru sammála um að óþarft sé að fara að ákvæðunum.
- 76) Hvers kyns breytingar á I. og III. kafla II. bóls, þar sem slíkt samkomulag hluthafa er heimilað, ættu ekki að hafa áhrif á það fyrirkomulag sem er til varnar hagsmunum lánveitenda viðkomandi félaga og þær reglur sem miða að því að tryggja að starfsfólki viðkomandi félaga og opinberum yfirvöldum, s.s. skattýfirvöldum sem hafa eftirlit með samruna eða skiptingu í samræmi við gildandi lög Sambandsins, séu veittar nauðsynlegar upplýsingar.
- 77) Ekki er nauðsynlegt að krefjast reikningsskila þar eð útgefandi verðbréfa, sem eru skráð á skipulegum markaði, birtir hálfársreikningsskil í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 <sup>(3)</sup>.

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) (Stjtið. EB. L 294, 10.11.2001, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 2001/86/EB frá 8. október 2001 um viðbætur við samþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtið. EB L 294, 10.11.2001, bls. 22).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samþæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

- 78) Oft er ekki þörf á skýrslu óháðs sérfræðings um annað endurgjald en reiðufé þegar einnig þarf að taka saman skýrslu óháðs sérfræðings til verndar hagsmunum hluthafa eða lánveitenda í tengslum við samrunann eða skiptinguna. Í þeim tilvikum ættu aðildarríki því að eiga kost á að leysa félög undan tilkynningarskyldu varðandi annað endurgjald en reiðufé eða veita heimild til að sami sérfræðingur getið tekið saman báðar skýrslurnar.
- 79) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB <sup>(1)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 <sup>(2)</sup> gilda um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. rafrænar sendingar persónuupplýsinga innan aðildarríkjanna. Vinnsla framkvæmdastjórnarinnar og, ef við á, þriðja aðila, sem tekur þátt í rekstri vettvangsins, á persónuupplýsingum í skráum aðildarríkja ætti að fara fram í samræmi við þessar gerðir. Framkvæmdargerðirnar, sem samþykkja á í tengslum við samtengingarkerfi skráa, ættu, eftir því sem við á, að tryggja slíkt samræmi, einkum með því að ákvarða viðeigandi verkefni og ábyrgð allra viðkomandi þátttakenda og skipulagslegar og tæknilegar reglur sem um þá gilda.
- 80) Með þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og farið að þeim meginreglum, sem felast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 8. gr. sem kveður á um að sérhver maður eigi rétt til verndar eigin persónuupplýsingum.
- 81) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að taka tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka, upp í landslög og frá hvaða dögum þeim er beitt.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

#### I. BÁLKUR

#### ALMENN ÁKVÆÐI OG STOFNUN OG STARFSEMI FÉLAGA MEÐ TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ

##### I. KAFLI

##### *Viðfangsefni*

##### *1. gr.*

##### **Viðfangsefni**

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir varðandi eftirfarandi:

- samræmingu verndarráðstafana, til að vernda hagsmuni félagsaðila og annarra, sem aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans að því er varðar stofnun hlutafélaga og viðhald eigin fjár þeirra og breytingar á því, með það í huga að gera slíkar verndarráðstafanir jafngildar,
- samræmingu verndarráðstafana, til að vernda hagsmuni félagsaðila og þriðju aðila, sem aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans að því er varðar upplýsingagjöf, gildi skuldbindinga sem gengist er undir og ógildingu félaga sem takmarkast af hlutum eða bera að öðru leyti takmarkaða ábyrgð, með það í huga að gera slíkar verndarráðstafanir jafngildar,
- kröfur um upplýsingagjöf með tilliti til útibúa sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum tegundum félaga er lög annars ríkis taka til,
- samruna hlutafélaga,
- samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri,
- skiptingu hlutafélaga.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

*II. KAFLI***Stofnun og ógilding félagsins og gildi skuldbindinga þess**

## 1. þáttur

**Stofnun hlutafélagsins**

## 2. gr.

**Gildissvið**

1. Samræmingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, skulu gilda um ákvæðin sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum varðandi þær tegundir félaga sem taldar eru upp í I. viðauka. Heiti hvers félags af þeim tegundum, sem tilgreindar eru í I. viðauka, skal fela í sér eða því fylgja lýsing sem er frábrugðin þeirri sem krafist er af öðrum tegundum félaga.

2. Aðildarríki geta ákveðið að láta þennan þátt ekki gilda um fjárfestingarfélög með breytilegu hlutafé né samvinnufélög sem stofnuð eru sem ein tegund félaga sem talin eru upp í I. viðauka. Að því marki sem þessi möguleiki er nýttur í lögum aðildarríkjanna skal þess krafist af slíkum félögum að þau noti orðin „fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé“ eða „samvinnufélag“ í öllum skjölum sem tilgreind eru í 26. gr.

Í þessari tilskipun merkir hugtakið „fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé“ einungis þau félög sem:

- hafa það að meginmarkmiði að fjárfesta í ýmiss konar verðbréfum og hlutabréfum, landi eða öðrum eignum með það eitt í huga að dreifa fjárfestingaráhættu og að afla hluthöfum sínum fjárhagslegs ávinnings af umsýslu með eignir þeirra,
- bjóða eigin hlutabréf til áskriftar hjá almenningi og
- gera ráð fyrir því í stofnsamþykktum sínum að innan marka hámarks- og lágmarkshlutfjár geti þau hvenær sem er gefið út, innleyst eða endurselt hlutabréf sín.

## 3. gr.

**Skyldubundnar upplýsingar sem setja skal fram í stofnsamþykktum eða stofnsamningum**

Stofnsamþykktir eða stofnsamningur félagsins skulu alltaf veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) tegund og heiti félagsins,
- b) tilgangur félagsins,
- c) fjárhæð skráðs hlutfjár hafi félagið ekkert samþykkt hlutafé,
- d) fjárhæð samþykks hlutfjár, hafi félagið samþykkt hlutafé, ásamt fjárhæð skráðs hlutfjár á þeim tíma þegar félagið er stofnað eða fær leyfi til að hefja rekstur og í hvert sinn sem breyting verður á samþykktu hlutafé, með fyrirvara um e-lið 14. gr.,
- e) reglur, að svo miklu leyti sem þær eru ekki ákvarðaðar með lögum, um fjölda og aðferðir við að skipa menn í þær stofnanir, sem skulu koma fram fyrir hönd félagsins gagnvart þriðju aðilum, stjórn félagsins, framkvæmdastjórn, þá sem annast umsjón eða eftirlit þess og um skiptingu valdheimilda meðal þessara stofnana,
- f) gildistími félags nema þegar hann er ótakmarkaður.

## 4. gr.

**Skyldubundnar upplýsingar sem setja skal fram í stofnsamþykktum eða stofnsamningum eða sérstökum skjölum**

Eftirfarandi upplýsingar a.m.k. skulu koma fram annaðhvort í stofnsamþykktum félags eða stofnsamningi eða í sérstöku skjali sem er birt í samræmi við lagaákvæði hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.:

- a) skráð skrifstofa,
- b) nafnverð hlutabréfa sem áskrift er fengin fyrir og fjöldi þeirra minnst einu sinni á ári,

- c) fjöldi hlutabréfa sem áskrift er fengin fyrir án þess að nafnverð sé tiltekið, enda sé leyfilegt að gefa slík hlutabréf út samkvæmt landslögum,
- d) sérstök skilyrði, ef einhver eru, um takmarkanir á framsali hlutabréfa,
- e) ef um er að ræða fleiri en einn flokk hlutabréfa, þær upplýsingar sem um getur í b-, c- og d-lið að því er varðar hvern flokk um sig og þau réttindi sem fylgja hlutabréfum í hverjum flokki,
- f) hvort um er að ræða hlutabréf skráð á nafn eða handhafahlutabréf, þegar landslög kveða á um báðar tegundir, og hvers kyns ákvæði um breytingu á slíkum hlutabréfum nema lög kveði á um hana,
- g) fjárhæð skráðs hlutafjár sem er að fullu greitt við stofnun félagsins eða þegar það hefur fengið leyfi til að hefja rekstur,
- h) nafnverð hlutabréfa eða, ef ekki er getið um nafnverð, fjöldi hlutabréfa sem eru gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé, svo og form endurgjalds og nafn þess aðila sem innir endurgjaldið af hendi,
- i) deili á einstaklingum eða lögaðilum eða félögum eða fyrirtækjum sem hafa skrifað undir stofnsamþykktir eða stofnsamning, eða aðrir fyrir þeirra hönd, eða, ef félagið var ekki stofnað á sama tíma, drög að þessum skjölum,
- j) heildarfjárhæð, eða a.m.k. áætluð fjárhæð, alls kostnaðar sem félagið ætti að greiða eða færa má á reikning þess vegna stofnunar þess og, ef við á, áður en félagið fær leyfi til að hefja rekstur,
- k) hvers kyns sérstök hlunnindi sem veitt voru við stofnun félagsins eða fyrir veitingu starfsleyfis til handa þeim sem tekið hafa þátt í stofnun félagsins eða í ráðstöfunum sem leitt hafa til þess að það hefur fengið slíkt leyfi.

5. gr.

#### Heimild til að hefja rekstur

1. Ef lög aðildarríkis mæla fyrir um að félag megi ekki hefja rekstur án leyfis skulu þau einnig hafa að geyma ákvæði um ábyrgð á skuldbindingum sem félagið hefur stofnað til eða stofnað hefur verið til í nafni félagsins á tímabilinu áður en slíkt leyfi er veitt eða því hafnað.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar á grundvelli samninga sem félagið gerir með því skilyrði að það fái leyfi til að hefja rekstur.

6. gr.

#### Félög með mörgum félagsaðilum

1. Ef lög aðildarríkis áskilja að fleiri en einn félagsaðili standi að baki stofnun félags ætti sú staðreynd að öll hlutabréf eru í eign eins aðila eða að félagsaðilum hefur fækkað niður fyrir löglegan lágmarksfjölda eftir stofnun félagsins ekki að leiða til þess félagið leysist sjálfkrafa upp.
2. Ef lög aðildarríkis leyfa, í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. mgr., að félagi sé slitið með dómsúrskurði ætti sá dómari, sem hefur lögsögu í málinu, að hafa heimild til að veita félaginu nægan tíma til að koma reglu á málefni sín.
3. Ef sett eru fram fyrirmæli um slitameðferð, eins og um getur í 2. mgr., skal taka félagið til skiptameðferðar.

2. þáttur

#### Ógilding félags með takmarkaðri ábyrgð og gildi skuldbindinga þess

7. gr.

#### Almenn ákvæði og óskipt bótaábyrgð

1. Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær tegundir félaga sem eru taldar upp í II. viðauka.

2. Ef gripið er til aðgerða í nafni félags, sem verið er að stofna, áður en það fær réttarstöðu lögaðila og það hefur ekki gengist undir þær skuldbindingar sem af aðgerðinni leiðir skulu þeir aðilar, sem grípa til aðgerðar, bera, án takmarkana, óskipta ábyrgð á því nema gert sé samkomulag um annað.

8. gr.

#### **Áhrif upplýsingagjafar að því er tekur til þriðju aðila**

Frágangur formsatriða við birtingu upplýsinga varðandi þá aðila, sem hafa sem stofnun félagsins heimild til þess að koma fram fyrir þess hönd, skal fela það í sér að ekki má nýta sér frávík í skipun þeirra gagnvart þriðju aðilum nema félagið sanni að slíkir þriðju aðilar hafi haft vitneskju um það.

9. gr.

#### **Athafnir stofnana félags og fyrirvar þess**

1. Athafnir stofnana félagsins skulu vera bindandi fyrir það, jafnvel þótt þær séu ekki í samræmi við tilgang félagsins, nema slíkar athafnir fari fram úr þeim valdheimildum sem lög veita þessum stofnunum eða heimila að þeim séu veittar.

Aðildarríki geta þó kveðið á um að félagið skuli ekki vera bundið af slíkum athöfnum séu þær ekki í samræmi við tilgang þess ef það sannar að þriðji aðili vissi að athöfnin var ekki í samræmi við þennan tilgang eða óhugsandi sé annað en að honum hafi verið fullkunnugt þar um sé tekið tillit til aðstæðna. Birting stofnsamþykktar ein og sér skal ekki vera nægileg sönnun þess.

2. Ekki má bera fyrir sig, gagnvart þriðja aðila, takmarkanir á valdheimildum stofnana félagsins samkvæmt stofnsamþykktum þess eða ákvörðun þar til bærra stofnana jafnvel þótt þær hafi verið birtar.

3. Kveði landslög á um að veita megi í stofnsamþykktum einum aðila eða fleiri saman heimild til að koma fram fyrir hönd félags, sem undanþága frá almennum lagareglum um þetta efni, geta lög þessi kveðið á um að unnt sé að bera fyrir sig slíkt ákvæði í stofnsamþykktunum gagnvart þriðja aðila með því skilyrði að það sé í tengslum við almenna heimild til fyrirvars; 16. gr. á við um spurninguna um það hvort unnt er að bera fyrir sig slíkt ákvæði í stofnsamþykktunum gegn þriðja aðila.

10. gr.

#### **Gerð og vottun stofnsamnings og stofnsamþykktar félagsins á tilhlýðilegu lagalegu formi**

Í öllum aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um fyrirbyggjandi eftirlit af hálfu stjórnvalda eða dómstóla við stofnun félags, skal útbúa stofnsamning félagsins, stofnsamþykktir þess og breytingar á þessum skjölum og staðfesta á tilhlýðilegu lagalegu formi.

11. gr.

#### **Skilyrði fyrir ógildingu félags**

Ekki má kveða á um ógildingu félaga í lögum aðildarríkjanna nema í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

- a) ógilding verður að byggjast á úrskurði dómstóls,
- b) aðeins má kveða á um ógildingu af þeirri ástæðu:
  - i. að enginn stofnsamningur hafi verið gerður eða að ekki hafi verið farið að reglum um fyrirbyggjandi eftirlit eða tilskildum lagalegum formkröfum ekki verið fullnægt,
  - ii. að tilgangur félagsins sé ólögmatgur eða stríði gegn allsherjarreglu,

- iii. að í stofnsamningnum eða stofnsamþykktum sé ekki greint frá heiti félagsins, þeim fjárhæðum sem einstakir aðilar hafa skráð sig fyrir, heildarfjárhæð skráðs hlutafjár eða tilgangi félagsins,
- iv. að ekki hafi verið farið að ákvæðum landslaga um lágmarkshlutfé sem á að greiðast að fullu,
- v. að allir stofnendur séu vanhæfir,
- vi. að stofnendur séu færri en tveir, andstætt þeim landslögum sem taka til félagsins.

Ef ástæðurnar fyrir ógildingu, sem um getur í fyrstu málsgrein, eru ekki fyrir hendi skal félag ekki að verða fyrir því að teljast án tilvistar, sæta algerri ógildingu, takmarkaðri ógildingu eða ógildingaryfirlýsingu.

*12. gr.*

#### **Afleiðingar ógildingar**

1. Ákvörðun um það hvort bera megi fyrir sig, gagnvart þriðja aðila, úrskurð dómstóls um ógildingu skal tekin skv. 16. gr. Þar sem landslög veita þriðja aðila rétt til að vefengja úrskurðinn leyfist honum það því aðeins að það sé gert innan sex mánaða frá því að úrskurður dómstólsins er birtur opinberlega.
2. Ógilding skal fela það í sér að félag er lagt niður eins og við slit félags.
3. Ógilding ein og sér á ekki að hafa áhrif á gildi skuldbindinga sem gengist hefur verið undir í nafni félagsins eða gagnvart því, sbr. þó afleiðingar félagsslíta.
4. Í lög hvers aðildarríkis má setja ákvæði um afleiðingar ógildingar með tilliti til félagsaðila félagsins.
5. Að því marki sem skuldbindingar við lánveitendur krefjast þess ber handhöfum hlutafjár í félaginu skylda til að greiða að fullu það hlutfé sem þeir skráðu sig fyrir en ógreitt er.

*III. KAFLI*

#### ***Upplýsingagjöf og samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa***

1. þáttur

#### **Almenn ákvæði**

*13. gr.*

#### **Gildissvið**

Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær tegundir félaga sem eru taldar upp í II. viðauka.

*14. gr.*

#### **Skjöl og upplýsingar sem félög skulu láta í té**

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera félögum skylt að birta a.m.k. eftirfarandi skjöl og upplýsingar:

- a) stofnsamning og stofnsamþykktir ef þær er að finna í sérstöku skjali,
- b) breytingar á skjölum sem um getur í a-lið, þ.m.t. hvers kyns framlenging á tímalengd félagsins,
- c) heildartexta stofnsamnings eða stofnsamþykktar með áorðnum breytingum, eftir sérhverja breytingu á stofnsamningnum eða stofnsamþykktum,

- d) skipun, starfslok og deili á þeim mönnum sem, í krafti stöðu sinnar sem löglega stofnsett stofnun eða aðilar að slíkri stofnun:
  - i. hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í viðskiptum við þriðja aðila og í málarekstri; þegar upplýsingar eru birtar þarf að koma fram hvort þeir aðilar, sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, megi gera það einir eða þurfi að gera það sameiginlega,
  - ii. sitja í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða hafa eftirlit með því,
- e) fjárhæð skráðs hlutafjár a.m.k. einu sinni á ári ef stofnsamningur eða stofnsamþykktir tiltaka leyfilegt hlutafé nema því aðeins að hækkun á skráðu hlutafé kalli á breytingu á stofnsamþykktunum,
- f) bókhaldsgögn fyrir hvert fjárhagsár sem ber að birta í samræmi við tilskipanir ráðsins 86/635/EBE <sup>(1)</sup> og 91/674/EBE <sup>(2)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB <sup>(3)</sup>,
- g) sérhverjar breytingar skráðrar skrifstofu félagsins,
- h) félagsslit,
- i) yfirlýsingu dómstóla um ógildingu félagsins,
- j) skipun skilanefundarmanna, deili á þeim og valdheimildir hvers og eins þeirra nema kveðið sé skýrt og sérstaklega á um valdheimildir þeirra í lögum eða stofnsamþykktum félagsins,
- k) lok skiptameðferðar og staðfestingu á afskráningu í aðildarríkjum þar sem afskráning af félagaskrá hefur réttaráhrif.

15. gr.

### Breytingar á skjölum og upplýsingum

1. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að hvers kyns breytingar á skjölunum og upplýsingunum, sem um getur í 14. gr., séu færðar inn í þar til bæru skrána, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 16. gr., og birtar í samræmi við 3. mgr. og 5. mgr. 16. gr. allajafna innan 21 dags frá viðtöku allra skjala er varða þessar breytingar, þ.m.t., ef við á, athugun á lögmæti, eins og krafist er samkvæmt landslögum, varðandi færslur inn í möppuna.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um bókhaldsgögn sem um getur í f-lið 14. gr.

16. gr.

### Birting upplýsinga í skránni

1. Í hverju aðildarríki skal geyma möppu í aðal-, fyrirtækja- eða félagaskrá („skránni“) fyrir hvert félag sem þar er skráð.

Aðildarríki skulu tryggja að félög hafi sérstakt kennimerki þannig að hægt sé að sanngreina þau án nokkurs vafa í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa sem komið er á í samræmi við 2. mgr. 22. gr. („samtengingarkerfi skráa“). Sérstaka kennimerkið skal a.m.k. fela í sér þætti sem gera það kleift að auðkenna aðildarríki skrárinnar, upprunalegu innlendu skrána og númer félagsins í þeirri skrá og, þar sem það á við, þætti til að forðast ranga auðkenningu.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjttíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga (Stjttíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjttíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

2. Að því er þessa grein varðar merkir hugtakið „með rafrænum hætti“ að upplýsingarnar eru upphaflega sendar og við þeim tekið á ákvörðunarstað með rafrænum búnaði fyrir vinnslu (þ.m.t. stafræn samþjöppun) og geymslu gagna og þær eingöngu sendar, fluttar og tekið við þeim á þann hátt sem aðildarríkin ákveða, með rafræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða öðrum rafsegulaðferðum.

3. Öll skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 14. gr., skal varðveita í möppunni eða færa í skrána; efnisinnihald færslna í skránni skal í öllum tilvikum koma fram í möppunni.

Aðildarríki skulu tryggja að félögum, sem og öðrum aðilum og stofnunum, sem ber skylda til að senda tilkynningar eða veita aðstoð við það, gefist kostur á að senda inn öll skjöl og upplýsingar, sem skylt er að birta skv. 14. gr., með rafrænum hætti. Að auki geta aðildarríki krafist alla eða tiltekna flokka félaga um að senda inn allar eða tiltekna gerðir slíkra skjala og upplýsinga með rafrænum hætti.

Öll skjöl og upplýsingar, sem um getur í 14. gr. og eru send inn, hvort sem er á pappír eða með rafrænum hætti, skal varðveita í möppunni eða færa í skrána á rafrænu formi. Aðildarríki skulu í þessu skyni tryggja að öll slík skjöl og upplýsingar, sem eru send inn á pappír, verði færð á rafrænt form í skránni.

Þess skal ekki krafist að skráin færi skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 14. gr. og hafa verið send inn á pappír fram til 31. desember 2006, sjálfkrafa yfir á rafrænt form. Aðildarríki skulu engu að síður tryggja að þau séu færð á rafrænt form í skránni um leið og tekið er við umsókn um birtingu með rafrænum hætti í samræmi við ráðstafanirnar sem samþykktar voru til framkvæmdar 4. mgr. þessarar greinar.

4. Afrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem um getur í 14. gr., í heild eða að hluta, skulu vera fáanleg við umsókn. Umsækjandi getur, að eigin vali, lagt inn umsóknir hjá skránni á pappír eða með rafrænum hætti.

Afrit, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera fáanleg frá skránni á pappír eða með rafrænum hætti að vali umsækjanda. Þetta gildir um öll skjöl og upplýsingar sem þegar hafa verið send inn. Þó geta aðildarríki ákveðið að allar eða tiltekna gerðir skjala og upplýsinga, sem send voru inn á pappír tiltekinn dag eða fyrir þann dag, sem má ekki vera síðar en 31. desember 2006, verði ekki fáanlegar úr skránni með rafrænum hætti ef tiltekinn tími hefur liðið frá því að þau voru send inn og þar til umsóknin er lögð inn hjá skránni. Þessi tiltekni tími má ekki vera skemmri en tíu ár.

Gjaldið fyrir að fá afrit af skjölunum eða upplýsingunum, sem um getur í 14. gr. í heild eða að hluta, á pappír eða með rafrænum hætti, skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaðinum við gerð þeirra.

Pappírafrit, sem látin eru umsækjanda í té, skulu vera staðfest sem „rétt afrit“ nema umsækjandi telji slíka staðfestingu óþarfa. Rafræn afrit, sem látin eru í té, skulu ekki vera staðfest sem „rétt afrit“ nema umsækjandi óski eftir slíkri staðfestingu.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að staðfesting á rafrænum afritum tryggi bæði að uppruni þeirra sé ósvikinn og sanngildi efnis þeirra með því að nota a.m.k. þróaða, rafræna undirskrift í skilningi 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB (1).

5. Birting skjala og upplýsinga, sem um getur í 3. mgr., skal koma til framkvæmda með birtingu textans í heild eða að hluta í lögbirtingablaði, sem aðildarríkið tilnefnir, eða með vísun til skjalsins sem hefur verið fært inn í möppuna eða skrána. Lögbirtingablaðið, sem tilnefnt er til þessa, getur verið á rafrænu formi.

Aðildarríki geta ákveðið að í stað birtingar í lögbirtingablaði komi jafnskilvirk úrræði sem skulu a.m.k. fela í sér notkun á kerfi þar sem nálgast má upplýsingarnar, sem birtar eru, í tímaröð um miðlægan, rafrænan vettvang.

6. Félagið getur aðeins borið fyrir sig skjölin og upplýsingarnar gagnvart þriðja aðila eftir að þau hafa verið birt í samræmi við 5. mgr. nema félagið sýni fram á að þriðji aðili hafi haft vitneskju um þau.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).



Ef viðskipti eiga sér stað fyrir sextánda dag eftir birtingu skal þó ekki bera fyrir sig skjöl og upplýsingar gagnvart þriðja aðila sem sannar að það hafi verið ómögulegt fyrir hann að vita um þau.

7. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast misræmi milli upplýsinga sem eru birtar í samræmi við 5. mgr. og þeirra sem fram koma í skránni eða möppunni.

Ef um misræmi er að ræða er þó óheimilt að bera fyrir sig upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 5. mgr. gagnvart þriðja aðila; þriðji aðili getur engu að síður borið þær fyrir sig nema félagið sýni fram á að hann hafi haft vitneskju um upplýsingarnar sem varðveittar eru í möppunni eða færðar í skrána.

Enn fremur getur þriðji aðili ávallt borið fyrir sig skjöl og upplýsingar þótt ekki hafi enn verið gengið frá formsatriðum um birtingu nema ástæðan fyrir því að skjöl öðlast ekki gildi sé sú að þau hafi ekki verið birt.

*17. gr.*

### **Uppfærðar upplýsingar um landslög að því er varðar réttindi þriðju aðila**

1. Aðildarríki skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar þar sem útskýrð eru þau ákvæði landslaga sem þriðju aðilar geta, í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. 16. gr., reitt sig á og þær upplýsingar og tegundir skjala sem um getur í 14. gr.
2. Aðildarríki skulu veita þær upplýsingar sem krafist er til birtingar á vefgáttinni um evrópskt réttarkerfi („vefgáttinni“) í samræmi við reglur um vefgáttina og tæknilegar kröfur.
3. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar á vefgáttinni á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

*18. gr.*

### **Aðgengi að rafrænum afritum skjala og upplýsinga**

1. Rafræn afrit skjalanna og upplýsinganna, sem um getur í 14. gr., skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.
2. Aðildarríki skulu tryggja að skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 14. gr., séu aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa á stöðluðu skilboðasniði og aðgengilegar með rafrænum hætti. Aðildarríki skulu einnig tryggja að lágmarksöryggisstaðlar fyrir gagnasendingar séu virtir.
3. Framkvæmdastjórnin skal leggja til leitarþjónustu á öllum opinberum tungumálum Sambandsins að því er varðar félög sem skráð eru í aðildarríkjunum í því skyni að eftirfarandi verði aðgengilegt í gegnum vefgáttina:
  - a) skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 14. gr.,
  - b) útskýringar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins þar sem þessar upplýsingar og tegundir skjala eru taldar upp.

*19. gr.*

### **Gjöld sem ber að greiða fyrir skjöl og upplýsingar**

1. Gjöldin, sem ber að greiða til að fá skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 14. gr. í gegnum samtengingarkerfi skráa, skulu ekki vera hærri en sem nemur stjórnsýslukostnaðinum við gerð þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu aðgengilegar án endurgjalds í gegnum samtengingarkerfi skráa:
  - a) heiti félagsins og rekstrarform þess að lögum,
  - b) skráð skrifstofa félagsins og aðildarríkið þar sem hún er skráð og
  - c) skráningarnúmer félagsins.

Aðildarríki geta ákveðið að gera fleiri skjöl og upplýsingar aðgengileg án endurgjalds til viðbótar við þessar upplýsingar.

*20. gr.***Upplýsingar um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félagsins og um afskráningu þess**

1. Félagaskráin skal, í gegnum samtengingarkerfi skráa, gera upplýsingar um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félags og um afskráningu þess aðgengilegar án tafar ef það hefur réttaráhrif í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð.
2. Útibúaskráin skal tryggja, í gegnum samtengingarkerfi skráa, tafarlausa móttöku á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.
3. Upplýsingaskiptin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu vera gjaldfrjáls fyrir skrárnar.

*21. gr.***Tungumál vegna upplýsingagjafar og þýðing skjala og upplýsinga sem birta skal**

1. Skjöl og upplýsingar, sem ber að birta skv. 14. gr., skulu samin og send inn á einu af þeim tungumálum sem leyfð eru í reglum um tungumál í aðildarríkinu þar sem mappan, sem um getur í 1. mgr. 16. gr., er stofnuð.
2. Auk birtingarskyldunnar, sem um getur í 16. gr., skulu aðildarríki leyfa valfrjálsa birtingu þýðinga af skjölum og upplýsingum, sem um getur í 14. gr., í samræmi við 16. gr. á hvaða opinbera tungumáli eða tungumálum Sambandsins sem er.

Aðildarríki geta fyrirskipað að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda þriðja aðila aðgang að þýðingum sem valfrjálst er að birta.

3. Auk birtingarskyldunnar, sem um getur í 16. gr., og valfrjálsrar birtingar upplýsinga, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, geta aðildarríki leyft að viðkomandi skjöl og upplýsingar séu birt á einhverju öðru tungumáli eða tungumálum í samræmi við 16. gr.

Aðildarríki geta fyrirskipað að þýðing slíkra skjala og upplýsinga verði löggilt.

4. Ef um misræmi er að ræða milli skjalanna og upplýsinganna, sem birt eru á opinberum tungumálum skrárinnar, og þýðingarinnar, sem valfrjálst er að birta, er ekki hægt að bera fyrir sig hið síðarnefnda gagnvart þriðja aðila. Þriðji aðili getur engu að síður borið fyrir sig þýðingarnar sem valfrjálst er að birta nema félagið sýni fram á að þriðji aðilinn hafi haft vitneskju um þá útgáfu sem birtingarskyldan á við um.

*22. gr.***Samtengingarkerfi skráa**

1. Koma skal á fót evrópskum miðlægum vettvangi („vettvangurinn“).
2. Samtengingarkerfi skráa skal samanstanda af:
  - skrám aðildarríkja,
  - vettvangnum,
  - vefgáttinni sem gegnir hlutverki evrópska, rafræna aðgangsstaðarins.
3. Aðildarríki skulu tryggja rekstrarsamhæfi skráa sinna innan samtengingarkerfis skráa í gegnum vettvanginn.
4. Aðildarríki geta komið á fót valkvæðum aðgangsstöðum fyrir samtengingarkerfi skráa. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án ástæðulausrar tafar um að slíkum aðgangsstöðum hafi verið komið á fót og um umtalsverðar breytingar á starfsemi þeirra.

5. Aðgangur að upplýsingum frá samtengingarkerfi skráa skal tryggður í gegnum vefgáttina og í gegnum virku aðgangsstaðina sem aðildarríkin koma á fót.
6. Stofnsetning samtengingarkerfis skráa skal ekki hafa áhrif á núverandi tvíhliða samninga sem aðildarríki hafa gert varðandi skipti á upplýsingum um félög.

23. gr.

#### **Þróun og rekstur vettvangsins**

1. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að þróa og/eða reka vettvanginn annaðhvort sjálf eða í gegnum þriðja aðila.

Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa og/eða reka vettvanginn í gegnum þriðja aðila skal valið á þriðja aðilanum og framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á samningnum fara fram í samræmi við reglugerð (EB, KBE) nr. 966/2012.

2. Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa vettvanginn í gegnum þriðju aðila skal hún, með framkvæmdargerðum, koma á tækniforskriftum að því er varðar reglur um opinber innkaup og gildistíma samningsins sem gera á við þriðja aðilann.
3. Ákveði framkvæmdastjórnin að starfrækja vettvanginn í gegnum þriðja aðila skal hún samþykkja, með framkvæmdargerðum, ítarlegar reglur um rekstrarstjórnun vettvangsins.

Rekstur vettvangsins skal einkum fela í sér:

- eftirlit með starfsemi vettvangsins,
- öryggi og vernd gagna sem dreift er og skipst er á í gegnum vettvanginn,
- samræmingu á samskiptum milli skráa aðildarríkjanna og þriðja aðilans.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með starfsemi vettvangsins.

4. Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 164. gr.

24. gr.

#### **Framkvæmdargerðir**

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja eftirfarandi með framkvæmdargerðum:

- a) tækniforskriftirnar þar sem aðferðirnar við samskipti með rafrænum hætti fyrir samtengingarkerfi skráa eru skilgreindar,
- b) tækniforskriftir að samskiptareglum,
- c) tæknilegar ráðstafanir sem tryggja lágmarksöryggisstaðla upplýsingatækninnar fyrir samskipti og dreifingu upplýsinga innan samtengingarkerfis skráa,
- d) tækniforskriftirnar þar sem aðferðir við upplýsingaskipti eru skilgreindar á milli félagaskrárinnar og útibúaskrárinnar eins og um getur í 20. og 34. gr.,
- e) ítarlegan lista yfir gögn sem senda á í því skyni að skiptast á upplýsingum á milli skráa eins og um getur í 20., 34. og 130. gr.,
- f) tækniforskriftirnar þar sem uppbygging staðlaða skilaboðasniðsins að því er varðar upplýsingaskipti milli skráa, vettvangsins og vefgáttarinnar er skilgreind,
- g) tækniforskriftirnar þar sem gagnasafnið, sem er nauðsynlegt til framkvæmdar starfsemi vettvangsins, og geymsluaðferðir, notkun og vernd slíkra gagna eru skilgreind,

- h) tækniforskriftirnar þar sem skipulag og notkun sérstakra kennimerkja fyrir samskipti milli skráa eru skilgreind,
- i) forskriftirnar þar sem tæknileg aðferð við rekstur samtengingarkerfis skráa að því er varðar dreifingu og skipti á upplýsingum er skilgreind, og forskriftina þar sem þjónusta á sviði upplýsingatækni, sem vettvangurinn veitir, er skilgreind og afhending skilaboða á viðeigandi tungumáli er tryggð,
- j) samræmdu viðmiðanirnar fyrir leitarþjónustuna sem vefgáttin veitir,
- k) greiðslufyrirkomulag með tilliti til greiðsluáðstöðu eins og greiðslna á Netinu,
- l) einstök atriði útskýringanna þar sem upplýsingarnar og tegundir skjalanna sem um getur í 14. gr. eru taldar upp,
- m) tæknileg skilyrði fyrir aðgengi að þjónustunni sem samtengingarkerfi skráa veitir,
- n) málsmeðferðarkröfur og tæknilegar kröfur vegna tengingar valkvæðu aðgangsstaðanna við vettvanginn.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 164. gr.

25. gr.

### Fjármögnun

1. Stofnun og framtíðarþróun vettvangsins og breytingar á vefgáttinni, sem leiða af þessari tilskipun, skal fjármagna af fjárlögum Sambandsins.
2. Viðhald og starfsemi vettvangsins skal fjármagna af fjárlögum Sambandsins og má fjármagna að hluta með gjöldum fyrir aðgang að samtengingarkerfi skráa sem einstakir notendur greiða. Ekkert í þessari málsgrein skal hafa áhrif á gjöld á landsstigi.
3. Framkvæmdastjórnin getur, með framseldum gerðum og í samræmi við 163. gr., samþykkt reglur um það hvort fjármagna eigi vettvanginn að hluta með því að krefjast gjalda og í þeim tilvikum þá fjárhæð gjalda sem einstakir notendur skulu greiða í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.
4. Gjöldin, sem lögð eru á í samræmi við í 2. mgr. þessarar greinar, skulu ekki hafa áhrif á gjöldin, ef einhver eru, sem aðildarríki krefjast fyrir aðgang að skjölum og upplýsingum eins og um getur í 1. mgr. 19. gr.
5. Ekki skal krefjast gjalda, sem lögð eru á í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, fyrir aðgang að upplýsingunum sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 19. gr.
6. Sérhvert aðildarríki skal bera kostnað af því að breyta sínum skráum og af viðhaldi og starfsemi sem leiðir af þessari tilskipun.

26. gr.

### Upplýsingar um bréf og pantanaeyðublöð

Aðildarríki skulu mæla fyrir um að í bréfum og á pantanaeyðublöðum, hvort sem er á pappírformi eða á öðrum miðli, komi fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) nauðsynlegar upplýsingar til að sanngreina skrána þar sem mappan, sem um getur í 16. gr., er geymd, ásamt númeri félagsins í þeirri skrá,
- b) lagalegt form félagsins, staðsetning skráðar skrifstofu þess og, þar sem við á, að verið sé að slíta félagi.

Þegar eigið fé félagsins er nefnt í þessum skjölum skal átt við skráð hlutafé sem greitt hefur verið að fullu.

Aðildarríki skulu mæla fyrir um að á vefsetrum félagsins skuli vera a.m.k. þær upplýsingar sem um getur í fyrstu málsgrein og, ef við á, tilvísun til skráðs hlutafjár sem greitt hefur verið að fullu.

27. gr.

#### **Aðilar sem uppfylla formsatriði varðandi birtingu**

Sérhvert aðildarríki skal ákveða hvaða aðilar sjá um formsatriði varðandi birtingu.

28. gr.

#### **Viðurlög**

Aðildarríki skulu setja ákvæði um viðeigandi refsingu í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef vanrækt er að birta bókhaldsgögn svo sem mælt er fyrir um í f-lið 14. gr.,
- b) ef tilskildar upplýsingar, sem kveðið er á um í 26. gr., vantar í viðskiptaskjöl eða á vefsetur félags.

2. þáttur

#### **Reglur um upplýsingagjöf sem eiga við um útibú félaga frá öðrum aðildarríkjum**

29. gr.

#### **Birting skjala og upplýsinga sem tengjast útibúi**

1. Skjöl og upplýsingar, sem tengjast útibúi sem stofnað er í aðildarríki af félagi af þeirri tegund sem skráð er í II. viðauka og lýtur lögum annars aðildarríkis, skal birta samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem útibúið er, í samræmi við 16. gr.
2. Þegar kröfur um upplýsingagjöf, sem taka til útibúa, eru frábrugðnar þeim sem varða félagið skulu kröfur útibúsins um upplýsingagjöf hafa forgang að því er tekur til viðskipta við útibúið.
3. Skjölín og upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 30. gr., skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa. Ákvæði 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.
4. Aðildarríki skulu tryggja að útibú hafi sérstakt kennimerki þannig að hægt sé að sanngreina þau án nokkurs vafa í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi skráa. Sérstaka kennimerkið skal a.m.k. fela í sér þætti sem gera það kleift að auðkenna aðildarríki skrárinnar, upprunalegu innlendu skrána og númer útibúsins í þeirri skrá og, þar sem það á við, þætti til að forðast ranga sanngreiningu.

30. gr.

#### **Skjöl og upplýsingar sem birta skal**

1. Birtingarskyldan, sem kveðið er á um í 29. gr., skal aðeins taka til eftirfarandi skjala og upplýsinga:
  - a) heimilisfangs útibúsins,
  - b) starfsemi útibúsins,
  - c) skrárinnar sem hefur að geyma möppu félagsins sem um getur í 16. gr., ásamt skráningarnúmeri í þeirri skrá,
  - d) heitis og lagalegs forms félagsins og heitis útibúsins, beri það ekki sama heiti og félagið,
  - e) skipunar, starfsloka og deila á þeim mönnum sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í viðskiptum við þriðja aðila og í málarekstri:
    - sem löglega stofnsett stofnun félags eða sem aðilar að slíkri stofnun, í samræmi við birtingu félagsins á upplýsingum eins og kveðið er á um í d-lið 14. gr.,
    - sem fastafulltrúar félagsins í starfsemi útibúsins, með upplýsingum um valdheimildir þeirra,

- f) — félagsslita, skipunar þeirra sem stýra skiptameðferð, upplýsinga um þá og valdheimilda hvers og eins þeirra og loka skiptameðferðarinnar í samræmi við birtingu af hálfu félagsins eins og kveðið er á um í h-, j- og k-lið 14. gr.,
- málsmeðferðar vegna ógjaldfærni, nauðasamninga eða annarra sambærilegra aðgerða sem félagið varða,
- g) bókhaldsgagna í samræmi við 31. gr.,
- h) lokunar útibúsins.
2. Í aðildarríki því þar sem útibú hefur verið stofnað má kveða á um birtingu eftirfarandi eins og um getur í 29. gr.:
- a) undirskriftar þeirra aðila sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. þessarar greinar,
- b) stofnsamninga og stofnsamþykktu ef þær er að finna í sérstöku skjali í samræmi við a-, b- og c-lið 14. gr., ásamt breytingum á þessum skjölum,
- c) vottorðs frá skránni sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar og varðar tilvist félagsins,
- d) upplýsinga um veð sem hvíla á eignum félagsins í aðildarríkinu, að því tilskildu að slík birting varði gildi þessara veða.

31. gr.

#### Takmörkuð birtingarskylda bókhaldsgagna

Birtingarskyldan, sem kveðið er á um í g-lið 1. mgr. 30. gr., skal takmarkast við bókhaldsgögn félagsins eins og þau eru gerð, endurskoðuð og birt samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem félagið lýtur í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB <sup>(1)</sup> og tilskipun 2013/34/ESB.

32. gr.

#### Tungumál vegna upplýsingagjafar og þýðing skjala sem birta skal

Aðildarríki, þar sem útibúið hefur verið stofnað, er heimilt að mæla fyrir um að skjölin, sem um getur í b-lið 2. mgr. 30. gr. og í 31. gr., skuli birt á öðru opinberu tungumáli Sambandsins og að þýðing slíkra skjala sé löggilt.

33. gr.

#### Birting upplýsinga þegar um er að ræða fleiri en eitt útibú í aðildarríki

Þar sem félag hefur stofnað fleiri en eitt útibú í aðildarríki má setja þá birtingu, sem um getur í b-lið 2. mgr. 30. gr. og 31. gr., fram í skrá útibús að vali félagsins.

Í tilvikinu, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal birtingarskylda hinna útibúanna ná til upplýsinga í þeirri útibúaskrá þar sem birting fór fram, ásamt númeri þess útibús í sömu skrá.

34. gr.

#### Upplýsingar um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félagsins og um afskráningu þess

1. Ákvæði 20. gr. gildir um félagaskrána og útibúaskrána, eftir því sem við á.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

2. Aðildarríki skulu ákvarða málsmeðferðina sem fara á eftir við móttöku upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. 20. gr. Slík málsmeðferð skal tryggja að þegar félagi er slitið eða tekið af skránni á annan máta að útibú þess séu á sama hátt tekin af skránni án ástæðulausrar tafar.

3. Annar málslíður 2. mgr. skal ekki gilda um útibú félaga sem tekin hafa verið af skrá vegna breytinga á lagalegu formi viðkomandi félags, samruna eða skiptingar eða flutnings skráðrar skrifstofu þess yfir landamæri.

35. gr.

### Upplýsingar um bréf og pantanaeyðublöð

Aðildarríki skulu mæla fyrir um að í bréfum og á pantanaeyðublöðum, sem útibú notar, komi fram, til viðbótar þeim upplýsingum sem mælt er fyrir um í 26. gr., skráin þar sem möppuna fyrir útibúið er að finna, ásamt númeri þess útibús í skránni.

3. þáttur

### Reglur um upplýsingagjöf sem eiga við um útibú félaga frá þriðju löndum

36. gr.

### Birting skjala og upplýsinga sem tengjast útibúi

1. Skjöl og upplýsingar, sem varða útibú sem stofnað er í aðildarríki af félagi sem lýtur ekki lögum aðildarríkis en lagalegt form þess er sambærilegt við þær tegundir félaga sem eru á skrá í II. viðauka, skal birta í samræmi við lög aðildarríkisins þar sem útibúið er eins og mælt er fyrir um í 16. gr.

2. Ákvæði 2. mgr. 29. gr. skulu gilda.

37. gr.

### Skuldubundin skjöl og upplýsingar sem birta skal

Birtingarskyldan, sem kveðið er á um í 36. gr., skal a.m.k. ná til eftirfarandi skjala og upplýsinga:

- a) heimilisfangs útibúsins,
- b) starfsemi útibúsins,
- c) þeirra landslaga sem félagið lýtur,
- d) þar sem lög heimila slíkt, skrárinnar sem félagið er skráð í og skráningarnúmers félagsins í skránni,
- e) stofnsamninga og stofnsamþykktu ef þær er að finna í sérstöku skjali, ásamt öllum breytingum á þessum skjölum,
- f) lagalegs forms félags, aðalstarfsstöðvar og tilgangs þess og minnst einu sinni á ári fjárhæðar skráðs hlutafjár ef þessar upplýsingar koma ekki fram í þeim skjölum sem um getur í e-lið,
- g) heitis félagsins og heitis útibúsins, beri það ekki sama heiti og félagið,
- h) skipunar, starfsloka og upplýsinga um þá aðila sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins í viðskiptum við þriðja aðila og í málarekstri:

— sem löglega stofnsett stofnun félags eða sem aðilar að slíkri stofnun,

— sem fastafulltrúar félagsins í starfsemi útibúsins.

Koma þarf fram hverjar séu valdheimildir þeirra aðila sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins ásamt því hvort þeim sé heimilt að gera slíkt einir eða þurfi að koma fram sameiginlega,

- i) — félagsslita, skipunar þeirra sem stýra skiptameðferð, upplýsinga um þá og valdheimildir hvers og eins þeirra og loka skiptameðferðarinnar,
- málsmeðferðar vegna ógjaldfærni, nauðasamninga eða annarra sambærilegra aðgerða sem félagið varða,
- j) bókhaldsgagna í samræmi við 38. gr.,
- k) lokunar útibúsins.

38. gr.

#### **Takmörkuð birtingarskylda bókhaldsgagna**

1. Birtingarskyldan, sem kveðið er á um í j-lið 37. gr., skal gilda um bókhaldsgögn félagsins eins og þau eru gerð, endurskoðuð og birt samkvæmt landslögum sem félagið lýtur. Ef þessi gögn eru ekki gerð í samræmi við eða á sambærilegan hátt og um getur í tilskipun 2013/34/ESB mega aðildarríki krefjast þess að bókhaldsgögn sem tengjast starfsemi útibúsins verði gerð og birt.
2. Ákvæði 32. og 33. gr. skulu gilda.

39. gr.

#### **Upplýsingar um bréf og pantanaeyðublöð**

Aðildarríki skulu mæla fyrir um að í bréfum og á pantanaeyðublöðum, sem útibú notar, komi fram skráin þar sem möppuna fyrir útibúið er að finna ásamt númeri útibúsins í skránni. Ef landslög sem félagið lýtur mæla svo fyrir að skráning sé nauðsynleg skal skráin sem félagið er skráð í og skráningarnúmer félagsins þar einnig koma fram.

4. þáttur

#### **Fyrirkomulag við beitingu og framkvæmd**

40. gr.

#### **Viðurlög**

Aðildarríki skulu kveða á um viðeigandi viðurlög ef vanrækt er að birta þau atriði sem kveðið er á um í 29., 30., 31., 36., 37. og 38. gr. og ef skylduupplýsingar þær sem kveðið er á um í 35. og 39. gr. koma ekki fram í bréfum og á pantanaeyðublöðum.

41. gr.

#### **Aðilar sem uppfylla formsatriði varðandi birtingu**

Sérhvert aðildarríki skal ákveða hver skuli uppfylla formkröfur um birtingu eins og kveðið er á um í 2. og 3. þætti.

42. gr.

#### **Undanþágur frá ákvæðum um birtingu bókhaldsgagna fyrir útibú**

1. Ákvæði 31. og 38. gr. gilda ekki um útibú sem lána- og fjármálastofnanir stofna og falla undir tilskipun ráðsins 89/117/EBE <sup>(1)</sup>.
2. Þar til frekari samræmingu hefur verið komið á þurfa aðildarríkin ekki að láta 31. og 38. gr. gilda um útibú sem váttryggingafélög stofna.

<sup>(1)</sup> Tilskipun ráðsins 89/117/EBE frá 13. febrúar 1989 um skyldur útibúa lána- og fjármálastofnana, sem stofnuð eru í aðildarríki en hafa aðalstöðvar sínar utan þess, til að birta upplýsingar úr ársreikningi (Stjtíð. EB L 44, 16.2.1989, bls. 40).



43. gr.

### Tengslanefnd

Tengslanefndin, sem er komið á fót skv. 52. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE <sup>(1)</sup>, skal einnig:

- a) greiða fyrir því að ákvæðum 2. og 3. þáttar og þessa þáttar verði beitt á samræmdan hátt með því að halda reglulega fundi þar sem einkum yrði fjallað um raunhæf vandamál sem koma í ljós við beitingu þeirra, sbr. þó 258. og 259. gr. sáttmálans,
- b) upplýsa framkvæmdastjórnina, ef nauðsyn ber til, um viðbætur við og breytingar á 2. og 3. þætti og þessum þætti.

IV. KAFLI

### Viðhald eigin fjár og breytingar á því

1. þáttur

### Eiginfjárkröfur

44. gr.

### Almenn ákvæði

1. Samræmingarráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skulu gilda um ákvæðin sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um þær tegundir félaga sem taldar eru upp í I. viðauka.
2. Aðildarríkin geta ákveðið að láta ákvæði þessa kafla ekki gilda um fjárfestingarfélög með breytilegu hlutafé né samvinnufélög sem stofnuð eru sem ein tegund félaganna sem talin eru upp í I. viðauka. Að því marki sem þessi möguleiki er nýttur í lögum aðildarríkjanna skal þess krafist af slíkum félögum að þau noti orðin „fjárfestingarfélag með breytilegu hlutafé“ eða „samvinnufélag“ í öllum skjölum sem tilgreind eru í 26. gr.

45. gr.

### Lágmarksfjárhæð hlutafjár

1. Til þess að hægt sé að stofna félag eða veita því leyfi til að hefja starfsemi skal áskilja í lögum aðildarríkjanna að loforð fáist fyrir lágmarksfjárhæð hlutafjár sem skal ekki vera lægri en 25 000 evrur.
2. Fimmta hvert ár skal Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 50. gr. og g-lið 2. mgr. 50. gr. sáttmálans, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, endurskoða fjárhæðina sem tilgreind eru í evrum í 1. mgr. í ljósi efnahagslegrar og peningalegrar þróunar í Sambandinu og í ljósi þeirrar tilhneigingar að leyfa aðeins stórum og meðalstórum fyrirtækjum að velja þær tegundir félaga sem taldar eru upp í I. viðauka.

46. gr.

### Eignir

Skráð hlutafé má einungis vera í formi eigna sem unnt er að meta til verðs. Þó getur samningur um að framkvæma verk eða veita þjónustu ekki talist hluti af þessum eignum.

47. gr.

### Útgáfuverð hlutabréfa

Ekki má gefa út hlutabréf á verði sem er lægra en nafnverð þeirra eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfært verð þeirra.

<sup>(1)</sup> Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11).

Þó geta aðildarríki leyft þeim sem skuldbinda sig til að kaupa hlutabréf gegn eigin vinnuframlagi að greiða lægra verð en sem nemur fullu verði hlutabréfanna sem þeir skrá sig fyrir þegar slík viðskipti fara fram.

48. gr.

### Uppgreiðsla hlutabréfa sem gefin eru út gegn endurgjaldi

Hlutabréf, sem gefin eru út gegn endurgjaldi, skulu greiðast upp við stofnun félags eða veitingu starfsleyfis á verði, sem er ekki lægra en 25% af nafnverði þeirra, eða af bókfærðu verði þeirra ef ekki er um að ræða nafnverð.

Þegar hlutabréf eru gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé við stofnun félags eða veitingu starfsleyfis skal þó inna endurgjald að fullu af hendi innan fimm ára frá þeim tíma.

2. þáttur

### Verndarráðstafanir að því er varðar lögbundið eigið fé

49. gr.

### Skýrsla sérfræðinga um annað endurgjald en reiðufé

1. Einn eða fleiri óháðir sérfræðingar, sem skipaðir eru eða samþykktir af stjórnarsýslu- eða dómsmálayfirvaldi, skulu gera skýrslu um hvers kyns annað endurgjald en reiðufé fyrir stofnun félagsins eða veitingu starfsleyfis. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar, svo og lögaðilar og félag eða fyrirtæki samkvæmt lögum hvers aðildarríkis.

2. Skýrsla sérfræðinganna, sem um getur í 1. mgr., á a.m.k. að geyma lýsingu á öllum eignum, sem endurgjaldið samanstendur af, ásamt þeim verðmatsaðferðum sem notaðar eru og skal greina frá því hvort niðurstöður um mat verðmæta sem fást með því að beita þessum aðferðum séu a.m.k. í samræmi við fjölda og nafnverð eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfært verð og, eftir því sem við á, í samræmi við yfirverð þeirra hlutabréfa sem gefa á út sem endurgjald.

3. Birta skal skýrslu sérfræðinganna í samræmi við lög hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

4. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þessari grein í því tilviki að 90% af nafnverði allra hlutabréfa eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfærðu verði þeirra eru gefin út á eitt eða fleiri félag gegn öðru endurgjaldi en reiðufé og ef eftirfarandi kröfum er fullnægt:

- a) að aðilarnir, sem um getur í i-lið 4. gr., hafi komið sér saman um að sleppa skýrslu sérfræðinganna að því er varðar félagið sem tekur við endurgjaldinu,
- b) að slíkt samkomulag hafi verið birt eins og kveðið er á um í 3. mgr.,
- c) að félagin, sem inna slíkt endurgjald af hendi, hafi varasjóði sem ekki má úthluta úr samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum, og jafngilda a.m.k. nafnverði eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfærðu verði hlutabréfanna sem gefin eru út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé,
- d) félagin, sem inna slíkt endurgjald af hendi, ábyrgist skuldir viðtökufélagsins, sem nemur allt að þeirri fjárhæð sem tilgreind er í c-lið, og viðtökufélagið hefur stofnað til frá því að hlutabréfin voru gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé og þar til einu ári eftir birtingu ársreikninga félagsins fyrir það fjárhagsár þegar slíkt endurgjald var innt af hendi. Framsal slíkra hlutabréfa skal bannað á þessu tímabili:
- e) að ábyrgðin, sem um getur í d-lið, hafi verið birt eins og kveðið er á um í 3. mgr. og
- f) að félagin, sem inna slíkt endurgjald af hendi, leggi fjárhæð, sem er jafnhá þeirri fjárhæð sem tilgreind er í c-lið, í varasjóð sem ekki má úthluta úr fyrr en þremur árum eftir birtingu ársreiknings viðtökufélagsins fyrir það fjárhagsár þegar endurgjald af þessu tagi var innt af hendi eða, ef nauðsyn krefur, ekki fyrr en allar kröfur, sem snerta ábyrgð þá sem vísað er til í d-lið og lagðar eru fram á þessu tímabili, hafa verið gerðar upp.

5. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki þessari grein við stofnun nýs félags með samruna eða skiptingu ef tekin er saman skýrsla eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samrunaáætlun eða skiptingaráætlun.

Þegar aðildarríki ákveða að beita þessari grein, í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða sömu sérfræðingar taki saman skýrsluna skv. 1. mgr. þessarar greinar og skýrslu eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samruna- eða skiptingaráætlun.

50. gr.

### Undanþága frá kröfu um skýrslu sérfræðinga

1. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1. 2. og 3. mgr. 49. gr. ef framseljanleg verðbréf, eins og þau eru skilgreind í 44. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(1)</sup>, eða peningamarkaðsgerningar, eins og þeir eru skilgreindir í 17. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lögð fram sem annað endurgjald en reiðufé og þessi verðbréf eða peningamarkaðsgerningar eru metnir á vegnu meðalverði í viðskiptum með verðbréfin eða gerningana á einum eða fleiri skipulegum mörkuðum, eins og þeir eru skilgreindir í 21. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, á nægilega löngu tímabili, sem ákvarðast skal samkvæmt landslögum, fyrir þann dag þegar viðkomandi endurgjald annað en reiðufé er í reynd lagt fram.

Hafi sérstakar aðstæður sem myndu hafa í för með sér verulega breytingu á verðmæti eignarinnar þann dag sem hún er lögð fram, þ.m.t. markaðsaðstæður sem gera slík verðbréf eða peningamarkaðsgerninga illseljanleg, hins vegar haft áhrif á þetta verð skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar.

Við þetta endurmat gilda 1., 2. og 3. mgr. 49. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. ef eignir, aðrar en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé ef viðurkenndur óháður sérfræðingur hefur metið þær á gangvirði og eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) að gangvirði sé ákvarðað eigi fyrr en sex mánuðum fyrir þann dag sem eignin er í reynd lögð fram og
- b) að matið hafi farið fram í samræmi við almennt viðurkennda matsstaðla og -reglur í aðildarríkinu sem eiga við um þá gerð eigna sem leggja á fram.

Komi upp nýjar aðstæður, sem máli skipta og hefðu í för með sér verulega breytingu á gangvirði eignarinnar þann dag sem eignin er í reynd lögð fram, skal fara fram endurmat að frumkvæði og á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar.

Við endurmatið, sem um getur í annarri undirgrein, gilda 1., 2. og 3. mgr. 49. gr.

Fari slíkt endurmat ekki fram getur einn hluthafi eða fleiri, sem eiga samtals a.m.k. 5% af skráðu hlutafé félagsins þann dag sem ákvörðun um aukningu hlutfjár er tekin, krafist mats óháðs sérfræðings og gilda þá 1., 2. og 3. mgr. 49. gr.

Slíkir hluthafar geta lagt fram kröfu allt fram að þeim degi sem eignin er í reynd lögð fram, að því tilskildu að á þeim degi, sem krafan er lögð fram, nemi hlutaféð, sem viðkomandi hluthafar fara með, enn samtals a.m.k. 5% af skráðu hlutafé félagsins eins og það var daginn sem ákvörðunin um hlutfjárukningu var tekin.

3. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. ef aðrar eignir en framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru, samkvæmt ákvörðun stjórnar eða framkvæmdastjórnar, lagðar fram sem endurgjald annað en reiðufé og gangvirði þeirra má rekja til einstakrar eignar í lögboðnum reikningsskilum fyrra fjárhagsárs, að því tilskildu að lögboðnu reikningsskilin hafi verið endurskoðuð í samræmi við tilskipun 2006/43/EB.

Önnur til fimmta undirgrein 2. mgr. þessarar greinar skal gilda að breyttu breytanda.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

*51. gr.***Annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðinga**

1. Ef annað endurgjald en reiðufé, eins og um getur í 50. gr., er látið í té án skýrslu sérfræðinga, eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., skal, að viðbættum kröfunum sem fram koma í h-lið 4. gr. og innan eins mánaðar frá þeim degi sem eignin er í reynd lögð fram, birta tilkynningu þar sem fram kemur:

- a) lýsing á viðkomandi endurgjaldi öðru en reiðufé,
- b) verðmæti þess, hver hefur séð um matið og, ef við á, verðmatsaðferðin,
- c) yfirlýsing um hvort tilgreint virði svari í það minnsta til fjölda, nafnverðs eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfærðs verðs og, ef við á, yfirverðs á hlutabréfunum sem á að gefa út vegna slíks endurgjalds og
- d) yfirlýsing um að engar nýjar aðstæður hafi komið upp sem máli skipta að því er varðar upphaflega matið.

Birta skal yfirlýsinguna á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

2. Ef leggja á fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðinga, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., í tengslum við aukningu hlutafjár, sem fara skal fram skv. 2. mgr. 68. gr., skal birta tilkynningu um það hvaða dag ákvörðunin um aukninguna var tekin og birta upplýsingarnar, sem skráðar eru í 1. mgr. þessarar greinar, á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis, í samræmi við 16. gr., áður en eignin, sem lögð er fram sem annað endurgjald en reiðufé, er afhent. Í því tilviki takmarkast yfirlýsingin skv. 1. mgr. þessarar greinar við þá staðhæfingu að engar nýjar aðstæður, sem máli skipta, hafi komið upp frá því að fyrrgreind tilkynning var birt.

3. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hendi séu fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að málsmeðferðinni, sem fram kemur í 50. gr. og í þessari grein, sé fylgt ef lagt er fram annað endurgjald en reiðufé án skýrslu sérfræðinga sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 49. gr.

*52. gr.***Veruleg kaup eftir stofnun eða veitingu starfsleyfis**

1. Ef félagið kaupir einhverjar eignir, sem tilheyra aðila, félagi eða fyrirtæki sem um getur í i-lið 4. gr., gegn endurgjaldi sem nemur ekki lægri fjárhæð en einum tíunda af skráðu hlutafé, áður en tiltekið lágmarkstímabil samkvæmt landslögum, sem má ekki vera skemmra en eitt ár, hefur liðið frá stofnun félagsins eða veitingu starfsleyfis, skal rannsaka kaupin og birta upplýsingar um þau á þann hátt sem greint er frá í 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., svo og leggja þau fyrir hluthafafund til samþykktar.

Ákvæði 50. og 51. gr. gilda að breyttu breytanda.

Aðildarríki geta einnig krafist þess að þessum ákvæðum verði beitt þegar eignir tilheyra hluthafa eða öðrum aðila.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um kaup sem eiga sér stað innan ramma hefðbundinnar starfsemi félagsins, kaup sem eiga sér stað fyrir tilstilli eða undir eftirliti stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvalds eða kaup í kauphöll.

*53. gr.***Skylda hluthafa til að greiða framlag að fullu**

Hluthafa má ekki leysa undan þeirri skyldu að greiða framlag sitt að fullu, sbr. þó ákvæði sem varða lækun á skráðu hlutafé.

54. gr.

### Verndarráðstafanir ef til breytingar kemur

Þangað til landslög verða samræmd síðar skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfur séu gerðar um a.m.k. sömu verndarráðstafanir og mælt er fyrir um í 3.-6. gr. og 45.–53. gr. í því tilviki að einni tegund félags sé breytt í hlutafélag.

55. gr.

### Breyting á stofnsamþykktunum eða stofnsamningnum

Ákvæði 3.-6. gr. og 45.–54. gr. skulu ekki hafa áhrif á ákvæði aðildarríkja um valdheimildir og aðferðir í tengslum við breytingar á stofnsamþykktunum eða stofnsamningnum.

3. þáttur

### Reglur um úthlutun

56. gr.

### Almennar reglur um úthlutun

1. Engin úthlutun fjár skal fara fram til hluthafa ef verðgildi hreinna eigna samkvæmt ársreikningi félags er lægra en fjárhæð skráðs hlutafjár að viðbættum varasjóðum, sem ekki má úthluta úr samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum félagsins, á lokadegi síðasta fjárhagsárs, eða yrði lægri í kjölfar slíkrar úthlutunar, að undanskildum þeim tilvikum þegar skráð hlutafé er lækkað.
2. Ef óinnkallað skráð hlutafé er ekki í eignalið efnahagsreiknings skal draga þá fjárhæð frá fjárhæð skráðs hlutafjár sem um getur í 1. mgr.
3. Fjárhæð sú sem úthlutað er til hluthafa má ekki vera hærrí en fjárhæð hagnaðar við lok síðasta fjárhagsárs, að viðbættum yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum, ásamt fjárhæðum sem koma úr varasjóðum, sem tiltækir eru í þessu skyni, að frádrögnum ójöfnuðu tapi frá fyrri árum og fjárhæðum sem lagðar eru í varasjóði samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum.
4. Hugtakið „úthlutun“ í 1. og 3. mgr. felur einkum í sér greiðslu arðs og vaxta í tengslum við hlutabréf.
5. Þegar lög aðildarríkis leyfa greiðslu árshlutaarðs skulu a.m.k. eftirfarandi skilyrði gilda:
  - a) bráðabirgðauppgjör skal fara fram og sýna að nægilegt fé sé til reiðu til úthlutunar,
  - b) fjárhæð sú sem úthlutað er má ekki vera hærrí en samanlagður hagnaður frá lokum síðasta fjárhagsárs sem ársreikningur hefur verið gerður fyrir, að viðbættum yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og fjárhæðum sem koma úr varasjóðum, sem tiltækir eru í þessu skyni, að frádrögnum ójöfnuðu tapi frá fyrri árum og fjárhæðum sem lagðar skulu í varasjóð samkvæmt lögum eða stofnsamþykktum.
6. Ákvæði 1.–5. mgr. skulu ekki hafa áhrif á ákvæði aðildarríkjanna um hækkun á skráðu hlutafé með tilfærslu úr varasjóði.
7. Lög aðildarríkis mega kveða á um undantekningu frá 1. mgr. ef um eru að ræða fjárfestingarfélög með fastafjármuni.

Í þessari málsgrein merkir hugtakið „fjárfestingarfélag með fastafjármuni“ aðeins félög:

- a) sem hafa það aðeins að markmiði að fjárfesta fé sitt í ýmsum hlutum og hlutabréfum, landi eða öðrum eignum í þeim tilgangi einum að dreifa fjárfestingaráhættu og veita hluthöfum sínum ágóða af umsýslu með eignir þeirra og
- b) sem bjóða eigin hlutabréf til áskriftar hjá almenningi.

Að því marki sem lög aðildarríkja færa sér þennan möguleika í nyt skulu þau:

- a) gera þá kröfu að slík félög setji hugtakið „fjárfestingarfélag“ í öll skjöl sem tiltekin eru í 26. gr.,
- b) ekki heimila slíku félagi með verðgildi hreinna eigna undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. að úthluta fé til hluthafa þegar verðgildi heildareigna félags á lokadegi síðasta fjárhagsárs samkvæmt ársreikningi, eða í kjölfar slíkrar úthlutunar, mundi verða minna en margfeldi einnar og hálftrar upphæðar þess fjár sem félagið skuldar lánveitendum alls samkvæmt ársreikningnum og
- c) gera þá kröfu að slíkt félag, sem stendur fyrir úthlutun þegar verðgildi hreinna eigna þess lækkar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr., taki slíkt fram í skýringum með ársreikningi.

57. gr.

#### **Endurheimt óréttmætra úthlutana**

Hluthöfum, sem fengið hafa úthlutun, er skylt að skila henni ef hún brýtur í bága við 56. gr. og félagið sannar að þessir hluthafar hafi vitað að úthlutanirnar til þeirra hafi verið óréttmætar eða hlutu að hafa vitað um það í ljósi aðstæðna.

58. gr.

#### **Umtalsverð lækkun skráðs hlutafjár**

1. Hafi skráð hlutafé lækkað umtalsvert skal kalla saman hluthafafund innan þeirra tímamarka sem lög aðildarríkjanna kveða á um til þess að álykta um það hvort slíta eigi félaginu eða gera aðrar ráðstafanir.
2. Lækkun hlutafjár, sem talið er að valdi verulegu tapi í skilningi 1. mgr., skal ekki ákveða í lögum aðildarríkja sem fjárhæð sem er hærri en helmingur af skráðu hlutafé.

4. þáttur

#### **Reglur um kaup félaga á eigin hlutabréfum**

59. gr.

#### **Óheimil skráning fyrir eigin hlutabréfum**

1. Félag getur ekki skráð sig fyrir eigin hlutabréfum.
2. Hafi aðilar skráð sig fyrir hlutabréfum í félagi í eigin nafni, en fyrir hönd félagsins, skal litið svo á að áskrifandinn hafi gert það fyrir eigin reikning.
3. Þeir aðilar eða félög eða fyrirtæki, sem um getur í i-lið 4. gr., eða þeir sem annast stjórn og framkvæmdastjórn í þeim tilvikum að hækkun hafi orðið á skráðu hlutafé, skulu vera ábyrgir fyrir greiðslu hlutabréfa ef áskrift þeirra brýtur í bága við þessa grein.

Lög aðildarríkis mega þó kveða á um að hægt sé að leysa þennan aðila undan skuldbindingum sínum ef hann sannar að hann hafi ekki sjálfur brotið af sér.

60. gr.

#### **Kaup á eigin hlutabréfum**

1. Með fyrirvara um meginregluna um jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu og með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 596/2014 geta aðildarríki heimilað félagi að kaupa eigin hlutabréf, annaðhvort sjálft eða fyrir milligöngu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins. Að því marki sem slík kaup eru heimil skulu aðildarríki sjá til þess að þau séu háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) að heimild sé fengin á hluthafafundi sem ákvarðar skilmála og skilyrði slíkra kaupa, einkum þó hámarksfjölda hlutabréfa þeirra sem kaupa skal, gildistíma heimildarinnar, en hámarkslengd hans skal ákvarðast af landslögum, en þó ekki vera lengri en fimm ár, og hámarks- og lágmarksendurgjald þegar um er að ræða kaup gegn endurgjaldi. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu ganga úr skugga um að skilyrðum b- og c-liðar sé fullnægt þegar hver heimiluð kaup fara fram,

- b) kaupin, þ.m.t. á hlutabréfum sem félagið hefur keypt áður og á enn, svo og hlutabréfum sem aðili, sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, kaupir, geta ekki orðið til þess að lækka verðgildi hreinnar eignar niður fyrir þá fjárhæð sem um getur í 1. og 2. mgr. 56. gr. og
- c) aðeins er hægt að nota hlutabréf, sem eru greidd að fullu, í þessum viðskiptum.

Enn fremur geta aðildarríki sett eftirfarandi skilyrði fyrir kaupum, í skilningi fyrstu undirgreinar:

- a) að nafnverð eða, ef nafnverð er ekki tiltekið, bókfært verð hlutabréfanna sem keypt eru, þ.m.t. hlutabréfa sem félagið hefur keypt áður og á enn, svo og hlutabréfa sem aðili, sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, kaupir, fer ekki yfir mörk sem aðildarríkin ákvarða; þessi mörk mega ekki vera lægri en 10% af skráðu hlutafé,
- b) að í stofnsamþykktum eða stofnsamningi félagsins sé mælt fyrir um heimild félagsins til að kaupa eigin hlutabréf í skilningi fyrstu undirgreinar, hámarksfjöldi hlutabréfa sem kaupa á, gildistíma heimildarinnar og hámarks- eða lágmarksendurgjald,
- c) að félagið uppfylli viðeigandi tilkynninga- og upplýsingaskyldur,
- d) að gera megi kröfu, að ákvörðun aðildarríkja, um að tiltekin félög afsali sér hlutabréfum sem þau hafa keypt, að því tilskildu að fjárhæð sem er jöfn nafnvirði hlutabréfanna, sem þau afsala sér, verði sett í varasjóð sem ekki er unnt að úthluta úr til hluthafa nema lækkun verði á skráðu hlutafé; þennan varasjóð má aðeins nota í þeim tilgangi að auka skráð hlutafé með tilfærslu úr varasjóði,
- e) að kaupin hafi ekki áhrif á að kröfur lánveitanda verði uppfylltar.

2. Lög aðildarríkis mega kveða á um undantekningar frá fyrsta málslið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. ef nauðsynlegt er að kaupa eigin hlutabréf félags til að koma í veg fyrir alvarlegt og aðsteðjandi tjón sem félagið gæti orðið fyrir. Í slíkum tilvikum skulu stjórnendur greina frá ástæðum og eðli þeirra kaupa sem voru gerð á næsta hluthafafundi, fjöldi hlutabréfa og nafnverði eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfærðu verði keyptra hlutabréfa, hlutfalli af skráðu hlutafé sem þau standa fyrir og endurgjaldi fyrir þessi hlutabréf.

3. Aðildarríki mega taka ákvörðun um að láta fyrsta málslið a-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. ekki gilda um hlutabréf, sem annaðhvort félagið sjálft eða aðili, sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, kaupir til úthlutunar meðal starfsmanna félagsins eða meðal starfsmanna tengds félags. Úthluta skal slíkum hlutabréfum innan 12 mánaða frá því þau eru keypt.

61. gr.

### Undanþága frá reglum um kaup á eigin hlutabréfum

- 1. Aðildarríki mega taka ákvörðun um að láta 60. gr. ekki gilda um:
  - a) hlutabréf sem eru keypt við framkvæmd ákvörðunar um að lækka hlutafé eða við þær aðstæður sem um getur í 82. gr.,
  - b) hlutabréf sem eru keypt vegna almennrar yfirfærslu eigna,
  - c) hlutabréf sem eru að fullu greidd og aflað er án þess að gjald komi fyrir eða af bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem sölubóknun,
  - d) hlutabréf sem eru keypt á grundvelli lagaskyldu eða dómsúrskurðar til þess að vernda hluthafa minnihlutans sérstaklega ef um er að ræða samruna, breytingu á tilgangi félagsins eða formi, flutningi skráðrar skrifstofu til erlends lands eða upptöku takmarkana á framsali hlutabréfa,
  - e) hlutabréf frá hluthafa sem stendur ekki í skilum við að greiða þau að fullu,
  - f) hlutabréf sem keypt eru til að tryggja hagsmuni hluthafa minnihlutans í tengdum félögum,
  - g) hlutabréf sem eru að fullu greidd og keypt eru á grundvelli sölu sem fyrirskipuð er með dómsúrskurði til þess að greiða skuldir eiganda bréfanna við félagið,

h) hlutabréf sem eru að fullu greidd og gefin eru út af fjárfestingarfélagi með fastafjármuni, eins og það er skilgreint í annarri undirgrein 7. mgr. 56. gr., og það félag eða tengt félag kaupir að ósk fjárfestingaraðilans. Ákvæði a-liðar þriðju undirgreinar 7. mgr. 56. gr. skal gilda. Þessi kaup mega ekki verða til þess að lækka verðgildi hreinna eigna niður fyrir fjárhæð skráðs hlutafjár, að viðbættum varasjóðum sem bannað er að úthluta úr.

2. Þó skal ráðstafa hlutabréfum, sem keypt eru í þeim tilvikum sem getið er um í b- til g-lið 1. mgr., innan þriggja ára frá kaupum á þeim nema nafnverð eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfært verð keyptra hlutabréfa, að meðtöldum hlutabréfum sem félagið kann að hafa keypt fyrir milligöngu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, fari ekki yfir 10% af skráðu hlutafé.

3. Ef afsal hlutabréfa á sér ekki stað innan þess tíma, sem kveðið er á um í 2. mgr., skal ógilda þau. Lög aðildarríkis geta kveðið á um að ógilding þessi sé háð tilsvareandi lækkun á skráðu hlutafé. Krefjast skal slíkrar lækkunar ef kaup hlutabréfa, sem á að ógilda, gera það að verkum að verðgildi hreinna eigna lækkar niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 56. gr.

62. gr.

#### **Afleiðingar ólögmatra kaupa á eigin hlutabréfum**

Ráðstafa skal hlutabréfum, sem keypt eru í bága við 60. gr. og 61. gr., innan eins árs frá því að þau eru keypt. Sé það ekki gert innan þessa tíma skal 3. mgr. 61. gr. gilda.

63. gr.

#### **Eignarhald á eigin hlutabréfum og ársskýrsla ef um er að ræða kaup á eigin hlutabréfum**

1. Ef lög aðildarríkis heimila félagi að kaupa eigin hlutabréf, annaðhvort sjálft eða fyrir milligöngu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skal eignarhald þeirra ætíð vera háð a.m.k. eftirfarandi skilyrðum:

a) af þeim réttindum, sem hlutabréfunum fylgja, verður að fella niður atkvæðisréttinn vegna eigin hlutabréfa félagsins,

b) ef hlutabréfin eru tiltekin meðal eigna á efnahagsreikningi skal varasjóður að sömu fjárhæð, sem ekki er tiltæk til úthlutunar, færður á skuldalið.

2. Ef lög aðildarríkis heimila félagi að kaupa eigin hlutabréf, annaðhvort sjálft eða fyrir milligöngu aðila, sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skulu þau setja það skilyrði að í ársskýrslu komi fram a.m.k.:

a) ástæður fyrir kaupum á fjárhagsárinu,

b) fjöldi og nafnverð eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfært verð hlutabréfanna sem keypt voru og ráðstafað á fjárhagsárinu, ásamt hlutfalli af skráðu hlutafé sem þau standa fyrir,

c) það endurgjald sem kemur fyrir hlutabréfin ef þau eru keypt eða þeim ráðstafað gegn gjaldi,

d) fjöldi og nafnverð eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, bókfært verð allra hlutabréfa sem keypt voru og félagið hefur eignarhald á, ásamt hlutfalli af skráðu hlutafé sem þau standa fyrir.

64. gr.

#### **Fjárhagsaðstoð félags vegna kaupa þriðja aðila á hlutabréfum þess**

1. Þegar aðildarríki heimilar félagi að leggja fram, annaðhvort beint eða óbeint, fé, veita lán eða setja tryggingu, með það í huga að þriðji aðili kaupir hlutabréf í því skulu þau gera slík viðskipti með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í 2.–5. mgr.

2. Viðskiptin skulu fara fram á ábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjórnar við sanngjarnar markaðsaðstæður, einkum með tilliti til vaxta sem félagið fær greidda og með tilliti til tryggingar sem félagið fær vegna þeirra lána og fyrirframgreiðslna sem um getur í 1. mgr.

Lánsfjárstaða þriðja aðila eða, þegar um er að ræða marghliða viðskipti, sérhvers aðila að viðskiptunum skal hafa verið rannsökuð til hlítar.



3. Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja viðskiptin fyrir hluthafafund til fyrirframsamþykkis og skal hluthafafundurinn fara að reglum um ályktunarhæfi og meirihluta sem mælt er fyrir um í 83. gr.

Stjórn eða framkvæmdastjórn skal leggja skriflega skýrslu fyrir hluthafafundinn þar sem:

- a) ástæður fyrir viðskiptunum eru tilgreindar,
- b) hagsmunir félagsins af slíkum viðskiptum eru tilgreindir,
- c) skilyrði fyrir því að gerast aðili að viðskiptunum eru tilgreind,
- d) áhættan, sem felst í viðskiptunum að því er varðar greiðsluhæfi og gjaldþol félagsins, er tilgreind og
- e) verðið sem þriðji aðili á að greiða fyrir hlutabréfin er tilgreint.

Þessa skýrslu skal senda til skrárinnar til birtingar í samræmi við 16. gr.

4. Samanlögð fjárhagsaðstoð til þriðju aðila má aldrei leiða til lækkunar á hreinni eign niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 56. gr. Þegar jafnframt er tekið tillit til lækkunar á hreinni eign sem kann að hafa átt sér stað þegar félagið sjálft, eða annar fyrir hönd þess, keypti sín eigin hlutabréf í samræmi við 1. mgr. 60. gr.

Félagið skal færa varasjóð, sem er ekki til úthlutunar, að fjárhæð sem nemur samanlagðri fjárhagsaðstoðinni, á skuldahlíð efnahagsreikningsins.

5. Ef þriðji aðili kaupir, með fjárhagsaðstoð frá félagi, hlutabréf í því félagi í skilningi 1. mgr. 60. gr. eða skráir sig fyrir hlutum sem gefnir eru út við aukningu á skráðu hlutafé, skulu slík kaup eða áskrift vera á sanngjörnu verði.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki um venjubundin viðskipti banka og annarra fjármálastofnana eða viðskipti sem gerð eru með það í huga að starfsmenn félagsins eða starfsmenn tengds félags kaupi hlutabréf eða að það sé gert fyrir þá.

Þó mega þessi viðskipti ekki hafa þau áhrif að lækka verðgildi hreinna eigna niður fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. 56. gr.

7. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki um viðskipti sem gerð eru með það í huga að kaupa hlutabréf eins og lýst er í h-lið 1. mgr. 61. gr.

65. gr.

#### **Viðbótarverndarráðstafanir þegar um viðskipti tengds aðila er að ræða**

Í tilvikum þar sem einstakir aðilar í stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins, sem er aðili að viðskiptum sem um getur í 1. mgr. 64. gr. þessarar tilskipunar, eða í stjórn eða framkvæmdastjórn móðurfyrirtækis, í skilningi 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, eða slíkt móðurfyrirtæki sjálft eða einstaklingar, sem koma fram í eigin nafni en fyrir hönd aðila í slíkum stofnunum eða fyrir hönd slíks fyrirtækis, eru mótaðilar í slíkum viðskiptum skulu aðildarríki gera fullnægjandi verndarráðstafanir til að tryggja að slík viðskipti stríði ekki gegn hagsmunum félagsins.

66. gr.

#### **Viðtaka á eigin hlutabréfum félags í formi tryggingar**

1. Viðtaka á eigin hlutabréfum félags í formi tryggingar, hvort sem félagið sjálft gerir það eða fyrir milligöngu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skal teljast kaup á hlutabréfum að því er varðar 60. gr., 61. gr. (1.mgr.), 63. og 64. gr.

2. Aðildarríkin mega taka þá ákvörðun að láta 1. mgr. ekki gilda um venjubundin viðskipti banka og annarra fjármálastofnana.

## 67. gr.

**Áskrift, kaup eða eign hlutabréfa í félagi þar sem hlutafélag hefur meirihluta atkvæðisréttar eða getur nýtt sér yfirburðarstöðu**

1. Áskrift, kaup eða eign hlutabréfa í hlutafélagi af hálfu annars félags af þeirri tegund, sem talin er upp í II. viðauka, þar sem hlutafélagið hefur, beint eða óbeint, meirihluta atkvæðisréttar eða getur nýtt sér yfirburðarstöðu með beinum eða óbeinum hætti, skal teljast til komið fyrir tilvernað hlutafélagsins sjálfs.

Fyrsta undirgrein gildir einnig ef hitt félagið lýtur lögum þriðja lands og hefur rekstrarform að lögum sem er sambærilegt þeim sem talin eru upp í II. viðauka.

Eigi hlutafélagið óbeint meirihluta atkvæðisréttar eða getur óbeint haft yfirburðarstöðu þurfa aðildarríki ekki að beita fyrstu og annarri undirgrein kveði þau á um niðurfellingu atkvæðisréttarins sem fylgir hlutabréfunum sem hitt félagið á í hlutafélaginu.

2. Ef landslög um hópa félaga eru ekki samræmd geta aðildarríki:

a) skilgreint hvenær hlutafélag telst hafa yfirburðarstöðu gagnvart öðru félagi; nýti aðildarríki sér þennan kost skal í öllum tilvikum kveðið á um í landslögum að hægt sé að beita yfirburðarstöðu ef hlutafélag:

- i. hefur rétt til að skipa eða víkja brott meirihluta aðila í stjórn félags, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og er á sama tíma hluthafi eða félagsaðili í hinu félaginu eða
- ii. er hluthafi eða félagsaðili í hinu félaginu og ræður eitt yfir meirihluta atkvæðisréttar hluthafa sinna samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félagsaðila þess félags.

Aðildarríkjum er ekki skylt að kveða á um önnur tilvik en þau sem um getur í i. og ii. lið fyrstu undirgreinar,

b) skilgreint hvenær hlutafélag telst hafa óbeinan atkvæðisrétt eða geta nýtt sér yfirburðarstöðu óbeint,

c) tilgreint við hvaða aðstæður hlutafélag telst hafa atkvæðisrétt.

3. Aðildarríki þurfa ekki að beita fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. ef áskrift, öflun eða eign hlutabréfa er fyrir hönd annars aðila en þess sem skráir sig fyrir, aflar eða á hlutabréfin og er hvorki hlutafélagið sem um getur í 1. mgr. né annað félag þar sem hlutafélagið hefur, beint eða óbeint, meirihluta atkvæðisréttar eða sem það getur nýtt sér yfirburðarstöðu gagnvart með beinum eða óbeinum hætti.

4. Aðildarríki þurfa ekki að beita fyrstu eða annarri undirgrein 1. mgr. ef áskrift, öflun eða eign hlutabréfa er til komin fyrir tilvernað hins félagsins í krafti og í tengslum við starfsemi þess sem fagaðila á sviði verðbréfavíðskipta, að því tilskildu að það sé aðili að verðbréfaþingi staðsettu eða starfræktu í aðildarríki, eða að það sé samþykkt af eða sæti eftirliti yfirvalds í aðildarríki sem er til þess bært að hafa eftirlit með fagaðilum á sviði verðbréfavíðskipta sem mega vera lánastofnanir í skilningi þessarar tilskipunar.

5. Aðildarríki þurfa ekki að beita fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. ef hlutabréfa, sem annað félag á í hlutafélagi, var aflað áður en tengsl félaganna tveggja uppfylltu skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Atkvæðisrétturinn, sem fylgir þessum hlutabréfum, fellur þó niður og tekið er tillit til hlutabréfanna þegar ákvarðað er hvort skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 60. gr., er fullnægt.

6. Aðildarríki þurfa ekki að beita 2. eða 3. mgr. 61. gr. eða 62. gr. ef hlutabréfa í hlutafélagi er aflað af öðru félagi með því skilyrði að þau kveði á um:

- a) að atkvæðisréttur, sem fylgir hlutabréfum annars félags í hlutafélagi, falli niður og
- b) að aðilum í stjórn eða framkvæmdastjórn hlutafélags sé skylt að kaupa aftur frá hinu félaginu hlutabréfin sem um getur í 2. og 3. mgr. 61. gr. og 62. gr. á því verði sem hitt félagið greiddi fyrir þau; þessum viðurlögum skal alltaf beitt nema þegar aðilar stjórnar eða framkvæmdastjórnar hlutafélagsins sanni að félagið hafi alls engan þátt tekið í áskrift að eða öflun hlutabréfanna sem um er að ræða.

## 5. þáttur

### Reglur um hækkun og lækkun hlutfjár

#### 68. gr.

#### Ákvörðun hluthafafundar um hlutfjárhækkun

1. Ákvörðun um hækkun hlutfjár skal taka á hluthafafundi. Birta skal upplýsingar um slíka ákvörðun og hækkun á skráðu hlutfé á þann hátt sem kveðið er á um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.
2. Þó mega stofnsamþykktir, stofnsamningur eða hluthafafundur, með ákvörðun sem birta skal í samræmi við reglur sem kveðið er á um í 1. mgr., heimila hækkun á skráðu hlutfé allt að hámarksfjárhæð sem ákveðin skal með tilhlýðilegu tilliti til hámarksfjárhæðar sem kveðið er á um í lögum. Þar sem við á skal hækkun á skráðu hlutfé ákveðin innan tiltekinnna marka fjárhæðar sem stofnun félagsins hefur vald til að ákveða. Hámarksgildistími heimildar þessarar stofnunar hvað þetta snertir skal vera fimm ár og hann má endurnýja einu sinni eða oftár á hluthafafundi, í hvert sinn til eigi lengri tíma en fimm ára.
3. Ef um er að ræða fleiri en einn flokk hlutabréfa skal ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutfjár, sem um getur í 1. mgr., eða heimild til hlutfjárhækkunar, sem um getur í 2. mgr., vera með fyrirvara um sérstaka atkvæðagreiðslu, a.m.k. að því er varðar hvern flokk hluthafa sem verða fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna ráðstöfunarinnar.
4. Grein þessi skal gilda um útgáfu allra verðbréfa sem unnt er að breyta í hlutabréf eða fela í sér rétt til áskriftar að hlutabréfum en ekki um breytingu á slíkum verðbréfum né notkun réttarins til áskriftar.

#### 69. gr.

#### Uppgreiðsla hlutabréfa sem gefin eru út gegn endurgjaldi

Ef um er að ræða hækkun á skráðu hlutfé skal greiða allt að 25% af nafnverði hlutabréfa sem gefin eru út gegn endurgjaldi eða, ef ekki er um nafnverð að ræða, af bókfærðu verði þeirra. Ef kveðið er á um útgáfubóknun skal greiða hana að fullu.

#### 70. gr.

#### Hlutabréf gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé

1. Ef hlutabréf eru gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé við hækkun á skráðu hlutfé skal endurgjaldið innt af hendi að fullu innan fimm ára frá ákvörðun um hækkun skráðs hlutfjár.
2. Fengnir skulu einn eða fleiri sérfræðingar, sem eru óháðir félaginu og skipaðir eða samþykktir af hálfu stjórnsýslu- eða dómsmálayfirvalds, til að gera skýrslu um endurgjaldið sem um getur í 1. mgr. áður en hlutfjárhækkun á sér stað. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar jafnt sem lögaðilar og félög og fyrirtæki samkvæmt lögum hvers aðildarríkis.

Beita skal 49. gr. (2. og 3. mgr.), 50. gr. og 51. gr.

3. Aðildarríki mega ákveða að beita ekki 2. mgr. þegar um er að ræða hækkun á skráðu hlutfé í þeim tilgangi að hrinda í framkvæmd samruna, skiptingu eða almennu útboði um kaup eða skipti á hlutabréfum og að greiða hluthöfum félagsins, sem verið er að yfirtaka eða skipta eða sem hið almenna útboð snýst um, fyrir kaupin eða skiptin á hlutabréfunum.

Þegar um er að ræða samruna eða skiptingu skulu aðildarríki engu að síður einungis beita fyrstu undirgrein þegar skýrsla eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samruna- eða skiptingaráætlun er tekin saman.

Þegar aðildarríki ákveða að beita 2. mgr., þegar um samruna eða skiptingu er að ræða, geta þau kveðið á um að sami sérfræðingur eða sérfræðingar taki saman skýrsluna samkvæmt þessari grein og skýrslu eins eða fleiri óháðra sérfræðinga um samruna- eða skiptingaráætlun.

4. Aðildarríki geta ákveðið að láta 2. mgr. ekki gilda ef öll hlutabréf, sem gefin eru út við hækkun skráðs hlutfjár, eru gefin út gegn öðru endurgjaldi en reiðufé til eins eða fleiri félaga, með því skilyrði að allir hluthafar félagsins, sem taka við endurgjaldi, hafi komið sér saman um að láta ekki vinna skýrslu sérfræðinga og að kröfur b- til f-liðar 4. mgr. 49. gr. hafi verið uppfylltar.

71. gr.

### **Áskrift fæst ekki fyrir allri hlutfjárhækkuninni**

Fáist ekki áskrift fyrir allri hlutfjárhækkuninni eykst hlutfé um þá fjárhæð sem nemur mótteknu skráðu hlutfé einungis þegar skilyrði varðandi útgáfu kveða á um slíkt.

72. gr.

### **Hlutfé hækkað með endurgjaldi í reiðufé**

1. Hvenær sem hlutfé er hækkað með endurgjaldi í reiðufé skal bjóða hluthöfum forkaupsrétt að hlutabréfum í réttu hlutfalli við hlutfé það sem að baki hlutabréfum þeirra stendur.

2. Lög aðildarríkis:

a) þurfa ekki að beita 1. mgr. gagnvart hlutabréfum ef þeim fylgir takmarkaður réttur til úthlutunar í skilningi 56. gr. og/eða til eigna félagsins við skiptameðferð eða

b) mega, í því tilviki að skráð hlutfé félags, sem hefur fleiri en einn flokk hlutabréfa með mismunandi rétt til atkvæðagreiðslu eða þátttöku í úthlutun í skilningi 56. gr. eða eignum við skiptameðferð, er hækkað með því að gefa út ný hlutabréf í aðeins einum þessara flokka, því aðeins heimila hluthöfum hinna hlutabréfaflokkanna að nýta forkaupsrétt sinn að hluthafar þess flokks, sem verið er að gefa út ný hlutabréf í, hafi nýtt sér sinn forkaupsrétt.

3. Tilboð um áskrift með forkaupsrétti og tímamörk sem sett eru um rétt til að nýta hann skal birta í lögbirtingablaði því sem tilgreint er í samræmi við 16. gr. Þó þurfa lög aðildarríkis ekki að kveða á um slíka birtingu ef öll hlutabréf félags eru skráð. Í því tilviki skal tilkynna öllum hluthöfum félagsins það skriflega. Nýta skal forkaupsrétt innan tímamarka sem skulu ekki vera styttri en 14 dagar frá birtingardegi tilboðsins eða frá sendingardegi bréfanna til hluthafanna.

4. Ekki má takmarka forkaupsrétt né fella hann niður í stofnsamþykktum eða stofnsamningi. Þó má framkvæma slíkt samkvæmt ákvörðun hluthafafundar. Stjórnendum ber skylda til að leggja skriflega skýrslu fyrir slíkan fund um ástæður takmarkana og niðurfellingar forkaupsréttar ásamt því að rökstyðja tillögur um útgáfuverð. Hluthafafundurinn skal fara að reglum um ályktunarhæfi og meirihluta sem mælt er fyrir um í 83. gr. Ákvörðun hans skal birta á þann hátt sem lög hvers aðildarríkis mæla fyrir um í samræmi við 16. gr.

5. Lög aðildarríkis mega kveða á um að stofnsamþykktir, stofnsamningur eða hluthafafundur geti, í samræmi við reglur um ályktunarhæfi, meirihluta og birtingu sem fram kemur í 4. mgr. þessarar greinar, heimilað takmörkun eða afturköllun á forkaupsrétti og falið það vald þeirri stofnun félagsins sem hefur heimild til að taka ákvörðun um að hækka hlutfé innan þeirra takmarkana sem gilda um samþykkt hlutfé. Ekki má veita slíka heimild til lengri tíma en kveðið er á um 2. mgr. 68. gr.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda um útgáfu allra verðbréfa sem unnt er að breyta í hlutabréf eða fela í sér rétt til áskriftar að hlutabréfum en ekki breytingu á slíkum verðbréfum né nýtingu réttarins til áskriftar.

7. Í samræmi við ákvörðun um að hækka skráð hlutafé er forkaupsréttur ekki útilokaður að því er varðar 4. og 5. mgr. þegar hlutabréf eru útgefin til banka eða annarra fjármálastofnana með það í huga að bjóða þau hluthöfum félagsins í samræmi við 1. og 3. mgr.

73. gr.

#### **Ákvörðun hluthafafundar um að lækka skráð hlutafé**

Lækkun skráðs hlutafjár, nema samkvæmt dómsúrskurði, skal vera háð a.m.k. ákvörðun hluthafafundar í samræmi við reglur um ályktunarhæfi og meirihluta sem mælt er fyrir um í 83. gr., með fyrirvara um 79. og 80. gr. Slíka ákvörðun skal birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

Í fundarboði skal a.m.k. greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram.

74. gr.

#### **Lækkun skráðs hlutafjár í nokkrum flokkum hlutabréfa**

Ef um er að ræða nokkra flokka hlutabréfa skal ákvörðun hluthafafundar um lækkun á skráðu hlutafé vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu, a.m.k. að því er varðar hvern flokk hluthafa sem verður fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna ráðstöfunarinnar.

75. gr.

#### **Verndarráðstafanir fyrir lánveitendur ef skráð hlutafé lækkar**

1. Ef um er að ræða lækkun á skráðu hlutafé skulu a.m.k. þeir lánveitendur, sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu ákvörðunarinnar um lækkunina, eiga rétt á að fá a.m.k. tryggingu fyrir kröfum sem hafa ekki fallið í gjalddaga á þeim birtingardegi. Aðildarríki mega ekki sniðganga þennan rétt nema lánveitandinn hafi gert fullnægjandi verndarráðstafanir eða slíkar verndarráðstafanir séu ónauðsynlegar með tilliti til eigna félagsins.

Aðildarríki skulu fastsetja skilyrði fyrir nýtingu þess réttar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein. Aðildarríki skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnarsýslu- eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna lækkunar á hlutafé sem þeir hafa skráð sig fyrir og vegna þess að félagið hefur ekki gert fullnægjandi verndarráðstafanir.

2. Lög aðildarríkjanna skulu a.m.k. einnig hafa að geyma ákvæði um að lækkunin skuli ógild eða að engin greiðsla megi koma til í þágu hluthafa fyrr en lánveitendum hefur verið greitt eða dómstóll ákveðið að ekki skuli fallist á kröfur þeirra.

3. Grein þessi gildir ef lækkun skráðs hlutafjár kemur til vegna þess að greiðsla eftirstöðva af framlagi hluthafa er gefin eftir að fullu eða að hluta.

76. gr.

#### **Undanþága frá verndarráðstöfunum fyrir lánveitendur ef skráð hlutafé lækkar**

1. Aðildarríki er heimilt að beita ekki 75. gr. ef tilgangur lækkunar á skráðu hlutafé er að jafna tap eða leggja fjárhæðir í varasjóð með þeim fyrirvara að eftir þessa aðgerð sé varasjóðsfjárhæð ekki hærrí en 10% af lækkuðu skráðu hlutafé. Ekki má úthluta úr þessum varasjóði til hluthafa nema skráð hlutafé sé lækkað; aðeins má nota varasjóðinn til að jafna tap eða hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr honum, að svo miklu leyti sem aðildarríkin heimila slíka aðgerð.

2. Í þeim tilvikum sem um getur 1. mgr. skulu lög aðildarríkjanna a.m.k. kveða á um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki megi nota fé það sem fæst með lækkun á skráðu hlutafé til þess að standa straum af greiðslum eða úthlutunum til hluthafa eða að leysa hluthafa undan skuldbindingum um framlög.

77. gr.

#### Lækkun skráðs hlutafjár og lágmarkshlutafé

Ekki má lækka skráð hlutafé niður fyrir fjárhæð sem er lægri en það lágmarkshlutafé sem mælt er fyrir um í samræmi við 45. gr.

Þó geta aðildarríki heimilað slíka lækkun ef þau kveða einnig á um að ákvörðunin um að lækka skráð hlutafé öðlist aðeins gildi þegar skráð hlutafé er hækkað allt að fjárhæð sem er a.m.k. jafnhá lágmarksfjárhæð sem mælt er fyrir um.

78. gr.

#### Innlausn skráðs hlutafjár án lækkunar

Ef lög aðildarríkis heimila innlausn skráðs hlutafjár að fullu eða að hluta án þess að það lækki skulu þau a.m.k. gera þá kröfu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) ef stofnsamþykktir eða stofnsamningur kveða á um innlausn skal hún ákveðin með atkvæðagreiðslu á hluthafafundi sem fullnægir a.m.k. skilyrðum um ályktunarhæfi og meirihluta; ef stofnsamþykktir eða stofnsamningur kveða ekki á um innlausn skal ákveða hana á hluthafafundi sem fullnægir a.m.k. skilyrðum um ályktunarhæfi og meirihluta skv. 83. gr.; birta skal ákvörðunina á þann hátt sem ákveðið er í lögum aðildarríkja, í samræmi við 16. gr.,
- b) aðeins má nota til innlausnar fjármagn sem er tiltækt til úthlutunar í skilningi 1.–4. mgr. 56. gr.,
- c) hluthafar, sem innleysa hlutabréf sín, skulu halda réttindum sínum í félaginu, þó ekki réttindum til endurgreiðslu fjárfestinga sinna og hlutdeildar í fyrstu úthlutun arðs af óinnleystum hlutabréfum.

79. gr.

#### Lækkun skráðs hlutafjár með skyldubundinni innköllun hlutabréfa

1. Ef lög aðildarríkis heimila félögum að lækka skráð hlutafé sitt með skyldubundinni innköllun hlutabréfa skulu þau gera þá kröfu að a.m.k. eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) stofnsamþykktir félags eða stofnsamningur skulu mæla fyrir um eða heimila skyldubundna innköllun áður en áskrift að þeim hlutabréfum, sem innkalla á, fer fram,
- b) þegar skyldubundin innköllun er aðeins heimilud í stofnsamþykktum eða stofnsamningi skal hún ákveðin á hluthafafundi nema hún hafi verið samþykkt samhljóða af þeim hluthöfum sem hlut eiga að máli,
- c) sú stofnun félagsins sem tekur ákvarðanir um skyldubundna innköllun skal ákveða skilmála og þær aðferðir sem nota skal mæli stofnsamþykktir eða stofnsamningur ekki fyrir um það,
- d) ákvæði 75. gr. gilda nema í því tilviki að hlutabréf séu að fullu greidd og félag eigi kost á þeim án endurgjalds eða þau eru innkölluð með því að nota fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 56. gr.; í þessum tilvikum skal fjárhæð, sem er jafnhá nafnverði eða, ef ekki er um slíkt að ræða, bókfærðu verði allra innkallaðra hlutabréfa, vera fyrir hendi í varasjóði; ekki má úthluta hluthöfum úr þessum varasjóði nema skráð hlutafé sé lækkað; aðeins má nota varasjóðinn til að jafna tap eða hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr honum að svo miklu leyti sem aðildarríki heimila slíka aðgerð og
- e) ákvörðun um skyldubundna innköllun skal birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

2. Ákvæði fyrstu málsgreinar 73. gr., svo og 74., 76. og 83. gr., gilda ekki í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

*80. gr.***Lækkun á skráðu hlutafé með innköllum hlutabréfa sem félagið hefur sjálft eignast eða annar fyrir þess hönd**

1. Verði lækkun á skráðu hlutafé við innköllum hlutabréfa, sem félagið hefur sjálft eignast eða aðili sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins, skal hluthafafundur ætíð ákveða innköllunina.
2. Ákvæði 75. gr. gilda nema hlutabréf séu að fullu greidd og fengin án endurgjalds eða með því að nota fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 56. gr.; í þessum tilvikum skal leggja í varasjóð fjárhæð sem er jafnhá öllum innkölluðum hlutabréfum að nafnverði eða bókfærðu verði ef ekki er um nafnverð að ræða. Ekki má úthluta hluthöfum úr þessum varasjóði nema skráð hlutafé sé lækkað. Aðeins má nota varasjóðinn til að jafna tap eða hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr honum að svo miklu leyti sem aðildarríkin heimila slíka aðgerð.
3. Ákvæði 74., 76. og 83. gr. gilda ekki í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

*81. gr.***Innlausn skráðs hlutafjár eða lækkun með innköllum hlutabréfa í nokkrum flokkum hlutabréfa**

Í þeim tilvikum, sem greint er frá í 78. gr., 79. gr. (b-liður 1.mgr.) og 80. gr. (1. mgr.), þegar um fleiri en einn flokk hlutabréfa er að ræða, skal ákvörðun hluthafafundar um innlausn skráðs hlutafjár eða lækkun þess með því að innkalla hlutabréf vera háð sérstakri atkvæðagreiðslu, a.m.k. fyrir hvern flokk hluthafa sem verða fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna ráðstöfunarinnar.

*82. gr.***Skilyrði fyrir innlausn hlutabréfa**

Heimili lög aðildarríkis félögum að gefa út innleysanleg hlutabréf skulu þau gera þá kröfu að a.m.k. eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt ef slík hlutabréf eru innleyst:

- a) innlausn skal vera heimiluð samkvæmt stofnsamþykktum félagsins eða stofnsamningi þess áður en innleysanleg hlutabréf fara í áskrift,
- b) hlutabréfin verða að vera greidd að fullu,
- c) mæla verður fyrir um skilmála og innlausnaraðferð í stofnsamþykktum eða stofnsamningi félagsins,
- d) innlausn er aðeins hægt að koma til framkvæmda með því að nýta fjármagn sem tiltækt er til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 56. gr. eða tekjur af nýrri útgáfu sem fram fer með það í huga að koma slíkri innlausn til framkvæmda,
- e) fjárhæð, sem er jafnhá nafnverði, eða, ef ekki er um slíkt að ræða, bókfærðu verði allra innleystra hlutabréfa verður að vera fyrir hendi í varasjóði sem ekki er unnt að úthluta úr til hluthafa nema um lækkun skráðs hlutafjár sé að ræða; aðeins má nota varasjóðinn í þeim tilgangi að hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr honum,
- f) e-liður á ekki við um innlausn þar sem notaðar eru tekjur af nýrri útgáfu sem fram fer með það í huga að koma slíkri innlausn til framkvæmda,
- g) þar sem kveðið er á um greiðslu þóknunar til hluthafa vegna innlausnar má aðeins greiða þóknunina af fé sem er tiltækt til úthlutunar í samræmi við 1.–4. mgr. 56. gr., eða úr öðrum varasjóðum en vísað er til í e-lið þessarar greinar sem ekki má úthluta úr til hluthafa nema í því tilviki að skráð hlutafé sé lækkað; aðeins má sækja í þessa varasjóði í þeim tilgangi að hækka skráð hlutafé með tilfærslu úr varasjóði eða til þess að standa straum af kostnaði sem greint er frá í j-lið 4. gr. eða kostnaðinum við að gefa út hlutabréf eða skuldabréf eða til að greiða þóknun til handhafa innleysanlegra hlutabréfa eða skuldabréfa,

h) tilkynningu um innlausn skal birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

83. gr.

### **Kröfur varðandi atkvæðagreiðslu vegna ákvarðana hluthafafundar**

Lög aðildarríkjanna skulu kveða á um að samþykkja skuli þær ákvarðanir, sem um getur í 72. gr. (4. og 5. mgr.) og 73., 74., 78. og 81. gr., með a.m.k. tveimur þriðju hluta þeirra atkvæða sem standa að baki verðbréfum eða skráðu hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir.

Lög aðildarríkjanna mega þó kveða á um að einfaldur meirihluti atkvæða, sem tilgreindur er í fyrstu málsgrein, sé nægilegur þegar farið er með atkvæði fyrir a.m.k. helming skráðs hlutafjár.

6. þáttur

### **Fyrirkomulag við beitingu og framkvæmd**

84. gr.

### **Undanþágur frá tilteknum kröfum**

1. Aðildarríki mega gera undanþágu frá 48. gr. (fyrsta málsgrein), 60. gr. (fyrsti málsliður a-liðar 1. mgr.) og 68., 69. og 72. gr., að svo miklu leyti sem slíkar undanþágur eru nauðsynlegar vegna samþykktar eða beitingar ákvæða sem ætlað er að hvetja til þátttöku starfsmanna eða annarra hópa einstaklinga, sem skilgreindir eru í landslögum, í hlutafé fyrirtækja.
2. Aðildarríki geta ákveðið að beita ekki 60. gr. (fyrsti málsliður a-liðar 1. mgr.) og 73., 74. og 79.-82. gr. um félög sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum og gefa út eiginfjárlutabréf og starfsmannahlutabréf, hin síðarnefndu til starfsmanna félagsins sem heildar, er hafa sína fulltrúa með atkvæðisrétti á hluthafafundi.
3. Aðildarríki skulu tryggja að 49. gr., 58. gr. (1. mgr.), 68. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 70. gr. (fyrsta undirgrein 2. mgr.), 72.-75. gr. og 79., 80. og 81. gr. gildi ekki þegar um er að ræða notkun skilaúrræða, valdheimilda og aðferða sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB <sup>(1)</sup>.

85. gr.

### **Jöfn meðferð allra hluthafa í sömu stöðu**

Við framkvæmd þessa kafla skulu aðildarríkin tryggja með lögum jafna meðferð allra hluthafa í sömu stöðu.

86. gr.

### **Umbreytingarákvæði**

Aðildarríki mega ákveða að beita ekki g-, i-, j-, og k-lið 4. gr. um félög sem þegar hafa verið stofnuð á gildistökudegi laga og stjórnáslufyrirmæla sem samþykkt voru til að fara að tilskipun ráðsins 77/91/EBE <sup>(2)</sup>.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

<sup>(2)</sup> Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í Bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar hlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og breytingar á því í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálan til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjttíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1).



## II. BÁLKUR

## SAMRUNI OG SKIPTING FÉLAGA MEÐ TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ

## I. KAFLI

*Samruni hlutafélaga*

## 1. þáttur

**Almenn ákvæði um samruna**

## 87. gr.

**Almenn ákvæði**

1. Ráðstafanir til samræmingar, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, skulu taka til laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum um þær gerðir félaga sem eru taldar upp í I. viðauka.
2. Aðildarríki þurfa ekki að beita þessum kafla gagnvart samvinnufélögum sem eru stofnuð sem ein tegund félaga sem taldar eru upp í I. viðauka. Að því marki sem þessi möguleiki er nýttur í löggjöf aðildarríkjanna skal þess krafist af slíkum félögum að þau noti orðið „samvinnufélag“ í öllum skjölum sem um getur í 26. gr.
3. Aðildarríki þurfa ekki að beita þessum kafla í tilvikum þar sem félagið eða félögin, sem eru tekin yfir eða verða ekki lengur til, eru viðfangsefni gjaldþrotameðferðar, slits ógjaldfærra félaga, nauðasamninga og hliðstæðra meðferða.
4. Aðildarríki skulu tryggja að þessi kafli gildi ekki þegar um er að ræða félag eða félög sem falla undir skilaúrræði, valdheimildir eða aðferðir sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 2014/59/ESB.

## 88. gr.

**Reglur um samruna með yfirtöku og samruna með stofnun nýs félags**

Aðildarríki skulu, að því er varðar félög sem lúta landslögum þeirra, kveða á um reglur sem gilda um samruna með yfirtöku félags á einu eða fleiri félögum og samruna með stofnun nýs félags.

## 89. gr.

**Skilgreining á „samruna með yfirtöku“**

1. Í þessum kafla merkir „samruni með yfirtöku“ sú aðgerð þar sem einu eða fleiri félögum er slitið án skiptameðferðar og allar eignir og skuldir eru yfirfærðar til annars í skiptum fyrir útgáfu hlutabréfa í yfirtökufélaginu til hluthafa félagsins eða félaganna sem eru tekin yfir og greiðsla í reiðufé, ef einhver er, sem fer ekki yfir 10% af nafnverði þeirra hlutabréfa sem þannig eru gefin út eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfærðu verði þeirra.
2. Lög aðildarríkis geta kveðið á um að samruni með yfirtöku geti einnig farið fram þegar eitt eða fleiri félög, sem eru tekin yfir, eru í skiptameðferð, að því tilskildu að sá valkostur sé takmarkaður við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til hluthafa sinna.

## 90. gr.

**Skilgreining á „samruna með stofnun nýs félags“**

1. Í þessum kafla merkir „samruni með stofnun nýs félags“ sú aðgerð þar sem nokkrum félögum er slitið án skiptameðferðar og þau flutt yfir í félag þar sem allar eignir og skuldir þess koma í skiptum fyrir útgáfu hlutabréfa til hluthafa þeirra í nýja félaginu og greiðsla í reiðufé, ef einhver er, fer ekki yfir 10% af nafnverði þeirra hlutabréfa sem eru gefin út á þennan hátt eða, ef ekki er getið um nafnverð, bókfærðu verði þeirra.

2. Lög aðildarríkis geta kveðið á um að samruni með stofnun nýs félags geti einnig farið fram þegar eitt eða fleiri félög sem lögð eru niður eru í skiptameðferð, að því tilskildu að sá valkostur sé takmarkaður við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til hluthafa sinna.

## 2. þáttur

### Samruni með yfirtöku

#### 91. gr.

#### Samrunaáætlun

1. Stjórnir eða framkvæmdastjórnir samrunafélaganna skulu gera skriflega samrunaáætlun.
2. Samrunaáætlun skal að lágmarki tilgreina:
  - a) tegund, heiti og skráða skrifstofu hvers samrunafélags,
  - b) skiptihlutfall hlutabréfa og fjárhæð greiðslna í reiðufé,
  - c) skilmála að því er varðar úthlutun hluta í yfirtökufélaginu,
  - d) daginn þegar réttur handhafa þeirra hlutabréfa til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði varðandi þann rétt,
  - e) frá hvaða degi viðskipti félagsins, sem tekið er yfir, skuli fá bókhaldsmeðferð sem viðskipti yfirtökufélagsins,
  - f) hvaða réttindi yfirtökufélagið veitir handhöfum þeirra hlutabréfa sem sérstök réttindi fylgja og handhöfum verðbréfa, annarra en hlutabréfa, eða hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar í því sambandi,
  - g) hvers kyns sérstakan ávinning sem er veittur sérfræðingunum sem um getur í 1. mgr. 96. gr. og þeim sem sitja í stjórnnum, framkvæmdastjórnnum eða eftirlitsstjórnnum samrunafélaganna.

#### 92. gr.

#### Birting samrunaáætlunar

Birta skal samrunaáætlunina með þeim hætti sem er lýst í lögum aðildarríkjanna í samræmi við 16. gr. fyrir hvert samrunafélag, a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn sem skal taka ákvörðun þar að lútandi.

Samrunafélag skal undanþegið þeim birtingarkröfum sem mælt er fyrir um í 16. gr. ef það gerir, á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn þar sem taka skal ákvörðun um samrunaáætlunina, og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, áætlunina um samrunann aðgengilega almenningi á vefsetri sínu endurgjaldslaust. Aðildarríki skulu ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis gert slíkar kröfur eða sett slíkar takmarkanir sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

Þrátt fyrir aðra málsgrein þessarar greinar geta aðildarríki krafist þess að birting fari fram fyrir milligöngu miðlæga, rafræna vettvangsins sem um getur í 5. mgr. 16. gr. Aðildarríki geta að öðrum kosti krafist þess að slík birting fari fram á öðru vefsetri sem þau tilnefna í þessum tilgangi. Nýti aðildarríki sér einn af þessum möguleikum skulu það tryggja að ekki sé innheimt sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Ef annað vefsetur en miðlægi, rafræni vettvangurinn er notað skal birta vísun sem veitir aðgang að því vefsetri á miðlæga, rafræna vettvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn. Í þeirri vísun skal tilgreina birtingardag samrunaáætlunar á vefsetrinu og skal hún vera aðgengileg almenningi án endurgjalds. Ekki skal innheimta sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið, sem kemur í veg fyrir innheimtu sérstaks gjalds af félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðju og fjórðu málsgrein, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja til að velta kostnaði vegna miðlæga, rafræna vettvangsins yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu eða, eftir atvikum, á miðlæga, rafræna vettvangnum eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefna. Aðildarríki geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetrinu eða miðlæga, rafræna vettvangnum sem rekja má til tæknilegra þátta eða annarra þátta.

93. gr.

### **Samþykki hluthafafundar sérhvers samrunafélags**

1. Samruni útheimtir að lágmarki samþykki hluthafafundar sérhvers samrunafélags. Lög aðildarríkisins skulu kveða á um að með þessari ákvörðun til samþykkis skuli krafist meirihluta ekki færri en tveggja þriðju hluta atkvæða, sem eru annaðhvort tengd við hlutabréfin eða við skráð hlutafé sem farið er með atkvæði fyrir.

Lög aðildarríkis geta þó kveðið á um að einfaldur meirihluti atkvæða, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein, sé fullnægjandi þegar farið er með atkvæði fyrir að lágmarki helmingi skráðs hlutafjár. Þar að auki, eftir því sem við á, skulu reglurnar um breytingar á stofnsamningum og stofnsamþykktum gilda.

2. Þar sem fleiri en einn flokkur hlutabréfa er fyrir hendi skal ákvörðunin varðandi samruna vera með fyrirvara um sérstaka atkvæðagreiðslu a.m.k. hvers flokks hluthafa sem verður fyrir því að réttindi þeirra breytast vegna ráðstöfunarinnar.

3. Ákvörðunin skal ná yfir bæði samþykki samrunaáætlunarinnar og hvers kyns breytinga á stofnsamningnum og stofnsamþykktum sem samruninn útheimtir.

94. gr.

### **Undanþága frá kröfu um samþykki hluthafafundar yfirtökufélagsins**

Ekki er nauðsynlegt að í lögum aðildarríkis sé krafist samþykkis hluthafafundar yfirtökufélagsins fyrir samrunanum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) birtingin, sem kveðið er á um í 92. gr., sé framkvæmd fyrir yfirtökufélagið a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafund félagsins eða félaganna, sem eru tekin yfir, þar sem tekin er ákvörðun um samrunaáætlunina,
- b) allir hluthafar yfirtökufélagsins eigi rétt á að skoða skjölin sem tilgreind eru í 1. mgr. 97. gr. á skráðri skrifstofu yfirtökufélagsins a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er tilgreindur í a-lið,
- c) einn eða fleiri hluthafar yfirtökufélagsins, sem eiga lágmarkshlutfall skráðs hlutafjár, eiga rétt á að krefjast þess að hluthafafundur yfirtökufélagsins ákvarði hvort samþykkja eigi samrunann; þetta lágmarkshlutfall má ekki fastsetja við meira en 5%. Aðildarríki geta engu að síður kveðið á um að hlutabréf án atkvæðisréttar séu ekki talin með í þessum útreikningi.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar gilda 2., 3. og 4. mgr. 97. gr.

95. gr.

### **Ítarleg skrifleg skýrsla og upplýsingar um samruna**

1. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers samrunafélags skal semja nákvæma skriflega skýrslu til skýringar á samrunaáætlun og með lagalegum og fjárhagslegum ástæðum samrunans, einkum á skiptihlutfalli hlutabréfa.

Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamát skal einnig fjalla um þau í skýrslunni.

2. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers félags, sem á hlut að máli, skal upplýsa hluthafafund félags og stjórnir eða framkvæmdastjórnir hinna félaganna, sem hlut eiga að máli, til að hin síðarnefndu geti gefið hluthafafundum sínum upplýsingar um breytingar, sem skipta máli, á eignum og skuldum frá því að samrunaáætlanir eru samdar og þar til þeir hluthafafundir eru haldnir sem ákvarða skulu um samrunaáætlanirnar.

3. Aðildarríki geta ákveðið að skýrslunnar, sem um getur í 1. mgr., og/eða upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr., sé ekki krafist ef allir hluthafar og handhafar annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í samrunanum, eru sammála um það.

96. gr.

### **Rannsókn sérfræðinga á samrunaáætluninni**

1. Einn eða fleiri sérfræðingar, sem koma fram fyrir hönd sérhvers samrunafélags en eru þó óháðir þeim, tilnefndir eða samþykktir af dómsmála- eða stjórnarsýslufirvaldi, skulu rannsaka samrunaáætlunina og taka saman skriflega skýrslu fyrir hluthafana. Lög aðildarríkjanna geta, engu að síður, kveðið á um tilnefningu eins eða fleiri óháðra sérfræðinga fyrir öll samrunafélögin ef slík tilnefning er gerð af dómsmála- eða stjórnarsýslufirvaldi eftir sameiginlega beiðni þessara félaga. Eftir því sem kveðið kann að vera á um í löggjöf hvers aðildarríkis geta sérfræðingar þessir verið einstaklingar eða lögaðilar eða félög eða fyrirtæki.

2. Í skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skulu sérfræðingarnir skýra, hvað sem öðru líður, frá því hvort þeir telji skiptihlutfall hlutabréfa sanngjarnt og réttmætt. Yfirlýsing þeirra skal að lágmarki:

- a) gefa til kynna þá eða þær aðferðir sem eru notaðar til að finna ætlað skiptihlutfall hlutabréfa,
- b) tilgreina hvort slík aðferð eða aðferðir eru fullnægjandi í umræddu tilviki, gefa til kynna virðið sem fundið er með því að nota sérhverja slíka aðferð og veita álit um hlutfallslegt mikilvægi sem er rakið til slíkra aðferða við að finna virðið sem ákvarðað er.

Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamat skal einnig fjalla um þau í skýrslunni.

3. Sérhver sérfræðingur skal eiga rétt á að fá allar viðeigandi upplýsingar og skjöl frá samrunafélögunum og annast allar nauðsynlegar rannsóknir.

4. Hvorki er þörf á rannsókn samrunaáætlunar né skýrslu sérfræðings ef allir hluthafar og handhafar annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í samrunanum, eru sammála um það.

97. gr.

### **Aðgengi hluthafa að skjölum til skoðunar**

1. Allir hluthafar skulu eiga rétt á að skoða a.m.k. eftirfarandi skjöl á skráðu skrifstofunni a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem taka skal ákvörðun um samrunaáætlunina:

- a) samrunaáætlunina,
- b) ársreikninga og ársskýrslur samrunafélaganna frá þremur undangengnum fjárhagsárum,
- c) eftir atvikum, reikningsskil sem eru gerð í fyrsta lagi fyrsta dag þriðja mánaðar fyrir þann dag sem samrunaáætlunin er gerð, ef síðasti ársreikningur er fyrir fjárhagsár sem lauk meira en sex mánuðum fyrir þann dag,
- d) eftir atvikum, skýrslu stjórna eða framkvæmdastjórna samrunafélaganna sem kveðið er á um í 95. gr.,
- e) eftir atvikum, skýrslu þá sem kveðið er á um í 1. mgr. 96. gr.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal ekki krefjast reikningsskila ef félag birtir hálfársreikningsskil í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB og gerir þau aðgengileg hluthöfum í samræmi við þessa málsgrein. Auk þess geta aðildarríki kveðið á um að ekki verði krafist reikningsskila ef allir hluthafar og handhafar annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í samrunanum, eru sammála um það.

2. Reikningsskilin, sem kveðið er á um í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skal gera með sömu aðferðum og sama fyrirkomulagi og fyrir síðasta árlega efnahagsreikning.

Þó má setja ákvæði í lög aðildarríkis um að:

- a) ekki sé nauðsynlegt að framkvæma nýja birgðatalningu,
- b) matið, sem birt er í síðasta efnahagsreikningi, eigi einungis að breytast til að endurspegla færslur í bókhaldinu; engu að síður á að taka tillit til eftirfarandi:

- bráðabirgðaafskrifta og reiknaðra skuldbindinga,
- verulegra raunvirðisbreytinga sem ekki koma fram í bókhaldi.

3. Hver hluthafi skal eiga rétt á, fari hann fram á það, að fá endurgjaldslaust afhent afrit af þeim skjölum, sem um getur í 1. mgr., í heild eða, ef hann svo kýs, að hluta.

Ef hluthafi hefur fallist á að félagið noti rafrænar aðferðir við miðlun upplýsinga má senda slík skjöl með tölvupósti.

4. Félag skal undanþegið kröfunni um að gera skjölin, sem um getur í 1. mgr., aðgengileg á skráðri skrifstofu sinni ef það gerir þau aðgengileg á vefsetri sínu á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn sem á að taka ákvörðun um samrunaáætlunina og því er ekki hætt fyrir en þeim fundi lýkur. Aðildarríki skulu ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis gert slíkar kröfur eða sett slíkar takmarkanir sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda ef vefsetrið gefur hluthöfum kost á niðurhali og prentun skjala, sem um getur í 1. mgr., á tímabilinu sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í því tilviki geta aðildarríki þó kveðið á um að félag geri þessi skjöl aðgengileg hluthöfum til skoðunar á skráðri skrifstofu sinni.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í tiltekinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu. Aðildarríki geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetrinu sem m.a. má rekja til tæknilegra þátta eða annarra þátta.

98. gr.

#### **Vernd réttinda starfsmanna**

Vernd réttinda starfsmanna hvers samrunafélags skal reglufesta í samræmi við tilskipun 2001/23/EB.

99. gr.

#### **Vernd hagsmuna lánveitenda samrunafélaganna**

1. Lög aðildarríkjanna skulu kveða á um fullnægjandi kerfi til verndar hagsmunum lánveitenda samrunafélaganna sem eiga kröfur frá því fyrir birtingu samrunaáætlunarinnar sem falla ekki í gjalddaga við birtingu hennar.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal í lögum aðildarríkjanna a.m.k. kveða á um að þessir lánveitendur eigi rétt á fullnægjandi tryggingum þegar slík vernd er nauðsynleg vegna fjárhagsstöðu samrunafélaganna enda hafi lánveitendur ekki þá þegar nægar tryggingar.

Aðildarríki skulu mæla fyrir um skilyrði verndar sem kveðið er á um í 1. mgr. og í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðildarríki skulu, hvað sem öðru líður, tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnslu- eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna samrunans og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.

3. Slík vernd getur verið mismunandi fyrir lánveitendur yfirtökufélagsins og lánveitendur þess félags sem tekið er yfir.

*100. gr.*

#### **Vernd hagsmuna handhafa skuldabréfa í samrunafélögunum**

Með fyrirvara um þær reglur, sem gilda um sameiginlega nýtingu réttinda þeirra, skal 99. gr. gilda um handhafa skuldabréfa samrunafélaga nema þegar samruninn hefur verið samþykktur af fundi handhafa skuldabréfanna, sé kveðið á um slíkan fund samkvæmt landslögum, eða af handhöfum skuldabréfanna hverjum fyrir sig.

*101. gr.*

#### **Vernd handhafa verðbréfa, annarra en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja**

Handhafar verðbréfa, annarra en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu fá réttindi í yfirtökufélaginu sem eru a.m.k. jafngild þeim sem þeir höfðu í félaginu, sem tekið er yfir, nema breyting þessara réttinda hafi verið samþykkt af fundi handhafa slíkra verðbréfa, sé kveðið á um slíkan fund samkvæmt landslögum, eða af handhöfum þessara verðbréfa hverjum fyrir sig nema handhafarnir eigi rétt á að verðbréf þeirra séu endurkeypt af yfirtökufélaginu.

*102. gr.*

#### **Gerð og vottun skjala á tilhlýðilegu lagalegu formi**

1. Kveði lög aðildarríkis ekki á um fyrirbyggjandi eftirlit dómstóls eða stjórnvalds varðandi lögmæti samruna, eða þar sem slíkt eftirlit nær ekki yfir alla lagagerninga sem krafist er vegna samruna, skal setja fram og votta á tilhlýðilegu lagalegu formi fundargerðir hluthafafunda þar sem tekin er ákvörðun um samrunann og, eftir því sem við á, samrunasamninginn sem kemur í kjölfar slíkra hluthafafunda. Í tilvikum þar sem ekki hluthafafundir þurfa ekki að samþykkja öll samrunafélög skal gera og votta samrunaáætlunina á tilhlýðilegu lagalegu formi.

2. Lögbókandinn eða lögbært yfirvald, sem gerir og vottar skjalið á tilhlýðilegu lagalegu formi, skal athuga og votta hvort lagagerningar eru fyrir hendi og lögmæti þeirra ásamt formsatriðum sem er krafist af félaginu, sem lögbókandinn eða yfirvaldið starfar fyrir, og í samrunaáætluninni.

*103. gr.*

#### **Gildistökdagur samruna**

Lög aðildarríkjanna skulu ákvarða hvaða dag samruni tekur gildi.

*104. gr.*

#### **Formsatriði við birtingu**

1. Birta skal samrunann, að því er hvert samrunafélag varðar, á þann hátt sem fyrirskipað er samkvæmt lögum sérhvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.

2. Yfirtökufélagið getur sjálft sinnt formsatriðum við birtingu að því er varðar félagið eða félögin sem tekin eru yfir.

*105. gr.***Áhrif samruna**

1. Samruni hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:
  - a) yfirfærsla, bæði á milli félagsins sem tekið er yfir og yfirtökufélagsins og, að því er varðar þriðju aðila, til yfirtökufélagsins á öllum eignum og skuldbindingum félagsins sem tekið er yfir,
  - b) hluthafar félagsins, sem tekið er yfir, verða hluthafar í yfirtökufélaginu og
  - c) félagið, sem tekið er yfir, hættir að vera til.
2. Ekki skal skipta neinum hlutabréfum í yfirtökufélaginu fyrir hlutabréf í félaginu sem tekið er yfir, hvorki:
  - a) af hálfu yfirtökufélagsins sjálfs né af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins eða
  - b) af hálfu félagsins, sem tekið er yfir, né af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins.
3. Framangreint skal ekki hafa áhrif á lög aðildarríkja sem krefjast frágangs sérstakra formsatriða áður en tilteknað eignir, réttindi og skuldbindingar þess félags, sem tekið er yfir, koma til framkvæmda gagnvart þriðju aðilum. Yfirtökufélagið getur sjálft annast þessi formsatriði; hins vegar geta lög aðildarríkjanna heimilað félaginu, sem tekið er yfir, að halda áfram að annast þessi formsatriði í takmarkaðan tíma sem ekki er hægt að fastsetja til lengri tíma en sex mánaða frá þeim degi sem samruninn tekur gildi nema í undantekningartilvikum.

*106. gr.***Einkaréttarábyrgð þeirra sem eiga sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félags sem tekið er yfir**

Lög aðildarríkjanna skulu að lágmarki mæla fyrir um reglur um einkaréttarábyrgð, gagnvart hluthöfum félagsins sem tekið er yfir, þeirra sem sitja í stjórn og framkvæmdastjórn viðkomandi félags vegna misferlis þeirra sem sitja í þessum stjórnnum við undirbúning og framkvæmd samrunans.

*107. gr.***Einkaréttarábyrgð sérfræðinga sem bera ábyrgð á gerð skýrslu sérfræðings fyrir hönd félags sem tekið er yfir**

Lög aðildarríkjanna skulu að lágmarki mæla fyrir um reglur um einkaréttarábyrgð, gagnvart hluthöfum félagsins sem tekið er yfir, þeirra sérfræðingana, sem bera ábyrgð á að semja fyrir hönd félagsins þá skýrslu sem um getur í 1. mgr. 96. gr., vegna misferlis við störf þeirra.

*108. gr.***Skilyrði fyrir ógildingu samruna**

1. Lög aðildarríkjanna geta einungis mælt fyrir um reglur um ógildingu samruna í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
  - a) ógilding skal ákveðin með dómsúrskurði,
  - b) einungis er hægt að lýsa samruna, sem hafa tekið gildi skv. 103. gr., ógilda hafi ekkert fyrirbyggjandi eftirlit dómstóls eða stjórnvalds varðandi lögmæti þeirra farið fram eða hafi þeir ekki verið gerðir og vottaðir á tilhlýðilegu lagalegu formi eða ef sýnt þykir að ákvörðun hluthafafundar er ógild eða ógildanleg samkvæmt landslögum,
  - c) ógildingarmál verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að samruni öðlast gildi gagnvart þeim sem krefst ógildingar eða ef staðan hefur verið leiðrétt,
  - d) þegar mögulegt er að ráða bót á galla sem gæti ógilt samrunann skal þar til bær dómstóll veita viðkomandi félögum frest til að leiðrétta ástandið,

- e) dómsúrskurð, sem lýsir samruna ógildan, ber að birta á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.,
  - f) þegar lög aðildarríkis heimila þriðja aðila að vefengja slíkan dómsúrskurð getur sá aðili einungis gert það innan sex mánaða frá birtingu dómsúrskurðarins á þann hátt sem mælt er fyrir um í 1. þætti III. kafla I. bóls,
  - g) dómsúrskurður, sem lýsir samruna ógildan, hefur ekki í sjálfu sér áhrif á gildi skuldbindinga yfirtökufélagsins eða í tengslum við það sem komu fram fyrir birtingu dómsúrskurðarins og eftir gildistökudag samrunans og
  - h) félög, sem hafa verið aðilar að samruna, bera óskipta ábyrgð að því er varðar þær skuldbindingar yfirtökufélagsins sem um getur í g-lið.
2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. geta lög aðildarríkis einnig kveðið á um að stjórnvald fyrirskipi ógildingu samruna ef slíkri ákvörðun er skotið til dómstóls. Ákvæðum b-liðar og d- til h-liðar 1. mgr. skal beitt með lögjöfnun gagnvart stjórnvaldinu. Ekki má höfða slíkt mál til ógildingar meira en sex mánuðum eftir gildistökudag samrunans.
3. Lög aðildarríkjanna um ógildingu samruna, sem lýst er yfir að loknu eftirliti, öðru en fyrirbyggjandi eftirliti dómstóls eða stjórnvalds, verða ekki fyrir áhrifum.

### 3. þáttur

#### Samruni með stofnun nýs félags

109. gr.

#### Samruni með stofnun nýs félags

1. Ákvæði 91., 92., og 93. gr. og 95.–108. gr. skulu gilda, með fyrirvara um 11. og 12. gr., um samruna með stofnun nýs félags. Í þessum tilgangi skulu „samrunafélög“ og „félag sem tekið er yfir“ merkja félögin sem lögð eru niður og „yfirtökufélagið“ merkir nýja félagið.

Ákvæði a-liðar 2. mgr. 91. gr. skulu einnig gilda um nýja félagið.

2. Samþykking ber samrunaáætlunina og, ef þau er að finna í sérstöku skjali, stofnsamning nýja félagsins eða drög að honum og stofnsamþykkt nýja félagsins eða drög að henni á hluthafafundi hvers þess félags sem lagt verður niður.

### 4. þáttur

#### Yfirtaka eins félags á öðru félagi þar sem fyrra félagið á a.m.k. 90% af hlutabréfum þess

110. gr.

#### Flutningur allra eigna og skuldbindinga af hálfu eins eða fleiri félaga til annars félags sem er handhafi allra hlutabréfa þeirra

Aðildarríki skulu setja, að því er varðar félög sem lúta þeirra lögum, ákvæði vegna þeirrar aðgerðar þar sem einu eða fleiri félögum er slitið án skiptameðferðar og allar þeirra eignir og skuldbindingar eru fluttar í annað félag sem er handhafi allra hlutabréfa þess og annarra verðbréfa sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum. Slíkar aðgerðir skulu lúta ákvæðum 2. þátta þessa kafla. Aðildarríki skulu þó ekki setja þær kröfur sem fram koma í 91. gr. (b-, c- og d-liður 2. mgr.), 95. og 96. gr., 97. gr. (d- og e-liður 1. mgr.), 105. gr. (b-liður 1. mgr.), 106. og 107. gr.



*111. gr.***Undanþága frá kröfu um samþykki hluthafafundar**

Aðildarríki skulu ekki beita 93. gr. við þær aðgerðir, sem um getur í 110. gr., hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

- a) birtingin, sem kveðið er á um í 92. gr., tekur gildi, að því er varðar hvert félag sem tekur þátt í aðgerðinni, a.m.k. einum mánuði áður en aðgerðin kemur til framkvæmda,
- b) a.m.k. einum mánuði áður en aðgerðin kemur til framkvæmda gefst öllum hluthöfum í yfirtökufélaginu kostur á að kynna sér, á skráðri skrifstofu félagsins, þau skjöl sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 97. gr.,
- c) c-liður fyrstu málsgreinar 94. gr. gildir.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar gilda 2., 3. og 4. mgr. 97. gr.

*112. gr.***Hlutabréf í eigu yfirtökufélagsins eða annars fyrir hönd þess**

Aðildarríki mega beita 110. og 111. gr. gagnvart aðgerðum þar sem einu eða fleiri félögum er slitið án skiptameðferðar og allar þeirra eignir og skuldbindingar eru fluttar í annað félag ef allir hlutir og önnur verðbréf, sem tilgreind eru í 110. gr., félagsins eða félaganna, sem eru tekin yfir, eru í eigu yfirtökufélagsins og/eða aðila sem fer með þessa hluti og verðbréf í eigin nafni en fyrir hönd þess félags.

*113. gr.***Samruni með yfirtöku félags sem á minnst 90% hlutabréfa í félagi sem tekið er yfir**

Í þeim tilvikum þegar samruni verður með yfirtöku félags, sem á minnst 90% hlutabréfa en ekki öll hlutabréf og önnur verðbréf, sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins eða félaganna sem eru tekin yfir, skulu aðildarríki ekki krefjast þess að hluthafafundur yfirtökufélagsins samþykki samrunann ef eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) birtingunni, sem kveðið er á um í 92. gr., sé komið til framkvæmda, að því er varðar yfirtökufélagið, a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafund félagsins eða félaganna, sem tekin eru yfir, sem skal ákvarða um samrunaáætlunina,
- b) a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem tilgreindur er í a-lið er öllum hluthöfum í yfirtökufélaginu veittur kostur á að kynna sér, á skráðri skrifstofu félagsins, þau skjöl sem um getur í a- og b-lið og, eftir atvikum, í c-, d- og e-lið 1. mgr. 97. gr.,
- c) c-liður fyrstu málsgreinar 94. gr. gildir.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar gilda 2., 3. og 4. mgr. 97. gr.

*114. gr.***Undanþága frá kröfum sem eiga við um samruna með yfirtöku**

Aðildarríki skulu ekki setja þær kröfur, sem fram koma í 95., 96. og 97. gr., þegar um er að ræða samruna í skilningi 113. gr. hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

- a) hluthafar minnihluta í félaginu, sem tekið er yfir, eiga rétt á að hlutir þeirra séu teknir yfir af yfirtökufélaginu,

- b) ef þeir nýta þann rétt eiga þeir rétt á að taka við endurgjaldi í samræmi við virði hlutanna,
- c) rísi ágreiningur varðandi slíkt endurgjald er mögulegt að dómstóll eða stjórnvald, sem aðildarríki hefur tilnefnt í því skyni, ákvarði virði endurgjaldsins.

Aðildarríki þarf ekki að beita fyrstu málsgreininni ef löggjöf þess aðildarríkis veitir yfirtökufélagi rétt, án undanfarandi, opinbers yfirtökutilboðs, til að gera þá kröfu á alla handhafa eftirstandandi verðbréfa félagsins eða félaganna, sem á að yfirtaka, að þeir selji þessi verðbréf yfirtökufélaginu fyrir samrunann á sanngjörnu verði.

*115. gr.*

**Flutningur allra eigna og skuldbindinga af hálfu eins eða fleiri félaga til annars félags sem er handhafi minnst 90% hlutabréfa þeirra**

Aðildarríki mega beita 113. og 114. gr. gagnvart aðgerðum þar sem einu eða fleiri félögum er slitið án skiptameðferðar og allar þeirra eignir og skuldbindingar eru fluttar í annað félag, ef 90% hið minnsta, en ekki allir hlutir og önnur verðbréf, sem um getur í 113. gr. félagsins eða félaganna sem eru tekin yfir, eru í eigu þess yfirtökufélags og/eða aðila sem fer með þessa hluti og verðbréf í eigin nafni en fyrir hönd þess félags.

5. þáttur

**Aðrar aðgerðir sem farið er með sem samruna**

*116. gr.*

**Samruni með greiðslu í reiðufé sem er yfir 10%**

Heimili lög aðildarríkis að greiðsla í reiðufé fari yfir 10%, ef um eina af aðgerðunum er að ræða sem um getur í 88. gr., gilda 2. og 3. þáttur þessa kafla og 113., 114. og 115. gr.

*117. gr.*

**Samruni án þess að öllum yfirfærðu félögum sé slitið**

Heimili lög aðildarríkis eina af aðgerðunum, sem um getur í 88., 110. og 116. gr., án þess að öllum yfirfærðu félögum sé þar með slitið, skal 2. þáttur, að frátöldum c-lið 1. mgr. 105. gr., 3. og 4. þáttur þessa kafla gilda eftir því sem við á.

*II. KAFLI*

**Samruni félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri**

*118. gr.*

**Almenn ákvæði**

Þessi kafli gildir um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð sem eru stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og eru með skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð í Sambandinu, að því tilskildu að a.m.k. tvö þeirra heyri undir lög mismunandi aðildarríkja (hér á eftir nefndur „samruni yfir landamæri“).

*119. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „félag með takmarkaðri ábyrgð“, hér á eftir nefnt „félag“:
- a) af þeirri tegund sem er talin upp í II. viðauka eða

- b) félag með hlutafé og réttarstöðu lögaðila sem á sérstakar eignir sem einar og sér duga til greiðslu skulda þess og er háð skilyrðum innlendra laga að því er varðar ábyrgðir, eins og kveðið er á um í 2. þætti II. kafla I. bólkis og 1. þætti III. kafla I. bólkis, til að vernda hagsmuni félagsaðila og annarra,
- 2) „samruni“: framkvæmd þar sem:
- a) eitt eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit án skiptameðferðar allar eignir sínar og skuldir til annars fyrirliggjandi félags, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsaðila sinna, sem nemur hlutafé hins félagsins, og greiðslu í reiðufé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða
- b) tvö eða fleiri félög yfirfæra við félagsslit án skiptameðferðar allar eignir sínar og skuldir til félags sem þau mynda, yfirtökufélagsins, í skiptum fyrir útgáfu verðbréfa eða hlutabréfa til félagsaðila sinna, sem nemur hlutafé nýja félagsins, og greiðslu í reiðufé, ef við á, sem nemur ekki meira en 10% af nafnvirðinu eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, af bókfærðu verði þessara verðbréfa eða hlutabréfa eða
- c) félag yfirfærir við félagsslit án skiptameðferðar allar eignir sínar og skuldir til félagsins sem á öll verðbréfin eða hlutabréfin sem nemur hlutafé þess.

120. gr.

#### Frekari ákvæði varðandi gildissvið

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 119. gr. skal þessi kafli einnig gilda um samruna yfir landamæri þar sem lög a.m.k. eins hlutaðeigandi aðildarríkis heimila greiðslu í reiðufé, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 119. gr., sem nemur meira en 10% af nafnvirðinu eða, ef nafnvirði er ekki tilgreint, af bókfærðu verði verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutafé félagsins sem verður til við samrunann.
2. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að þessi kafli gildi ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku samvinnufélags jafnvel þótt samvinnufélagið falli undir skilgreininguna „félag með takmarkaðri ábyrgð“ sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 119. gr.
3. Þessi kafli gildir ekki um samruna yfir landamæri með þátttöku félags sem hefur að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjármagns, sem almenningur hefur lagt fram, sem starfar á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu og hlutir í því eru, beint eða óbeint, endurkeyptir eða innleystir, að ósk handhafa, af eignum þessa félags. Aðgerð, sem slíkt félag grípur til í því skyni að tryggja að verð hluta þess í kauphöll sé ekki verulega frábrugðið verðmæti hreinnar eignar þess, telst jafngilda slíkum endurkaupum eða innlausn.
4. Aðildarríki skulu tryggja að þessi kafli gildi ekki þegar um er að ræða félag eða félög sem falla undir skilaufræði, valdheimildir eða aðferðir sem kveðið er á um í IV. bálki tilskipunar 2014/59/ESB.

121. gr.

#### Skilyrði varðandi samruna yfir landamæri

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla,
- a) skal samruni yfir landamæri einungis vera mögulegur milli þeirra tegunda félaga sem mega renna saman samkvæmt landslögum hlutaðeigandi aðildarríkja,
- b) skal félag, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, lúta ákvæðum og formsatriðum landslaga sem það heyrir undir. Lög aðildarríkis, sem gera innlendum yfirvöldum kleift að mótmæla tilteknum innri samruna af ástæðum er varða hagsmuni almennings, skulu einnig gilda um samruna yfir landamæri ef a.m.k. eitt samrunafélaganna heyrir undir lög þess aðildarríkis. Þetta ákvæði gildir ekki að því marki sem 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 á við.

2. Ákvæði og formsatriði, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu einkum taka til ákvarðanatökufelkis varðandi samrunann og, með hliðsjón af því að samruninn nær yfir landamæri, verndar lánveitenda samrunafélaganna, handhafa verðbréfa og hlutabréfa, auk starfsmanna að því er varðar önnur réttindi en þau sem falla undir 133. gr. Aðildarríki er heimilt, að því er varðar félög sem taka þátt í samruna yfir landamæri og lúta lögum þess, að samþykkja ákvæði sem eiga að vernda með viðeigandi hætti félagsaðila minnihlutans sem leggst gegn samruna yfir landamæri.

122. gr.

### Sameiginlegar samrunaáætlanir

Framkvæmdastjórn eða stjórn sérhvers samrunafélags skal semja sameiginlega áætlun um samruna yfir landamæri. Í sameiginlegu áætluninni um samruna yfir landamæri skulu vera a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) form, heiti og skráð skrifstofa samrunafélaganna og félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,
- b) skiptihlutfall verðbréfa eða hlutabréfa, sem nemur hlutfé félagsins, ásamt greiðslufjárhæð í reiðufé,
- c) skilmálar varðandi úthlutun verðbréfa eða hlutabréfa sem nemur hlutfé félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,
- d) líkleg áhrif samruna yfir landamæri á atvinnumál starfsmanna,
- e) frá hvaða degi réttur handhafa slíkra verðbréfa og hlutabréfa, sem nemur hlutfé félagsins, til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði sem hafa áhrif á þann rétt,
- f) frá hvaða degi viðskipti samrunafélaganna skuli fá bókhaldsmeðferð sem viðskipti félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,
- g) hvaða réttindi félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, veitir félagsaðilum sem njóta sérstakra réttinda eða handhöfum annarra verðbréfa en hlutabréfa sem nemur hlutfé félagsins eða hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar í því sambandi,
- h) hvaða sérstöku kjör, ef um slíkt er að ræða, bjóðast þeim sérfræðingum sem rannsaka áætlunina um samruna yfir landamæri eða fulltrúum í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn samrunafélaganna,
- i) samþykktir félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,
- j) upplýsingar um málsmeðferð, eftir því sem við á, þegar ákvarðað er fyrirkomulag, skv. 133. gr., um aðild starfsmanna að skilgreiningu á réttindum þeirra til þátttöku í félaginu sem verður til við samruna yfir landamæri,
- k) upplýsingar um mat á eignum og skuldum sem eru yfirfærðar til félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri,
- l) dagsetningar reikninga félagsins sem voru notaðir til að ákvarða skilyrði fyrir samruna yfir landamæri.

123. gr.

### Birting

1. Birta skal sameiginlegu áætlunina um samruna yfir landamæri með þeim hætti sem er lýst í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr. fyrir hvert samrunafélag a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem skal taka ákvörðun þar að lútandi.

Sérhvert samrunafélag skal undanþegið kröfu varðandi birtingu, sem mælt er fyrir um í 16. gr., ef það gerir, á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag, sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn þar sem taka á ákvörðun um sameiginlega samrunaáætlun yfir landamæri, og lýkur ekki fyrir en niðurstaða þess fundar liggur fyrir, sameiginlega samrunaáætlun aðgengilega almenningi endurgjaldslaust á vefsetri sínu. Aðildarríki skulu ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis gert slíkar kröfur eða sett slíkar takmarkanir sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

Þrátt fyrir aðra undirgrein geta aðildarríki krafist þess að birting fari fram á miðlægum, rafrænum vettvangi sem um getur í 5. mgr. 16. gr. Aðildarríki geta að öðrum kosti krafist þess að slík birting fari fram á öðru vefsetri sem þau tilnefna í þessum tilgangi. Nýti aðildarríki sér einn af þessum möguleikum skulu þau tryggja að ekki sé innheimt sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Ef annað vefsetur en miðlægi, rafræni vettvangurinn er notað skal birta vísun sem veitir aðgang að því vefsetri á miðlæga, rafræna vettvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn. Sú tilvísun skal innihalda birtingardag áætlunar um samræmi yfir landamæri á vefsetrinu og vera aðgengileg almenningi án endurgjalds. Ekki skal innheimta sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið, sem hindrar innheimtu sérstaks gjalds frá félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðju og fjórðu undirgrein, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja til að velta kostnaði vegna miðlæga rafræna vettvangsins yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu eða, eftir atvikum, á miðlæga, rafræna vettvangnum eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir. Aðildarríki geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetrinu eða miðlæga, rafræna vettvangnum sem rekja má til tæknilegra þátta eða annarra þátta.

2. Að því er varðar hvert og eitt af samrunafélögunum og með fyrirvara um viðbótarkröfur af hálfu aðildarríkisins, sem fer með lögsögu í málefnum hlutaðeigandi félags, skal birta upplýsingar um eftirfarandi í lögbirtingablaði þess aðildarríkis:

- a) tegund, heiti og skráða skrifstofu hvers samrunafélags,
- b) skrána þangað sem skjölin, sem um getur í 3. mgr. 16. gr., eru send fyrir hvert samrunafélaganna og númer hvernar færslu í þeirri skrá,
- c) upplýsingar, fyrir hvert samrunafélag, um fyrirkomulag sem gengið er frá til að lánveitendur og sérhver hluthafi minnihlutans í samrunafélaginu geti neytt réttar síns og heimilisfang þar sem hægt er að nálgast fullnægjandi upplýsingar um þetta fyrirkomulag án endurgjalds.

*124. gr.*

### **Skýrsla framkvæmdastjórnar eða stjórnar**

Framkvæmdastjórn eða stjórn hvers samrunafélags skal semja skýrslu fyrir félagsaðila þar sem lagalegir og fjárhagslegir þættir samrunans yfir landamæri eru skýrðir og rökstuddir og einnig áhrif samrunans yfir landamæri á félagsaðila, lánveitendur og starfsmenn.

Félagsaðilar og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennimír sjálfir, ef engir slíkir fulltrúar eru fyrir hendi, skulu fá aðgang að skýrslunni eigi síðar en einum mánuði fundardag hluthafafundarins sem um getur í 126. gr.

Ef framkvæmdastjórn eða stjórn einhvers af samrunafélögunum fær, tímanlega, álit frá fulltrúum starfsmanna sinna, sem kveðið er á um í innlendum lögum, skal bæta því álitu við skýrsluna.

*125. gr.*

### **Óháð skýrsla sérfræðings**

1. Semja skal óháða skýrslu sérfræðings fyrir hvert samrunafélag fyrir félagsaðila og skal hún gerð aðgengileg eigi síðar en einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem um getur í 126. gr. Slíkir sérfræðingar geta verið einstaklingar eða lögaðilar, allt eftir lögum hvers aðildarríkis.

2. Í stað þess að sérfræðingar starfi fyrir hönd hvers samrunafélags er einum eða fleiri óháðum sérfræðingum, sem dómsmála- eða stjórnsluvald tilnefni eftir sameiginlega beiðni frá félögunum, í því aðildarríki þar sem eitt af samrunafélögunum eða félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri eða er samþykkt af slíku yfirvaldi, er skráð, heimilt að rannsaka sameiginlegu samrunaáætlunina og semja eina skriflega skýrslu fyrir alla félagsaðilana.
3. Skýrsla sérfræðings skal fela a.m.k. í sér þá þætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 96. gr. Sérfræðingarnir skulu hafa rétt til að fá allar þær upplýsingar frá hverju samrunafélagi sem þeir telja nauðsynlegar til að gegna skyldustörfum sínum.
4. Ef allir félagsaðilar hvers félags, sem tekur þátt í samruna yfir landamæri, hafa gefið samþykki sitt þar að lútandi skal hvorki krefjast rannsóknar óháðra sérfræðinga á sameiginlegu samrunaáætluninni né sérfræðingsskýrslu.

126. gr.

### Samþykki hluthafafundar

1. Hluthafafundur hvers samrunafélags skal taka ákvörðun um samþykkt sameiginlegrar samrunaáætlunar með hliðsjón af skýrslunum sem um getur í 124. og 125. gr.
2. Hluthafafundur hvers samrunafélags getur áskilið sér rétt til að binda framkvæmd samruna yfir landamæri því skilyrði að fyrirkomulag, sem ákveðið er varðandi þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samrunann, verði staðfest með skýlausum hætti.
3. Ekki er nauðsynlegt að í lögum aðildarríkis sé krafist samþykkis hluthafafundar yfirtökufélagsins um samrunann ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 94. gr., eru uppfyllt.

127. gr.

### Vottorð fyrir samruna

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað þar til bætt yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti samruna yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir samrunafélögin sem heyra undir innlend lög.
2. Í hverju hlutaðeigandi aðildarríki skal yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., tafarlaust veita hverju samrunafélagi, sem heyrir undir innlend lög ríkisins, vottorð til endanlegrar staðfestingar á því að lokið sé öllum viðeigandi gerningum og formsatriðum fyrir samrunann.
3. Ef kveðið er á um málsmeðferð í lögum aðildarríkis, sem samrunafélag heyrir undir, um það hvernig standa beri að athugun og breytingum á skiptihlutfalli verðbréfa eða hlutabréfa eða um jöfnunargreiðslur til hluthafa minnihlutans, án þess að komið sé í veg fyrir skráningu samruna yfir landamæri, skal því aðeins beita slíkri málsmeðferð að hin samrunafélögin í aðildarríkjum, þar sem ekki er kveðið á um slíka málsmeðferð, staðfesti ótvírætt, þegar þau samþykkja samrunaáætlunina í samræmi við 1. mgr. 126. gr., að þau séu því samþykkt að hluthafar þess samrunafélags geti nýtt sér slíka málsmeðferð sem skal hefja fyrir þeim dómstóli sem hefur lögsögu yfir því samrunafélagi. Í slíkum tilvikum getur yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., gefið út vottorðið, sem um getur í 2. mgr., jafnvel þótt slík málsmeðferð sé hafin. Í vottorðinu skal þó koma fram að málsmeðferðinni sé ekki lokið. Ákvörðun sú sem er niðurstaða málsmeðferðarinnar skal vera bindandi fyrir félagið sem verður til við samruna yfir landamæri og alla félagsaðila þess.

128. gr.

### Athugun á lögmæti samruna yfir landamæri

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna dómstól, lögbókanda eða annað þar til bætt yfirvald til að athuga gaumgæfilega lögmæti samruna yfir landamæri að því er varðar þann þátt málsmeðferðarinnar sem snertir framkvæmd samrunans og, þar sem við á, stofnun nýs félags sem verður til við samruna yfir landamæri þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri,

heyrir undir landslög. Framangreint yfirvald skal einkum tryggja að samrunafélögin hafi samþykkt samrunaáætlunina með sama orðalagi og, ef við á, að fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsmanna hafi verið ákvarðað í samræmi við 133. gr.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal hvert samrunafélag senda yfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr., vottorðið, sem um getur í 2. mgr. 127. gr., innan sex mánaða frá útgáfu þess ásamt sameiginlegu samrunaáætluninni sem hefur verið samþykkt á hluthafafundinum sem um getur í 126. gr.

*129. gr.*

#### **Gildistökudagur samruna yfir landamæri**

Lög aðildarríkisins, sem hefur lögsögu yfir félaginu sem verður til við samruna yfir landamæri, skal ákvarða hvaða dag samruninn tekur gildi. Sá dagur skal vera eftir að gaumgæfilega athuginin, sem um getur í 128. gr., hefur farið fram.

*130. gr.*

#### **Skráning**

Lög hvers aðildarríkis, sem hafði lögsögu yfir samrunafélagunum, skulu ákvarða, m.t.t. yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis, fyrirkomulagið, í samræmi við 16. gr., um birtingu tilkynningar um samruna yfir landamæri í opinberu skránni þangað sem hverju félagi er skylt að senda inn skjöl.

Skráningarskrifstofan, þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, er skráð, skal tafarlaust tilkynna, í gegnum samtengingarkerfi skráa sem komið var á í samræmi við 2. mgr. 22. gr., skrifstofunni þangað sem hverju félagi var skylt að senda inn skjöl um að samruni yfir landamæri hafi tekið gildi. Afskrá skal félagið úr fyrri skránni, ef við á, þegar framangreind tilkynning hefur borist en ekki fyrr en þá.

*131. gr.*

#### **Afleiðingar samruna yfir landamæri**

1. Samruni yfir landamæri, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í a- og c-lið 2. liðar 119. gr., skal, frá þeim degi sem um getur í 129. gr., hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) allar eignir og skuldir félagsins, sem tekið er yfir, skulu færðar til yfirtökufélagsins,
- b) félagsaðilar félagsins, sem tekið er yfir, skulu verða félagsaðilar í yfirtökufélaginu,
- c) félagið, sem tekið er yfir, hættir að vera til.

2. Samruni yfir landamæri, sem fer fram eins og mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar 119. gr., skal frá þeim degi, sem um getur í 129. gr., hafa eftirfarandi í för með sér:

- a) allar eignir og skuldir samrunafélaganna skulu færast til nýja félagsins,
- b) félagsaðilar samrunafélaganna skulu verða félagsaðilar nýja félagsins,
- c) samrunafélögin hætta að vera til.

3. Ef þess er krafist samkvæmt lögum aðildarríkjanna við samruna félaga, sem falla undir þennan kafla, yfir landamæri að sérstökum formsatriðum sé lokið áður en yfirfærsla tiltekinna eigna, réttinda og skuldbindinga samrunafélaganna tekur gildi gagnvart þriðja aðila, skal félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, annast framkvæmd þessara formsatriða.

4. Réttindi og skyldur samrunafélaganna, sem af ráðningarsamningum eða -samböndum leiðir og eru fyrir hendi þann dag er samruni yfir landamæri tekur gildi, skulu, vegna gildistöku samrunans, færast yfir til félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, á þeim degi sem samruninn tekur gildi.
5. Ekki skal skipta neinum hlutabréfum í yfirtökufélaginu fyrir hlutabréf í félaginu sem tekið er yfir, hvorki:
  - a) af hálfu yfirtökufélagsins sjálfs né af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins,
  - b) af hálfu félagsins, sem tekið er yfir, né af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins,

132. gr.

#### **Einfölduð formsatriði**

1. Í þeim tilvikum að samruni með yfirtöku verður fyrir tilverknað félags sem á öll hlutabréfin og önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum í félaginu eða félögum sem tekin eru yfir:
  - skulu 122. gr. (b-, c- og e-liður), 125. gr. og 131. gr. (b-liður 1. mgr.) ekki gilda,
  - skal 1. mgr. 126. gr. ekki gilda um félagið eða félögin sem tekin eru yfir.
2. Í þeim tilvikum að samruni yfir landamæri verði fyrir tilverknað félags, sem á minnst 90% hlutabréfa en ekki öll hlutabréfin og önnur verðbréf, sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins eða félaganna, sem tekin eru yfir, skal einungis gera kröfu um skýrslur frá óháðum sérfræðingi eða sérfræðingum og skjöl, sem nauðsynleg eru til að athuga gaumgæfilega lögmæti samrunans, að því marki sem kveðið er á um slíkt í landslögum sem yfirtökufélagið eða félagið eða félögin, sem tekin eru yfir, heyra undir í samræmi við I. kafla II. bóls.

133. gr.

#### **Þátttaka starfsmanna**

1. Með fyrirvara um 2. mgr skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu gilda um félagið.
2. Hins vegar skulu gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu ekki gilda ef meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögum var yfir 500 á síðustu sex mánuðum fyrir birtingu áætlunarinnar um samruna yfir landamæri, sem um getur í 123. gr., og það er rekið samkvæmt kerfi um þátttöku starfsmanna í skilningi k-liðar 2. gr. tilskipunar 2001/86/EB eða ef innlend lög, sem gilda um félagið sem verður til við samrunann, kveða ekki á um:
  - a) a.m.k. sömu réttindi starfsmanna til þátttöku og í hlutaðeigandi samrunafélögum, sem miðast við hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn eða nefndum þeirra eða í framkvæmdastjórn afkomustöðva félagsins, sem þátttaka starfsmanna tekur til, eða
  - b) sama rétt starfsmanna fyrirtækja félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri og er staðsett í öðru aðildarríki, til að nýta þátttökuréttinn og þeirra starfsmanna sem starfa í aðildarríkinu þar sem félagið, sem verður til við samrunann, er með skráða skrifstofu.



3. Í þeim tilvikum, sem um getur í 2. mgr., skulu aðildarríkin setja reglur um þátttöku starfsmanna í félaginu sem verður til við samruna yfir landamæri og aðild starfsmanna í skilgreiningunni á þessum réttindum, að breyttu breytanda og með fyrirvara um 4.-7. mgr., í samræmi við meginreglur og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2., 3., og 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2157/2001 og eftirfarandi ákvæði tilskipunar 2001/86/EB:

- a) 1., 2. og 3. mgr., fyrsta lið fyrstu undirgreinar 4. mgr., aðra undirgrein 4. mgr. og 5. og 7. mgr. 3. gr.,
- b) 1. mgr., a-, g- og h-liður 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr.,
- c) 5. gr.,
- d) 6. gr.,
- e) 1. mgr., b-lið fyrstu undirgreinar og aðra undirgrein 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. Að því er þennan kafla varðar skal þó hækka hlutfallið, sem mælt er fyrir um í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2001/86/EB að því er varðar beitingu almennu reglnanna í 3. hluta viðaukans við þá tilskipun, úr 25% í 33 1/3%,
- f) 8., 10. og 12. gr.,
- g) 4. mgr. 13. gr.,
- h) b-lið 3. hluta viðaukans.

4. Við beitingu meginreglna og verklagsreglna sem um getur í 3. mgr.:

- a) skulu aðildarríki veita viðkomandi stofnunum samrunafélaganna rétt til að velja um, án þess að samningaviðræður hafi áður farið fram, hvort þær heyri beint undir almennar reglur um þátttöku sem um getur í h-lið 3. mgr., eins og mælt er fyrir um í löggjöf aðildarríkisins þar sem félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, mun hafa skráða skrifstofu, og að hlíta þessum reglum frá skráningardegi,
- b) skulu aðildarríki veita sérstöku samninganefndinni rétt til að ákveða, með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúa a.m.k. tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og bera fyrir sig þær reglur um þátttöku sem eru í gildi í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, verður staðsett,
- c) er aðildarríkjum heimilt, í þeim tilvikum þegar, að loknum samningaviðræðum, almennar reglur um þátttöku gilda og þrátt fyrir þær reglur, að ákveða takmörkun á hlutfalli fulltrúa starfsmanna í stjórn félagsins sem verður til við samruna yfir landamæri. Ef hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn í einu af samrunafélögum er a.m.k. einn þriðji má takmörkunin aldrei leiða til þess að hlutfall fulltrúa starfsmanna í stjórn verði lægra en einn þriðji.

5. Rýmkun þátttökuréttar þannig að hann nái yfir starfsmenn félagsins, sem verður til við samruna yfir landamæri, sem starfa í öðrum aðildarríkjum, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal ekki hafa í för með sér neina skuldbindingu fyrir aðildarríki, sem velja þá leið, um að taka tillit til þessara starfsmanna þegar reiknuð eru viðmiðunarmörk fyrir fjölda starfsmanna sem leiða til þátttökuréttar samkvæmt innlendum lögum.

6. Þegar a.m.k. eitt samrunafélaganna fellur undir kerfi um þátttöku starfsmanna og félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, fellur undir slíkt kerfi í samræmi við reglurnar, sem um getur í 2. mgr., er skylt að félagið fái lögákvæðið rekstrarform sem heimilar að þátttökuréttur sé nýttur.

7. Þegar félagið, sem verður til við samruna yfir landamæri, fellur undir kerfi um þátttöku starfsmanna er því félagi skylt að gera ráðstafanir til að tryggja að þátttökuréttur starfsmanna sé varinn, komi til innlands samruna, næstu þrjú ár eftir að samruninn yfir landamæri kom til framkvæmda með því að beita, að breyttu breytanda, reglunum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

134. gr.

#### Gildi

Ekki er heimilt að lýsa ógildan samruna yfir landamæri sem komið hefur til framkvæmda eins og kveðið er á um í 129. gr.

*III. KAFLI***Skipting hlutafélaga**

## 1. þáttur

**Almenn ákvæði***135. gr.***Almenn ákvæði um skiptingu**

1. Ef aðildarríki heimila þeim tegundum félaga, sem taldar eru upp í I. viðauka og fjallað er um í lögum þeirra, að annast skiptingu með yfirtöku, eins og skilgreint er í 136. gr., skulu þær aðgerðir vera skv. 2. þætti þessa kafla.
2. Ef aðildarríki heimila þeim tegundum félaga, sem um getur í 1. mgr., að annast skiptingu með stofnun nýrra félaga, eins og skilgreint er í 155. gr., skulu þær aðgerðir vera skv. 3. þætti þessa kafla.
3. Ef aðildarríki heimila þeim tegundum félaga, sem um getur í 1. mgr., að annast aðgerðir þar sem skipting sem fer í senn fram með yfirtöku, eins og skilgreint er í 1. mgr. 136. gr., og með því að myndað er eitt eða fleiri ný félög, eins og skilgreint er í 1. mgr. 155. gr., skulu þær aðgerðir vera skv. 2. þáttar þessa kafla og 156. gr.
4. Beita skal 2., 3. og 4. mgr. 87. gr.

## 2. þáttur

**Skipting með yfirtöku***136. gr.***Skilgreining á „skiptingu með yfirtöku“**

1. Í þessum kafla merkir „skipting með yfirtöku“ það að félag, sem slitið er án skiptameðferðar, yfirfærir allar eignir sínar og skuldir til fleiri en eins félags gegn því að hluthafar félagsins, sem skipt er, fái hlutabréf í þeim félögum sem taka við verðmætum vegna skiptingarinnar (hér á eftir nefnd „viðtökufélag“), ef til vill ásamt reiðufjárgreiðslu sem ekki má nema meira en 10% af nafnverði þeirra hlutabréfa sem úthlutað er eða, ef ekki er getið um nafnverið, bókfærðu verði þeirra.
2. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. skulu gilda.
3. Þegar vísað er í þessum kafla til I. kafla II. bóls merkir hugtakið „samrunafélög“ þau félög sem taka þátt í skiptingu, „félagið sem er tekið yfir“ það félag sem skipt er, „yfirtökufélag“ „hvert einstakt viðtökufélag“ og „samrunaáætlun“ merkir „skiptingaráætlun“.

*137. gr.***Skiptingaráætlun**

1. Stjórnir eða framkvæmdastjórnir félaga, sem taka þátt í skiptingu, skulu semja skriflega skiptingaráætlun.
2. Í skiptingaráætlun skal tilgreina a.m.k.:
  - a) tegund, heiti og skráða skrifstofu hvers félags sem tekur þátt í skiptingunni,
  - b) skiptihlutfall hlutabréfa og fjárhæð greiðslna í reiðufé,
  - c) skilmála er varða úthlutun hlutabréfa í viðtökufélögum,

- d) daginn þegar réttur handhafa þeirra hlutabréfa til hlutdeildar í hagnaði myndast og sérstök skilyrði varðandi þann rétt,
- e) frá hvaða degi viðskipti félagsins, sem skipt er, skuli fá bókhaldsmeðferð sem viðskipti eins eða fleiri viðtökufélaga,
- f) hvaða réttindi eru veitt af hálfu viðtökufélaganna til handhafa þeirra hlutabréfa sem sérstök réttindi fylgja og handhafa annarra verðbréfa en hlutabréfa eða hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar í því sambandi,
- g) hvaða sérstöku kjör bjóðast þeim sérfræðingum sem um getur í 1. mgr. 142. gr. og þeim sem sitja í stjórn félaganna, framkvæmdastjórnnum, eftirlitsstjórnnum félaga sem taka þátt í skiptingunni,
- h) nákvæm lýsing á þeim eignum og skuldum sem yfirfæra skal og úthlutað er til hvers viðtökufélags,
- i) úthlutun hlutabréfa í viðtökufélögum til hluthafa í félaginu sem skipt er og eftir hvaða reglum er farið við þá úthlutun.

3. Ef skiptingaráætlun mælir ekki fyrir um úthlutun eignar og ákvörðun um úthlutun verður ekki byggð á túlkun hennar skal skipta henni eða því sem fyrir hana fæst milli allra viðtökufélaganna í sama hlutfalli og við úthlutun á hreinum eignum til hvers þeirra samkvæmt skiptingaráætluninni.

Ef skiptingaráætlun mælir ekki fyrir um úthlutun á skuld og ákvörðun um úthlutun verður ekki byggð á túlkun hennar skal hvert viðtökufélag bera óskipta ábyrgð á greiðslu hennar. Aðildarríki geta kveðið svo á um að þessi óskipta ábyrgð sé takmörkuð við þær hreinu eignir sem úthlutað er til hvers félags.

138. gr.

### **Birting skiptingaráætlunar**

Birta skal skiptingaráætlun fyrir hvert félag, sem tekur þátt í skiptingu, á þann hátt sem lög hvers aðildarríkis mæla fyrir um í samræmi við 16. gr., a.m.k. einum mánuði fyrir þann hluthafafund sem á að taka ákvörðun um skiptinguna.

Sérhvert félag, sem tekur þátt í skiptingunni, skal undanþegið birtingarkröfunni, sem mælt er fyrir um í 16. gr., ef það gerir, á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafund sem á að ákveða skiptingaráætlunina og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur, skiptingaráætlun aðgengilega almenningi endurgjaldslaust á vefsetri sínu. Aðildarríki skulu ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir varðandi þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis gert slíkar kröfur eða sett slíkar takmarkanir sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

Þrátt fyrir aðra málsgrein geta aðildarríki krafist birtingar fyrir milligöngu miðlægs, rafræns vettvangs sem um getur í 5. mgr. 16. gr. Aðildarríki geta að öðrum kosti krafist þess að slík birting fari fram á öðru vefsetri sem þau tilnefna í þessum tilgangi. Nýti aðildarríki sér einn af þessum möguleikum skulu þau tryggja að ekki sé innheimt sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Þegar annað vefsetur en miðlægi, rafræni vettvangurinn er notað skal birta tilvísun, sem veitir aðgang að því vefsetri, á miðlæga, rafræna vettvangnum a.m.k. einum mánuði fyrir daginn sem er ákveðinn fyrir hluthafafund. Sú tilvísun skal innihalda birtingardag skiptingaráætlunarinnar á vefsetrinu og vera aðgengileg almenningi endurgjaldslaust. Ekki skal innheimta sérstakt gjald af félögum fyrir slíka birtingu.

Bannið, sem fyrirbyggir innheimtu sérstaks gjalds af félögum vegna birtingar, sem mælt er fyrir um í þriðju og fjórðu málsgrein, skal ekki hafa áhrif á getu aðildarríkja til að velta kostnaði vegna miðlægs, rafræns vettvangs yfir á félög.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í ákveðinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu eða, eftir atvikum, á miðlæga, rafræna vettvangnum eða á öðru vefsetri sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefna. Aðildarríki geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetrinu eða miðlæga, rafræna vettvangnum sem rekja má til tæknilegra þátta eða annarra þátta.

139. gr.

### Samþykki hluthafafundar sérhvers félags sem kemur að skiptingunni

1. Skipting skal krefjast a.m.k. samþykkis hluthafafundar hvers félags sem tekur þátt í henni. Ákvæði 93. gr. gilda um þann meirihluta sem krafist er til slíkra ákvarðana, gildissvið þeirra og nauðsyn sérstakra atkvæðagreiðslna.
2. Ef hluthöfum félagsins, sem skipt er, er úthlutað hlutabréfum í viðtökufélögunum, án þess að gætt sé sama hlutfalls og nemur eignarrétti þeirra í því félagi, mega aðildarríki kveða svo á um að hluthafar minnihluta í félaginu geti krafist innlausnar á hlutum sínum. Eiga þeir þá rétt til endurgjalds sem samsvarar verðmæti hluta þeirra. Komi upp deila um endurgjaldið skal dómstóll geta skorið úr um það.

140. gr.

### Undanþága frá kröfu um samþykki hluthafafundar viðtökufélagsins

Ekki er nauðsynlegt að í lögum aðildarríkis sé krafist samþykkis viðtökufélags fyrir skiptingu ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) birting sú sem kveðið er á um í 138. gr. fer fram fyrir hvert viðtökufélag a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafund félagsins, sem skipt er, þar sem tekin skal ákvörðun um skiptingaráætlunina,
- b) a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem tilgreindur er í a-lið eiga allir hluthafar hvers viðtökufélags rétt á að kynna sér á skráðri skrifstofu þess þau skjöl sem tilgreind eru í 1. mgr. 143. gr.,
- c) veita skal einum eða fleiri hluthöfum hvers viðtökufélags sem þar eiga lágmarkshlutfall skráðs hlutafjár rétt til að krefjast þess að boðað verði til hluthafafundar í félaginu til þess að ákveða hvort samþykkja skuli skiptinguna. Ekki má ákveða lágmarkshlut þennan yfir 5%. Aðildarríki geta engu að síður kveðið á um að hlutabréf án atkvæðisréttar séu ekki talin með í þessum útreikningi.

Að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar gilda 2., 3. og 4. mgr. 143. gr.

141. gr.

### Ítarleg skrifleg skýrsla og upplýsingar um skiptingu

1. Stjórn eða framkvæmdastjórn hvers félags, sem tekur þátt í skiptingunni, skal semja nákvæma, skriflega skýrslu til skýringar á skiptingaráætluninni og lagalegum og fjárhagslegum grundvelli skiptingarinnar, einkum á skiptihlutfalli hlutabréfa og þeim reglum sem farið skal eftir við úthlutun hlutabréfa.
  2. Hafi sérstök vandamál komið upp við verðmætamat skal einnig fjalla um þau í skýrslunni.
- Eftir atvikum skal þar einnig koma fram að samin hafi verið skýrsla um annað endurgjald en reiðufé, sem um getur í 2. mgr. 70. gr., fyrir viðtökufélög og til hvaða skrár sú skýrsla skuli lögð fram.
3. Stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins, sem skipt er, skal skýra hluthafafundi þess félags, svo og stjórn eða framkvæmdastjórn viðtökufélaganna svo að þau geti upplýst hluthafafundi sína, um allar umtalsverðar breytingar sem átt hafa sér stað á eignum þess og skuldum frá þeim degi er skiptingaráætlunin var samin og þar til haldinn verður sá hluthafafundur félagsins sem taka skal ákvörðun um skiptingaráætlunina.

## 142. gr.

**Rannsókn sérfræðinga á skiptingaráætluninni**

1. Einn eða fleiri sérfræðingar, sem dómsmála- eða stjórnsluvald hefur skipað eða samþykkt og starfa fyrir hönd hvers félags sem tekur þátt í skiptingunni en óháð þeim, skulu rannsaka skiptingaráætlunina og láta hluthöfum í té skriflega skýrslu. Í lögum aðildarríkja má þó kveða á um að skipaður sé einn eða fleiri sérfræðingar fyrir öll félögin sem taka þátt í skiptingunni ef það er gert af dómsmála- eða stjórnsluvaldi að sameiginlegri ósk þeirra. Eftir því sem kveðið kann að vera á um í löggjöf hvers aðildarríkis geta sérfræðingar þessir verið einstaklingar eða lögaðilar eða félög eða fyrirtæki.
2. Ákvæði 2. og 3. mgr. 96. gr. gilda.

## 143. gr.

**Aðgengi hluthafa að skjölum til skoðunar**

1. Allir hluthafar eiga, a.m.k. einum mánuði fyrir hluthafafundinn sem taka skal ákvörðun um skiptingaráætlunina, rétt á að kynna sér a.m.k. eftirtalin skjöl á skráðu skrifstofunni:
  - a) skiptingaráætlunina,
  - b) ársreikninga og ársskýrslur þeirra félaga sem taka þátt í skiptingunni fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár,
  - c) eftir atvikum, reikningsskil sem eru gerð í fyrsta lagi fyrsta dag þriðja mánaðar fyrir þann dag sem skiptingaráætlunin er gerð, ef síðasti ársreikningur er fyrir fjárhagsár sem lauk meira en sex mánuðum fyrir þann dag,
  - d) eftir atvikum, skýrslur stjórna eða framkvæmdastjórna þeirra félaga sem taka þátt í skiptingunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 141. gr.,
  - e) eftir atvikum, skýrslur þær sem kveðið er á um í 142. gr.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal ekki krefjast reikningsskila ef félag birtir hálfársreikningsskil í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2004/109/EB og gerir þau aðgengileg hluthöfum í samræmi við þessa málsgrein.

2. Reikningsskil, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr., skal gera með sömu aðferðum og sama fyrirkomulagi og fyrir síðasta árlega efnahagsreikning.

Þó má setja ákvæði í lög aðildarríkis um að:

- a) að ekki sé nauðsynlegt að framkvæma nýja birgðatalningu,
- b) að aðeins megi breyta verðmæti sem er sýnt í síðasta efnahagsreikningi til samræmis við færslur í bókhaldi; þó skal taka tillit til eftirfarandi:
  - i. bráðabirgðaafskrifta og reiknaðra skuldbindinga,
  - ii. verulegra raunvirðisbreytinga sem ekki koma fram í bókhaldi.

3. Hver hluthafi skal eiga rétt á, fari hann fram á það, að fá endurgjaldslaust afhent afrit af þeim skjölum, sem um getur í 1. mgr., í heild eða, ef hann svo kys, að hluta.

Ef hluthafi hefur fallist á að félagið noti rafrænar aðferðir við miðlun upplýsinga má senda slík skjöl með tölvupósti.

4. Félag skal undanþegið kröfunni um að gera skjölin, sem um getur í 1. mgr., aðgengileg á skráðri skrifstofu sinni ef það gerir skjölin aðgengileg á vefsetri sínu á samfelldu tímabili sem hefst a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er ákveðinn fyrir hluthafafundinn sem á að ákveða skiptingaráætlunina og lýkur ekki fyrr en þeim fundi lýkur. Aðildarríki skulu ekki gera aðrar kröfur eða setja aðrar takmarkanir á þessa undanþágu en þær sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi vefsetursins og sannvottaðan uppruna skjala og geta einungis gert slíkar kröfur eða sett slíkar takmarkanir sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná þessum markmiðum.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki gilda ef vefsetrið gefur hluthöfum kost á niðurhali og prentun skjala, sem um getur í 1. mgr., á tímabilinu sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Í því tilviki geta aðildarríki þó kveðið á um að félag geri þessi skjöl aðgengileg hluthöfum til skoðunar á skráðri skrifstofu sinni.

Aðildarríki geta krafist þess að félög varðveiti upplýsingarnar í tiltekinn tíma eftir hluthafafundinn á vefsetri sínu. Aðildarríki geta ákvarðað afleiðingar tímabundinnar röskunar á aðgangi að vefsetrinu sem m.a. má rekja til tæknilegra þátta eða annarra þátta.

*144. gr.*

#### **Einfölduð formsatriði**

1. Hvorki er þörf á rannsókn sérfræðings á skiptingaráætluninni né skýrslu sérfræðings, eins og kveðið er á um 1. mgr. 142. gr., ef allir hluthafar og handhafar annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í skiptingunni, eru sammála um það.

2. Aðildarríki geta heimilað frávik frá beitingu 141. gr. og c- og d-liðar 1. mgr. 143. gr. ef allir hluthafar og handhafar annarra verðbréfa, sem veita atkvæðisrétt í hverju og einu þeirra félaga sem tekur þátt í skiptingunni, eru sammála um það.

*145. gr.*

#### **Vernd réttinda starfsmanna**

Reglur tilskipunar 2001/23/EB gilda um vernd réttinda starfsmanna hvers félags sem tekur þátt í skiptingu.

*146. gr.*

#### **Vernd hagsmuna lánveitenda félaga sem taka þátt í skiptingu; óskipt bótaábyrgð viðtökufélaganna**

1. Í lögum aðildarríkja skal kveða á um viðeigandi ráðstafanir til verndar hagsmunum lánveitenda félaga sem taka þátt í skiptingu og eiga kröfur frá því áður en skiptingaráætlunin var birt en voru ekki enn fallnar í gjalddaga við birtinguna.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal í lögum aðildarríkja a.m.k. kveða á um að lánveitendur þessir eigi rétt á fullnægjandi tryggingu þegar slíkt er nauðsynlegt vegna fjárhags félagsins sem skipt er og þess félags sem taka mun að sér skuldina í samræmi við skiptingaráætlunina, enda hafi þeir ekki þegar nægar tryggingar.

Aðildarríki skulu mæla fyrir um skilyrði verndar sem kveðið er á um í 1. mgr. og í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðildarríki skulu í öllum tilvikum tryggja að lánveitendur hafi heimild til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnvöld eða dómsmálayfirvald að það geri fullnægjandi verndarráðstafanir, að því tilskildu að þeir geti með trúverðugum hætti sýnt fram á að kröfur þeirra séu í hættu vegna skiptingarinnar og fullnægjandi verndarráðstafanir hafi ekki verið gerðar hjá félaginu.

3. Ef lánveitandi félags, sem tekið hefur við skuld í samræmi við skiptingaráætlun, fær ekki fulla greiðslu hennar bera viðtökufélögin óskipta ábyrgð á greiðslunni. Getu aðildarríkin takmarkað ábyrgðina við þá hreinu eign sem úthlutud er hverju viðtökufélagi, öðru en því sem tekið hefur við skuldinni. Þó þurfa þau ekki að fara að ákvæðum þessarar málsgreinar þegar skipting fer fram undir eftirliti dómsmálayfirvalds í samræmi við 157. gr. og meirihluti lánveitenda félagsins, sem skipt er, sem fer með þrjá fjórðu hluta heildarkrafna í verðmæti talið eða meirihluti lánveitenda, sem fer með þrjá fjórðu hluta af kröfum í tilteknum flokki, ákveður á fundi sem haldinn er skv. c-lið 1. mgr. 157. gr. að nýta sér ekki hina óskiptu ábyrgð.

4. Ákvæði 3. mgr. 99. gr. skulu gilda.

5. Með fyrirvara um þær reglur sem gilda um sameiginlega nýtingu réttinda þeirra skulu 1.–4. mgr. gilda um handhafa skuldabréfa þeirra félaga sem taka þátt í skiptingunni nema fundur handhafa skuldabréfanna hafi samþykkt skiptinguna, ef kveðið er á um slíkan fund í landslögum, en annars handhafar skuldabréfanna hver um sig.

6. Aðildarríki geta kveðið svo á um að viðtökufélög beri óskipta ábyrgð á skuldum félagsins sem skipt er. Í því tilviki þurfa þau ekki að beita 1.–5. mgr.

7. Ef aðildarríki byggir bæði á reglum um vernd til handa lánveitendum skv. 1.–5. mgr. og óskiptri ábyrgð viðtökufélaga eins og um getur í 6. mgr. getur það takmarkað hina óskiptu ábyrgð við þá hreinu eign sem hverju þeirra er úthlutað.

147. gr.

#### **Vernd handhafa verðbréfa, annarra en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja**

Handhöfum verðbréfa, annarra en hlutabréfa, sem sérstök réttindi fylgja, skulu veitt réttindi í þeim viðtökufélögum, sem verðbréfin geta verið krafa fyrir í samræmi við skiptingaráætlunina, sem eru a.m.k. jafngild þeim réttindum sem þeir áttu í félaginu, sem skipt er, nema fundur handhafa verðbréfanna, eða handhafar verðbréfanna hver um sig, hafi samþykkt breytingar á þeim réttindum, ef kveðið er á um slíkan fund samkvæmt landslögum, eða handhafarnir eigi rétt á að fá verðbréf sín innleyst.

148. gr.

#### **Gerð og vottun skjala á tilhlýðilegu lagalegu formi**

Ef ekki er kveðið á um fyrirbyggjandi eftirlit dómstóls eða stjórnvalds í lögum aðildarríkis varðandi lögmæti skiptinga eða ef eftirlitið tekur ekki yfir alla lagagerninga sem krafist er við skiptingu gilda ákvæði 102. gr.

149. gr.

#### **Gildistöku dagur skiptingar**

Gildistöku dagur skiptingar ákvarðast af lögum aðildarríkjanna.

150. gr.

#### **Formsatriði við birtingu**

1. Tilkynna skal skiptingu á þann hátt sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr. að því er varðar hvert félag sem tekur þátt í skiptingu.

2. Viðtökufélag getur sjálft sinnt formsatriðum við birtingu í tengslum við félagið sem skipt er.

151. gr.

#### **Áhrif skiptingar**

1. Skipting hefur eftirfarandi réttaráhrif sem verða samtímis:

a) yfirfærsla, bæði milli félagsins, sem skipt er, og viðtökufélaganna og með tilliti til þriðju aðila, á öllum eignum og skuldum félagsins, sem skipt er, til hvers viðtökufélags; slík yfirfærsla skal fara fram með skiptingu eignanna og skuldanna í samræmi við þá úthlutun sem mælt er fyrir um í skiptingaráætluninni eða í 3. mgr. 137. gr.,

b) hluthafar í félaginu, sem skipt er, verða hluthafar í einu eða fleiri viðtökufélögum í samræmi við þá úthlutun sem mælt er fyrir um í skiptingaráætluninni,

c) félaginu, sem er skipt, er slitið.

2. Ekki skal skipta á hlutabréfum í viðtökufélagi og hlutabréfum í félaginu, sem skipt er, hvorki af hálfu:
  - a) viðtökufélagsins sjálfs eða af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins eða
  - b) félagsins, sem skipt er, eða af hálfu aðila sem kemur fram í eigin nafni en fyrir hönd félagsins.
3. Framangreind ákvæði skulu ekki hafa áhrif á lög þeirra aðildarríkja sem gera kröfu um að gengið skuli frá formsatriðum vegna yfirfærslu tiltekinna eigna, réttinda eða skuldbindinga af hálfu félags, sem skipt er, þannig að hún sé gild gagnvart þriðju aðilum. Það eða þau viðtökufélög, sem eignir, réttindi eða skuldbindingar eru yfirfærðar til í samræmi við skiptingaráætlunina eða 3. mgr. 137. gr., geta sjálf séð um að uppfylla þessi formsatriði; í lögum aðildarríkja má þó heimila félagi, sem er skipt, að halda áfram að annast þessi formsatriði í takmarkaðan tíma sem má ekki vera lengri en sex mánuðir frá því að skipting öðlast gildi nema í undantekningartilvikum.

152. gr.

#### **Einkaréttarábyrgð þeirra sem eiga sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félags sem verið er að skipta**

Í lögum aðildarríkja skulu a.m.k. vera reglur um einkaréttarábyrgð þeirra sem sæti eiga í stjórn eða framkvæmdastjórn félags, sem skipt er, gagnvart hluthöfum félagsins vegna misferlis þeirra sem eiga sæti í þessum stjórnnum við undirbúning og framkvæmd skiptingarinnar og einkaréttarábyrgð sérfræðinga sem falið er að semja skýrslu félagsins sem kveðið er á um í 142. gr. vegna misferlis þeirra við skyldustörf sín.

153. gr.

#### **Skilyrði fyrir ógildingu skiptingar**

1. Í lögum aðildarríkja má aðeins mæla fyrir um reglur um ógildingu skiptingar í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
  - a) ógilding skal ákveðin með dómi,
  - b) aðeins má ógilda skiptingar, sem þegar hafa öðlast gildi skv. 149. gr., ef dómstóll eða stjórnvald hefur ekki haft fyrirbyggjandi eftirlit varðandi lögmæti þeirra eða ef þær hafa ekki verið gerðar og staðfestar á tilhlýðilegu lagalegu formi, eða ef sýnt er að ákvörðun hluthafafundar er ógild eða ógildanleg samkvæmt landslögum,
  - c) ógildingarmál verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að skiptingin öðlast gildi gagnvart þeim aðila sem krefst ógildingar eða ef staðan hefur verið leiðrétt,
  - d) ef unnt er að bæta úr þeim ágalla, sem ógilding skiptingar getur byggst á, veitir þar til bær dómstóll þeim félögum sem um er að ræða frest til þess að ráða bót á ástandinu,
  - e) dómur, sem lýsir skiptingu ógilda, er birtur með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum hvers aðildarríkis í samræmi við 16. gr.,
  - f) þegar lög aðildarríkis heimila þriðja aðila að véfengja slíkan dóm gerir hann það aðeins innan sex mánaða frá birtingu dómsins með þeim hætti sem mælt er fyrir um í III. kafla I. bóls,
  - g) dómur, sem lýsir skiptingu ógilda, breytir í sjálfu sér engu um gildi skuldbindinga sem viðtökufélög eiga eða í tengslum við þau sem komu fram fyrir birtingu dómsins og eftir þann dag sem um getur í 149. gr.,
  - h) hvert viðtökufélag ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sínum sem verða til eftir að skiptingin tók gildi og fyrir birtingardag dómsins um ógildingu skiptingarinnar. Félagið, sem skipt er, skal einnig bera ábyrgð á slíkum skuldbindingum; aðildarríki mega kveða á um að þessi ábyrgð sé takmörkuð við þann hluta hreinnar eignar sem er yfirfærð til viðtökufélagsins sem skuldbindingar mynduðust hjá.



2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. þessarar greinar má kveða á um það í lögum aðildarríkis að stjórnvald ákvarði ógildingu skiptingar ef slíki ákvörðun er skotið til dómstóls. Ákvæðum b-liðar og d- til h-liðar 1. mgr. þessarar greinar gilda á samsvarandi hátt um stjórnvaldið. Mál til ógildingar verður ekki höfðað eftir að sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi sem um getur í 149. gr.

3. Framangreind ákvæði skulu ekki hafa áhrif á lög aðildarríkja um ógildingu skiptingar í kjölfar eftirlits með lögmæti hennar.

*154. gr.*

#### **Undanþága frá kröfu um samþykki hluthafafundar félagsins sem verið er að skipta**

Með fyrirvara um 140. gr. skulu aðildarríki ekki krefjast þess að hluthafafundur félagsins, sem skipt er, samþykki skiptinguna ef viðtökufélögin eiga sameiginlega öll hlutabréf í félaginu og öll önnur verðbréf sem veita atkvæðisrétt á hluthafafundum félagsins og eftirfarandi lágmarksskilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) birtingin, sem kveðið er á um í 138. gr., verður að fara fram, fyrir hvert félag sem tekur þátt í skiptingunni, a.m.k. einum mánuði áður en skiptingin tekur gildi,
- b) a.m.k. einum mánuði áður en skiptingin tekur gildi eiga allir hluthafar í félögum, sem taka þátt í skiptingunni, rétt á að kynna sér þau skjöl, sem tilgreind eru í 1. mgr. 143. gr., á skráðri skrifstofu félags þeirra,
- c) ef ekki er boðað til hluthafafundar félagsins, sem skipt er, sem krafist er að samþykki skiptinguna, skulu þær upplýsingar, sem kveðið er á um 3. mgr. 141. gr., ná til hvers kyns breytinga á eignum og skuldum sem máli skipta eftir að skiptingaráætlunin er gerð.

Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 143. gr. og 144. gr. gilda að því er varðar b-lið fyrstu málsgreinar.

3. þáttur

#### **Skipting með stofnun nýrra félaga**

*155. gr.*

#### **Skilgreining á „skiptingu með stofnun nýrra félaga“**

1. Í þessum kafla merkir „skipting með stofnun nýrra félaga“ það að félag, sem slitið er án skiptameðferðar, yfirfærir allar eignir sínar og skuldir til fleiri en eins nýstofnaðs félags gegn því að hluthafar félagsins, sem skipt er, fái hlutabréf í viðtökufélögunum og mögulega greiðslu í reiðufé allt að 10% af nafnverði þeirra hlutabréfa sem úthlutað er eða, ef ekki er getið um nafnverið, bókfærðu verði þeirra.

2. Ákvæði 2. mgr. 90. gr. skulu gilda.

*156. gr.*

#### **Beiting reglna um skiptingu með yfirtöku**

1. Ákvæði 137., 138., 139. og 141. gr., 142. gr. (1. og 2. mgr.) og 143.–153. gr. gilda um skiptingu með stofnun nýrra félaga, sbr. þó 11. og 12. gr. Þegar svo stendur á skal með hugtakinu „félögum sem taka þátt í skiptingu“ átt við félagið sem skipt er og með hugtakinu „viðtökufélögum“ átt við hvert hinna nýju félaga.

2. Til viðbótar við þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 137. gr., skal í skiptingaráætluninni tilgreina rekstrarform, heiti og skráða skrifstofu hvers hinna nýju félaga.

3. Samþykkja skal skiptingaráætlunina og, ef þau eru í sérstöku skjali, stofnsamning hvers hinna nýju félaga eða drög að honum og stofnsamþykktir hvers hinna nýju félaga eða drög að þeim á hluthafafundi félagsins sem skipt er.

4. Aðildarríki skulu ekki setja þær kröfur, sem um getur í 141. og 142. gr. og 143. gr. (c-, d- og e-liður 1. mgr.), þegar hlutabréfum í hverju hinna nýju félaga er úthlutað til hluthafa í félaginu, sem skipt er, í réttu hlutfalli við rétt þeirra til hlutfjár í því félagi.

#### 4. þáttur

### **Skipting undir eftirliti dómsyfirvalds**

*157. gr.*

### **Skipting undir eftirliti dómsyfirvalds**

1. Aðildarríki geta beitt 2. mgr. þegar skipting er háð eftirliti dómsmálayfirvalds sem hefur vald til þess:

- a) að boða til hluthafafundar í félaginu, sem skipt er, til að ákveða skiptinguna,
- b) að ganga úr skugga um að hluthafar hvers félags, sem tekur þátt í skiptingu, hafi fengið eða eigi kost á að fá í hendur a.m.k. þau skjöl, sem um getur í 143. gr., í tæka tíð svo að þeir geti kynnt sér þau fyrir hluthafafund í félagi sínu sem taka skal ákvörðun um skiptingu. Þegar aðildarríki notfærir sér þann möguleika sem kveðið er á um í 140. gr. skal frestur til þess vera nægilega langur til þess að hluthafar í viðtökufélögum geti nýtt sér þau réttindi sem þeim eru veitt í þeirri grein,
- c) að boða til fundar lánveitenda hvers félags, sem tekur þátt í skiptingu, til að taka ákvörðun um skiptinguna,
- d) að ganga úr skugga um að lánveitendur hvers félags, sem tekur þátt í skiptingu, hafi fengið eða eigi kost á að fá í hendur a.m.k. skiptingaráætlunina í tæka tíð svo að þeir geti kynnt sér hana fyrir þann dag sem um getur í b-lið,
- e) að samþykkja skiptingaráætlunina.

2. Ef dómsmálayfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að skilyrðunum, sem um getur í b- og d-lið 1. mgr., hafi verið fullnægt og að hagsmunum hluthafa eða lánveitenda sé ekki stefnt í hættu getur það losað þau félög, sem taka þátt í skiptingunni, undan því að beita:

- a) 138. gr. enda nái það kerfi til verndar hagsmunum lánveitenda, sem um getur í 1. mgr. 146. gr., til allra krafna án tillits til þess hversu gamlar þær eru,
- b) þeim kröfum, sem um getur í a- og b-lið 140. gr., þegar aðildarríki nýtir sér þann möguleika sem kveðið er á um í 140. gr.,
- c) 143. gr. að því er varðar frest til skoðunar á þeim skjölum sem um getur þar og hvernig sú skoðun skuli fara fram.

#### 5. þáttur

### **Aðrar aðgerðir sem jafna má til skiptingar**

*158. gr.*

### **Skipting með greiðslu í reiðufé sem er yfir 10%**

Ef lög aðildarríkis heimila að reiðufjárgreiðsla fari yfir 10% þegar einhverjar þær aðgerðir eiga sér stað, sem tilgreindar eru í 135. gr., gilda ákvæði 2., 3. og 4. þáttar þessa kafla.

159. gr.

### **Skipting án þess að slíta félaginu sem er skipt**

Ef lög aðildarríkis heimila einhverja þá aðgerð, sem tilgreind er í 135. gr., án þess að slíta félaginu, sem skipt er, gilda 2., 3. og 4. þáttur þessa kafla, að frátöldum c-lið 1. mgr. 151. gr.

6. þáttur

### **Fyrirkomulag beitingar**

160. gr.

### **Umbreytingarákvæði**

Aðildarríki þurfa ekki að beita 146. og 147. gr. að því er varðar handhafa breytanlegra skuldabréfa og annarra verðbréfa, sem breyta má í hlutabréf, hafi staða handhafa, ef til skiptingar kemur, verið ákvörðuð í útgáfuskilmálum á þeim tíma þegar ákvæðin, sem um getur í 1. eða 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 82/891/EBE, komu til framkvæmda.

III. BÁLKUR

### **LOKAÁKVÆÐI**

161. gr.

### **Persónuvernd**

Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við þessa tilskipun skal falla undir tilskipun 95/46/EB <sup>(1)</sup>.

162. gr.

### **Skýrsla, reglulegt samráð um samtengingakerfi skráa og endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. júní 2022, birta skýrslu varðandi starfsemi samtengingakerfis skráa, einkum með tilliti til tæknilegs reksturs og fjármálalegra þátta þess.
2. Þessari skýrslu skulu fylgja, ef við á, tillögur að breytingu á ákvæðum þessarar tilskipunar er varða samtengingakerfi skráa.
3. Framkvæmdastjórnin og fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega til að ræða mál sem falla undir þessa tilskipun og varða samtengingakerfi skráa á viðeigandi vettvangi.
4. Eigi síðar en 30. júní 2016 skal framkvæmdastjórnin yfirfara framkvæmd þeirra ákvæða sem varða skýrslugjöf og kröfur um upplýsingar þegar um er að ræða samruna og skiptingu og sem hefur verið breytt eða bætt við með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB <sup>(2)</sup>, einkum áhrif þeirra við að draga úr stjórnsýsluálagi á félög, í ljósi fenginnar reynslu við beitingu þeirra, og skal hún leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum, ef nauðsyn krefur, að frekari breytingum á þessum ákvæðum.

<sup>(1)</sup> Tilskipun 95/46/EB fellur úr gildi og í hennar stað kemur, og tekur gildi 25. maí 2018, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjttíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE, svo og á tilskipun 2005/56/EB, varðandi kröfur til skýrslna og skjala við samruna og skiptingu fyrirtækja (Stjttíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).

163. gr.

#### Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild um óákveðinn tíma til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 3. mgr. 25. gr.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 25. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

164. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

165. gr.

#### Samskipti

Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

166. gr.

#### Niðurfelling

Tilskipanir 89/666/EBE, 89/666/EBE, 2005/56/EB, 2009/101/EB, 2011/35/ESB og 2012/30/ESB, eins og þeim var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, eru felldar úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðar-töflunni í IV. viðauka.

167. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*168. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. júní 2017.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. DALLI

*forseti.*

\_\_\_\_\_

*I. VIÐAUKI***TEGUNDIR FÉLAGA SEM UM GETUR Í 2. GR. (1. OG 2. MGR.), 44. GR. (1. OG 2. MGR.), 45. GR. (2. MGR.), 87. GR. (1. OG 2. MGR.) OG 135. GR. (1. MGR.)**

- Belgía:  
la société anonyme / de naamloze vennootschap;
- Búlgaríá:  
акционерно дружество;
- Tékkland:  
akciová společnost;
- Danmörk:  
aktieselskabet;
- Þýskaland:  
die Aktiengesellschaft;
- Eistland:  
aktsiaselts;
- Írland:  
cuideachta phoiblí faoi theorainn scaireanna/public company limited by shares,  
  
cuideachta phoiblí faoi theorainn ráthaíochta agus a bhfuil scairchaipiteal aici/public company limited by guarantee and having a share capital;
- Grikkland:  
ανώνυμη εταιρεία;
- Spánn:  
sociedad anónima;
- Frakkland:  
la société anonyme;
- Króatía:  
dioničko društvo;
- Ítalía:  
la società per azioni;
- Kýpur:  
δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές,  
  
δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με εγγύηση που διαθέτουν μετοχικό κεφάλαιο;
- Lettland:  
akciju sabiedrība;
- Litháen:  
akcinė bendrovė;

- Lúxemborg:  
la société anonyme;
  - Ungverjaland:  
nyilvánosan működő részvénytársaság;
  - Malta:  
kumpanija pubblika ta' responsabbiltà limitata/public limited liability company;
  - Holland:  
de naamloze vennootschap;
  - Austurríki:  
die Aktiengesellschaft;
  - Pólland:  
spółka akcyjna;
  - Portúgal:  
la sociedade anónima;
  - Rúmenía:  
societate pe acțiuni;
  - Slóvenía:  
delniška družba;
  - Slóvakía:  
akciová spoločnosť;
  - Finnland:  
julkinen osakeyhtiö/publikt aktieföretag;
  - Svíþjóð:  
aktieföretag;
  - Bretland:  
the public company limited by shares,  
the public company limited by guarantee and having a share capital.
-

## II. VIÐAUKI

**TEGUNDIR FÉLAGA SEM UM GETUR Í 7. GR. (1. OG 13. MGR.), 29. GR. (1. MGR.), 36. GR. (1. MGR.) OG 67. GR. (1. MGR.)  
OG 119. GR. (a-LIÐUR 1. MGR.)**

- Belgía:  
naamloze vennootschap/société anonyme,  
commanditaire vennootschap op aandelen/société en commandite par actions,  
personenvennootschap met beperkte aansprakelijkheid/société de personnes à responsabilité limitée;
- Búlgaría:  
акционерно дружество, дружество с ограничена отговорност, командитно дружество с акции;
- Tékkland:  
společnost s ručením omezeným, akciová společnost;
- Danmörk:  
aktieselskab, kommanditaktieselskab, anpartsselskab;
- Þýskaland:  
die Aktiengesellschaft, die Kommanditgesellschaft auf Aktien, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;
- Eistland:  
aktsiaselts, osáihing;
- Írland:  
cuideachtaí atá corpraithe faoi dhliteanas teoranta/companies incorporated with limited liability;
- Grikkland:  
ανώνυμη εταιρεία, εταιρεία περιορισμένης ευθύνης, ετερόρρυθμη κατά μετοχές εταιρεία;
- Spánn:  
la sociedad anónima, la sociedad comanditaria por acciones, la sociedad de responsabilidad limitada;
- Frakkland:  
société anonyme, société en commandite par actions, société à responsabilité limitée, société par actions simplifiée;
- Króatía:  
dioničko društvo, društvo s ograničenom odgovornošću;
- Ítalía:  
società per azioni, società in accomandita per azioni, società a responsabilità limitata;
- Kýpur:  
δημόσιες εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση, ιδιωτικές εταιρείες περιορισμένης ευθύνης με μετοχές ή με εγγύηση;
- Lettland:  
akciju sabiedrība, sabiedrība ar ierobežotu atbildību, komanditsabiedrība;



- Litháen:  
akciné bendrové, uždaroji akciné bendrové;
  - Lúxemborg:  
société anonyme, société en commandite par actions, société à responsabilité limitée;
  - Ungverjaland:  
részvénytársaság, korlátolt felelősségű társaság;
  - Malta:  
kumpannija pubblika/public limited liability company,  
kumpannija privata/private limited liability company;
  - Holland:  
naamloze vennootschap, besloten vennootschap met beperkte aansprakelijkheid;
  - Austurríki:  
die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;
  - Pólland:  
spółka z ograniczoną odpowiedzialnością, spółka komandytowo-akcyjna, spółka akcyjna;
  - Portúgal:  
sociedade anónima de responsabilidade limitada, sociedade em comandita por ações, sociedade por quotas de responsabilidade limitada;
  - Rúmenía:  
societate pe acțiuni, societate cu răspundere limitată, societate în comandită pe acțiuni;
  - Slóvenía:  
delniška družba, družba z omejeno odgovornostjo, komaditna delniška družba;
  - Slóvakía:  
akciová spoločnosť, spoločnosť s ručením obmedzeným;
  - Finnland:  
yksityinen osakeyhtiö/privat aktiebolag,  
julkinen osakeyhtiö/publikt aktiebolag;
  - Svíþjóð:  
aktiebolag;
  - Bretland:  
companies incorporated with limited liability.
-

## III. VIÐAUKI

## A-HLUTI

## NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR MEÐ SKRÁ YFIR SÍÐARI BREYTINGAR Á ÞEIM

## (SEM UM GETUR Í 166. GR.)

Tilskipun ráðsins 82/891/EBE (Stjttíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 47).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB (Stjttíð. ESB L 300, 17.11.2007, bls. 47).	3. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB (Stjttíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).	3. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).	116. gr.
Tilskipun ráðsins 89/666/EBE (Stjttíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB (Stjttíð. ESB L 156, 16.6.2012, bls. 1).	1. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB (Stjttíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB (Stjttíð. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).	4. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB (Stjttíð. ESB L 156, 16.6.2012, bls. 1).	2. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).	120. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB (Stjttíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB (Stjttíð. ESB L 156, 16.6.2012, bls. 1).	3. gr.
Tilskipun ráðsins 2013/24/ESB (Stjttíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 365).	1. gr. og 1. liður í A-hluta viðaukans
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/35/ESB (Stjttíð. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1).	
Tilskipun ráðsins 2013/24/ESB (Stjttíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 365).	1. gr. og 3. liður í A-hluta viðaukans
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).	122. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB (Stjttíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74).	
Tilskipun ráðsins 2013/24/ESB (Stjttíð. ESB L 158, 10.6.2013, bls. 365).	1. gr. og 4. liður í A-hluta viðaukans
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).	123. gr.

## B-HLUTI

## FRESTUR TIL AÐ LEIÐA Í LANDSLÖG OG GILDISTÖKUDAGSETNINGAR

(SEM UM GETUR Í 166. GR.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Dagurinn þegar tilskipunin kemur til framkvæmda
82/891/EBE	1. janúar 1986	—
89/666/EBE	1. janúar 1992	1. janúar 1993 <sup>(1)</sup>
2005/56/EB	15. desember 2007	—
2007/63/EB	31. desember 2008	—
2009/109/EB	30. júlí 2011	—
2012/17/ESB	7. júlí 2014 <sup>(2)</sup>	—
2013/24/ESB	1. júlí 2013	—
2014/59/ESB	31. desember 2014	1. janúar 2015 <sup>(3)</sup>

<sup>(1)</sup> Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/666/EB skulu aðildarríki mæla svo fyrir að ákvæðin sem um getur í 1. mgr. skuli gilda frá 1. janúar 1993 og gilda, að því er tekur til bókhaldsgagna, í fyrsta sinn um ársreikninga fjárhagsársins sem hefst 1. janúar 1993 eða á árinu 1993.

<sup>(2)</sup> Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2012/17/ESB er þess krafist að aðilarríki samþykkti, birti og beiti, eigi síðar en 8. júní 2017, nauðsynlegum ákvæðum til að fara að:

— 3. og 4. mgr. 1. gr. og 5. gr. a tilskipunar 89/666/EBE,

— 13. gr. tilskipunar 2005/56/EB,

— 3. gr. (annarri undirgrein 1. mgr.), 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. d og 4. gr. a (3.–5. mgr.) tilskipunar/2009/101/EB.

<sup>(3)</sup> Samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 130. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er þess krafist að aðildarríki beiti þeim ákvæðum, sem eru samþykkt til að fara að 5. þætti IV. kafla IV. bóka tilskipunarinnar, eigi síðar en frá 1. janúar 2016.

## IV. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Pessi tilskipun
—	—	—	—	—	—	1. gr.
1. gr.						135. gr.
2. gr.						136. gr.
1. og 2. mgr. 3. gr.						1. og 2. mgr. 137. gr.
a-liður 3. mgr. 3. gr.						Fyrsta undirgrein 3. mgr. 137. gr.
b-liður 3. mgr. 3. gr.						Önnur undirgrein 3. mgr. 137. gr.
4. gr.						138. gr.
5. gr.						139. gr.
6. gr.						140. gr.
7. gr.						141. gr.
8. gr.						142. gr.
9. gr.						143. gr.
10. gr.						144. gr.
11. gr.						145. gr.
12. gr.						146. gr.
13. gr.						147. gr.
14. gr.						148. gr.
15. gr.						149. gr.
16. gr.						150. gr.
17. gr.						151. gr.
18. gr.						152. gr.
19. gr.						153. gr.
a- og b-liður 20. gr.						a- og b-liður 154. gr.
d-liður 20. gr.						c-liður 154. gr.
21. gr.						155. gr.

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. mgr. 22. gr.						1., 2. og 3. mgr. 156. gr.
5. mgr. 22. gr. 23. gr. 24. gr. 25. gr.						4. mgr. 156. gr. 157. gr. 158. gr. 159. gr.
1. mgr. 26. gr.						—
2. mgr. 26. gr.						1. mgr. 160. gr.
3. mgr. 26. gr.						—
4. mgr. 26. gr.						2. mgr. 160. gr.
5. mgr. 26. gr. 27. gr.						— —
	1. gr.					29. gr.
	2. gr.					30. gr.
	3. gr.					31. gr.
	4. gr.					32. gr.
	5. gr.					33. gr.
	—					1. mgr. 34. gr.
	1., 2. og 3. mgr. 5. gr. a					1., 2. og 3. mgr. 20. gr.
	4. mgr. 5. gr. a					1. mgr. 33. gr. 2. mgr. 34. gr.
	5. mgr. 5. gr. a					3. mgr. 34. gr.
	6. gr.					35. gr.
	7. gr.					36. gr.
	8. gr.					37. gr.
	9. gr.					38. gr.
	10. gr.					39. gr.
	11. gr.					—
	11. gr. a					161. gr.
	12. gr.					40. gr.
	13. gr.					41. gr.
	14. gr.					42. gr.

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Þessi tilskipun
	15. gr.					—
	16. gr.					—
	17. gr.					43. gr.
	18. gr.					—
		1. gr.				118. gr.
		2. gr.				119. gr.
		3. gr.				120. gr.
		4. gr.				121. gr.
		5. gr.				122. gr.
		6. gr.				123. gr.
		7. gr.				124. gr.
		8. gr.				125. gr.
		9. gr.				126. gr.
		10. gr.				127. gr.
		11. gr.				128. gr.
		12. gr.				129. gr.
		13. gr.				130. gr.
		14. gr.				131. gr.
		15. gr.				132. gr.
		16. gr.				133. gr.
		17. gr.				134. gr.
		17. gr. a				161. gr.
		18. gr.				—
		19. gr.				—
		20. gr.				—
		21. gr.				—
			1. gr.			II. viðauki
			2. gr.			14. gr.
			2. gr. a			15. gr.
			3. gr.			16. gr.
			3. gr. a			17. gr.
			3. gr. b			18. gr.

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Þessi tilskipun
			3. gr. c			19. gr.
			3. gr. d			20. gr.
			4. gr.			21. gr.
			4. gr. a			22. gr.
			4. gr. b			23. gr.
			Fyrsta og önnur málgrein 4. gr. c			Fyrsta og önnur málgrein 24. gr.
			Þriðja málgrein 4. gr. c			—
			4. gr. d			25. gr.
			4. gr. e			165. gr.
			5. gr.			26. gr.
			6. gr.			27. gr.
			7. gr.			28. gr.
			7. gr. a			161. gr.
			—			1. mgr. 7. gr.
			8. gr.			2. mgr. 7. gr.
			9. gr.			8. gr.
			10. gr.			9. gr.
			11. gr.			10. gr.
			12. gr.			11. gr.
			13. gr.			12. gr.
			13. gr. a			163. gr.
			14. gr.			—
			15. gr.			—
			16. gr.			—
			17. gr.			—
			18. gr.			—
			I. viðauki			—
			II. viðauki			—
				1. gr.		87. gr.
				2. gr.		88. gr.

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Þessi tilskipun
				3. gr.		89. gr.
				4. gr.		90. gr.
				5. gr.		91. gr.
				6. gr.		92. gr.
				7. gr.		93. gr.
				8. gr.		94. gr.
				9. gr.		95. gr.
				10. gr.		96. gr.
				11. gr.		97. gr.
				12. gr.		98. gr.
				13. gr.		99. gr.
				14. gr.		100. gr.
				15. gr.		101. gr.
				16. gr.		102. gr.
				17. gr.		103. gr.
				18. gr.		104. gr.
				19. gr.		105. gr.
				20. gr.		106. gr.
				21. gr.		107. gr.
				22. gr.		108. gr.
				23. gr.		109. gr.
				24. gr.		110. gr.
				25. gr.		111. gr.
				26. gr.		112. gr.
				27. gr.		113. gr.
				28. gr.		114. gr.
				29. gr.		115. gr.
				30. gr.		116. gr.
				31. gr.		117. gr.
				32. gr.		—
				33. gr.		—



Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Pessi tilskipun
				34. gr.		—
				I. viðauki		—
				II. viðauki		—
					1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 2. gr.
						1. mgr. 44. gr.
					2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 2. gr.
						2. mgr. 44. gr.
					2. gr.	3. gr.
					3. gr.	4. gr.
					4. gr.	5. gr.
					5. gr.	6. gr.
					—	43. gr.
					6. gr.	45. gr.
					7. gr.	46. gr.
					8. gr.	47. gr.
					9. gr.	48. gr.
					10. gr.	49. gr.
					11. gr.	50. gr.
					12. gr.	51. gr.
					13. gr.	52. gr.
					14. gr.	53. gr.
					15. gr.	54. gr.
					16. gr.	55. gr.
					17. gr.	56. gr.
					18. gr.	57. gr.
					19. gr.	58. gr.
					20. gr.	59. gr.
					21. gr.	60. gr.
					22. gr.	61. gr.
					23. gr.	62. gr.
					24. gr.	63. gr.
					25. gr.	64. gr.

Tilskipun 82/891/EBE	Tilskipun 89/666/EBE	Tilskipun 2005/56/EB	Tilskipun 2009/101/EB	Tilskipun ráðsins 2011/35/ESB	Tilskipun ráðsins 2012/30/ESB	Þessi tilskipun
					26. gr.	65. gr.
					27. gr.	66. gr.
					28. gr.	67. gr.
					29. gr.	68. gr.
					30. gr.	69. gr.
					31. gr.	70. gr.
					32. gr.	71. gr.
					33. gr.	72. gr.
					34. gr.	73. gr.
					35. gr.	74. gr.
					36. gr.	75. gr.
					37. gr.	76. gr.
					38. gr.	77. gr.
					39. gr.	78. gr.
					40. gr.	79. gr.
					41. gr.	80. gr.
					42. gr.	81. gr.
					43. gr.	82. gr.
					44. gr.	83. gr.
					45. gr.	84. gr.
					46. gr.	85. gr.
					1. mgr. 47. gr.	86. gr.
					2. mgr. 47. gr.	165. gr.
					48. gr.	—
					—	166. gr.
					49. gr.	167. gr.
					50. gr.	168. gr.
					I. viðauki	I. viðauki
					II. viðauki	—
					III. viðauki	—
					—	III. viðauki
					—	IV. viðauki